

KIRKJULISTAHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU
FESTIVAL OF SACRED ARTS
14. - 23. ágúst 2015 / August 14 - 23 2015

# ELDUR AF HIMNI
# FIRE FROM HEAVEN



## Efnisskrá / Contents


Ávarp listræns stjórnanda/*Foreword* . . . . . 3
Dagskráryfirlit/*Festival plan*. . . . . 4
Setningarathöfn/*Opening ceremony*. . . . . 6
Myndlistarsýning: Fimm krossfestingar, ský og marmari/*Art exhibition: Five Crucifixions, Clouds and Marble* . . . . . 6
Örþing: Salómon konungur/*King Solomon: A Microforum* . . . . . 8
Óratórían Salómon/*The Oratorio Solomon* . . . . . 8
Fyrri hátíðarmessa á Kirkjulistahátíð/*High Mass* . . . . . 22
Í heimsókn hjá Händel/*Handel at home* . . . . . 24
Hádegistónleikar með Schola cantorum/*Noon concert with Schola cantorum* . . . . . 30
Orgeltvenna með Olivier Latry/*Double concert with Olivier Latry*. . . . . 32
King's Men frá Cambridge/*King's Men of Cambridge*. . . . . 34
Sálmafoss á Menningarnótt/*Feast of Hymns* . . . . . 40
Síðari hátíðarmessa á Kirkjulistahátíð/*High Mass* . . . . . 50
Lokatónleikar með Schola Cantorum/*Final concert with Schola cantorum* . . . . . 50
Aðstandendur hátíðarinnar/*Organizers*. . . . . 54



## Ávarp listræns stjórnanda / Address from the artistic director

Kæru hátíðargestir!

Velkomin í Hallgrímskirkju á Kirkjulistahátíð, sem er sú 14. sem Listvinafélagið efnir til frá því að Hallgrímskirkja var vígð árið 1986. Undir yfirskriftinni „Eldur af himni“ er efnt til 10 daga kirkjulistaveislu. Með þeirri yfirskrift er vísað í efni óratóríunnar Salómon, sem hefst á vígslu eins íburðarmesta helgidóms sögunnar, þegar eldur kom af himni ofan að lokinni vígslubæn hins rómaða konungs. Hugmyndin um Kirkjulistahátíð kviknaði við vígslu helgidómsins á Skólavörðuholti. Hátíðinni var ætlað fylla helgidóminn nýja af kirkjulist í fjölbreyttum myndum. Ekki er víst að eldur hafi komið af himni við vígslu Hallgrímskirkju, en það kviknaði í glæðum hugmynda um hlutverk Hallgrímskirkju sem miðstöð trúarlegrar listsköpunar, að helgidómurinn íslenski skyldi fyllast af list með trú.
Stórvirki Händels um Salómon konung opnar dagskrána. Sérþjálfaðir barokkhljóðfæraleikarar, úrvals einsöngvarar og Mótettukór Hallgrímskirkju leggja saman krafta sína í hrífandi og dramatískri framsetningu barokktónskáldsins á sögum af einum rómaðasta konungi Ísraels, lofsöngvum og hyllingum, ástum og trúarlífi, hinum eina sanna „Salómonsdómi“ og heimsókn drottningarinnar af Saba. Tónleikagestir í Hallgrímskirkju fá að upplifa fyrsta flutning þessa mikla tónverks á Íslandi.
Á hverjum degi eru tónleikar með fjölbreyttu sniði, ung tónskáld stýra Klais-orgelinu með tölvum sínum, blokkflautuvirtúós býður heim til Händels, heimsfrægur organisti Notre Dame í París opnar töfraheima orgelsins, karlakór King's Chapel í Cambridge flytja „Evensong“ að enskum hætti og flytja endurreisnartónlist á tónleikum, Sálmafoss streymir á Menningarnótt með sálmum, kórsöng og orgelleik í öllum regnbogans litum og Schola cantorum frumflytur nýja messu eftir afmælisbarnið John A. Speight. Sunnudagsmessurnar verða sannkallaðar hátíðarmessur með miklum tónlistarflutningi. Í kór Hallgrímskirkju, kirkjuskipi og forkirkju taka á móti okkur litríkar myndir Helga Þorgils Friðjónssonar.
Enn á ný býður Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju upp á dagskrá með listviðburðum sem sprengja ramma þess venjulega. Enn á ný erum við kölluð í helgidóminn til næringar fyrir sálina.

Gleðilega Kirkjulistahátíð 2015.

*Dear festival guests!*

*Welcome to the Festival of Sacred Arts in Hallgrimskirkja, the 14. one the Hallgrimskirkja Friends of the Arts Society holds since the consecration of the church in 1986.*
*"Fire from Heaven" is the title of this year's 10-day festival, referring to the oratorio Solomon that opens with the story of the consecration of the most extravagant sanctuary in history, when fire came from heaven after the prayer of the praised king Solomon. The idea of the Festival of Sacred Arts presented itself at the consecration of this sanctuary, the festival supposedly filling the new church with sacred arts of all forms. There may have been no fire from heaven at the consecration of Hallgrimskirkja but an idea of it as a centre of religious artistic creativity was certainly kindled.*
*It is Handel's magnificent oratorio Solomon that opens the festival. Specialists in baroque instrument playing, fantastic soloists and the Hallgrimskirkja Motet Choir combine their powers in the baroque composer's captivating and dramatic presentation of the story about king Solomon, Israel's perhaps most renowned ruler. It sings his praise, tells of his love and religious life, of the famous Solomon´s Judgement and of a visit from the queen of Sheba. It is an Iceland premiere of this elegant piece.*
*Every day we have various concerts, young composers use computers to play the Klais-organ, a virtuoso recorder player invites us into Handel's home, a world famous organist from Notre Dame, Paris opens up the magical world of the organ, a male chamber choir from King's Chapel in Cambridge sings an English Evensong and some renaissance music, we have the Feast of Hymns on Reykjavik Cultural Night with a colourful spectum of hymns, choirs and organ playing and chamber choir Schola Cantorum of Hallgrimskirkja premieres a new Mass by composer John A. Speight. The Sunday Masses will be very festive and filled with music. Icelandic painter Helgi Thorgils Fridjonsson exhibits his work in the vestibule, choir and nave of Hallgrimskirkja.*
*As ever, the Festival of Sacred Arts offers a programme full of enormously exciting events. Let us once more enter the sanctuary and nourish our souls.*

*Happy Festival of Sacred Arts 2015.*

# Dagskráryfirlit
# KIRKJULISTAHÁTÍÐ 2015

## Föstudagur 14. ágúst kl. 12.15–13.45 og 17.00

### 12.15–13.45 ÖRÞING: SALÓMON KONUNGUR

Í tilefni af flutningi óratóríu Händels, Salómoni, á Kirkjulistahátíð verður haldið örþing um Salómon konung og speki hans í samvinnu við Hið íslenska Biblíufélag á 200 ára afmæli þess. Fluttir verða þrír örfyrirlestrar um ævi og áhrif Salómons konungs. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### 17.00 SETNING KIRKJULISTAHÁTÍÐAR 2015

Opnun myndlistarsýningar, tónlistarflutningur með Alþjóðlegu barokksveitinni frá Haag, Mótettukór Hallgrímskirkju, barokkdönsurum o. fl. Helgi Þorgils Friðjónsson, myndlistarmaður Kirkjulistahátíðar 2015 sýnir í kór kirkjunnar og forkirkjunni. Biskup Íslands talar. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

## Laugardagur 15. ágúst kl. 19.00

## Sunnudagur 16. ágúst kl. 16.00

### SALÓMON eftir G. F. Händel - Óratória í 3 þáttum

Hátíðartónleikar í Hallgrímskirkju

Flytjendur:
Robin Blaze kontratenór, Salómon konungur.
Þóra Einarsdóttir sópran, drottning Salómons og fyrsta kona.
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópran, drottningin af Saba og önnur kona.
Benedikt Kristjánsson tenór, Zadok æðstiprestur og sendiboði.
Oddur Arnþór Jónsson bassi, levíti.
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag.
Konsertmeistari: Tuomo Suni frá Finnlandi.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

## Sunnudagur 16. ágúst kl. 11.00

### HÁTÍÐARMESSA Á KIRKJULISTAHÁTÍÐ

Hörður Áskelsson stjórnar tónlistarflutningi, m. a. úr dagskrá Kirkjulistahátíðar. Schola cantorum, Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag og Oddur A. Jónsson barítón. Organisti Eyþór Franzson Wechner. Útvarpsmessa.

## Mánudagur 17. ágúst kl. 21.00

### KLAIS-ORGELIÐ Í NÝJUM VÍDDUM

Ungir raftónlistarmenn nýta sér nýjan tæknibúnað Klais-orgelsins og bjóða upp á tónlistarupplifun í hljóðheimi hins magnaða orgels Hallgrímskirkju með sínum 5273 pípum.

## Þriðjudagur 18. ágúst kl. 20.00

### BAROKKTÓNLEIKAR – „Í HEIMSÓKN HJÁ HÄNDEL“

Nordic affect ásamt Ian Wilson blokkflautuleikara frá London, Tuomo Suni fiðluleikara frá Helskinki og Þóru Einarsdóttur sópran, Benedikt Kristjánssyni tenór og Oddi A. Jónssyni barítón.

Flutt verður tónlist eftir G. F. Händel sem sýnir aðra hlið á tónsmíðum hans, sem mótvægi við hina glæsilegu óratóríu Salómon.

## Miðvikudagur 19. ágúst kl. 12.00–12.30

### HÁDEGISTÓNLEIKAR: HEYR HIMNA SMIÐUR

Schola cantorum syngur fallega íslenska og ítalska kórtónlist.

Stjórnandi Hörður Áskelsson.

## Fimmtudagur 20. ágúst kl. 20.00 og 22.00

### ORGELTVENNA MEÐ OLIVIER LATRY

20.00 Olivier Latry organisti Notre Dame-kirkjunnar í París leikur einleikstónleika.

22.00 Vorblót eftir Stravinsky. Olivier Latry leikur ásamt eiginkonu sinni, Shin-Young Lee, sérstaka umritun fyrir tvo orgelleikara.

## Föstudagur 21. ágúst kl. 17.00 og 20.00

### KING'S MEN FRÁ CAMBRIDGE

17.00 Evensong með King's Men frá King's College í Cambridge.

20.00 Tónleikar með King's Men.

Sönghópurinn King's Men syngur fjölbreytta efnisskrá undir stjórn hins heimsfræga stjórnanda þeirra, Stephen Cleobury kórstjóra við King's College í Cambridge.

## Laugardagur 22. ágúst kl. 15.00–21.00

### SÁLMAFOSS Á MENNINGARNÓTT

Samfelld tónleikadagskrá allan daginn, þar sem King's Men frá Cambridge, Schola cantorum, Mótettukór Hallgrímskirkju ásamt ýmsum íslenskum og erlendum kórum og hljóðfæraleikurum koma fram. Frumfluttir verða 5 nýir sálmar eftir 10 konur. Ókeypis aðgangur.

## Sunnudagur 23. ágúst kl. 11.00 og 17.00

### 11.00 HÁTÍÐARMESSA

Með King's Men og Stephen Cleobury. Organisti: Richard Gowers.

### 17.00 LOKATÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM:

### DEO DICAMUS GRATIAS

Meðal verka á efnisskránni er frumflutningur á nýju verki eftir John Speight, Missa semplice fyrir kór, sópraneinsöngvara og hörpu. Flytjendur eru kammerkórinn Schola cantorum, einsöngvarar úr kórnum og Elísabet Waage harpa. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

# Festival plan
# FESTIVAL OF SACRED ARTS 2015

### Friday August 14th 12.15-13.45 pm and 5 pm

#### 12.15 pm KING SOLOMON: A MICROFORUM

The microforum takes place in relation with the performance of Handel's oratorio Solomon at the Festival of Sacred Arts 2015, consisting of three microlectures in Icelandic. Free admittance and everyone is welcome to attend.

#### 5 pm OPENING OF THE FESTIVAL

Opening of a new exhibition of the Icelandic painter Helgi Thorgils Fridjonsson, Baroque group-dancing to music by Handel, The Hague International Baroque Orchestra and the Hallgrimskirkja Motet Choir, conductor Hordur Askelsson. Free admittance.

### Saturday August 15th 7 pm

### Sunday August 16th 4 pm

#### SOLOMON by G. F. Handel - Oratorio in three acts

Performers:
Robin Blaze countertenor, Solomon.
Thora Einarsdottir soprano, Solomon's queen and first woman.
Sigridur Osk Kristjansdottir mezzosoprano, Queen of Sheba and second woman.
Benedikt Kristjansson tenor, High priest Zadoc and messenger.
Oddur Arnthor Jonsson bass, Levite.
The Hallgrimskirkja Motet Choir.
The Hague International Baroque Orchestra, lead by Tuomo Suni, Finland.
Conductor: Hordur Askelsson

### Sunday August 16th  11 pm

#### HIGH MASS

With festival music: Schola Cantorum chamber choir, The Hague International Baroque Orchestra and baritone Oddur A. Jonsson. Conductor Hordur Askelsson. Organist Eythor Franzson Wechner.

### Monday August 17th 9 pm

## New Dimensions of the Klais-organ

### Tuesday August 18th 8 pm

#### BAROQUE CONCERT- "HANDEL AT HOME"

The celebrated Icelandic baroque group Nordic affect with Ian Wilson recordist from London and Tuomu Suni violinist from Finland and three Icelandic singers.

A program showing a more subtle side of the composer G.F. Handel, as opposed to the magnificence of the oratorio Solomon.

### Wednesday August 19th  12.00–12.30 noon

#### LUNCHTIME CONCERT: HEAR HEAVEN´S MAKER

Schola Cantorum chamber choir of Hallgrimskirkja sings delightful Icelandic and Italian music.

### Thursday August 20th 8 & 10 pm

#### DOUBLE CONCERT AT THE KLAIS ORGAN

8 pm The world famous Olivier Latry, organist at Notre Dame in Paris, plays a solo recital.

10 pm Olivier Latry plays a four-handed version of Stravinsky's Le Sacré de Printemps along with his wife Shin-Young Lee.

### Friday August 21st 5 pm and 8 pm

#### KING'S MEN CAMBRIDGE

5 pm Evensong with King's Men.

8 pm Concert with King's Men.

The King's Men sing a varied program, conducted by Stephen Cleobury, renowned conductor of King's College Choir, Cambridge.

### Saturday August 22nd 3–9 pm

#### REYKJAVÍK CULTURAL NIGHT - FEAST OF HYMNS

Various Icelandic and foreign choirs and soloists, electronic artists and more, including King's Men Cambridge, Schola Cantorum and the Hallgrimskirkja Motet Choir.

Amongst other a premiere of 5 new hymns by 10 Icelandic women composers and poets, celebrating the 100 years of women's voting rights in Iceland this year.

### Sunday August 23rd 11 am and 17 pm

#### 11 am HIGH MASS

The King´s Men sing, conductor Stephen Cleobury.

Organist: Richard Gowers.

#### 5 pm FINAL CONCERT: DEO DICAMUS GRATIAS

Chamber choir Schola Cantorum, conductor Hordur Askelsson.

Amongst other the premiere of Missa semplice for solo soprano, harp and mixed choir by John A. Speight.

## Setning Kirkjulistahátíðar
## Opening ceremony in Hallgrimskirkja

Föstudagur 14. ágúst kl. 17.00
Friday August 14th 5 pm

Dagskrá:

Georg Friedrich Händel: Symphony, „Koma drottningarinnar af Saba“ úr óratóríunni Salómon.

Ávarp: Inga Rós Ingólfsdóttir, framkvæmdastjóri Kirkjulistahátíðar 2015.

G. F. Händel: „Praise the Lord“, kór úr 3. þætti óratóríunnar Salómon.

Ávarp: Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir.

G. F. Händel: „Hornpipe“ í D-dúr úr Vatnatónlistinni. Félagar úr Mótettukórnum stíga barokkdans.

Opnun myndlistarsýningar Helga Þorgils Friðjónssonar, sr. Sigurður Árni Þórðarson opnar sýninguna.

Flytjendur tónlistar:

Mótettukór Hallgrímskirkju

Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag, konsertmeistari Tuomo Suni

Stjórnandi Hörður Áskelsson

*Programme:*

*Georg Friedrich Handel: Symphony “Arrival of the Queen of Sheba” from the oratorio Solomon.*

*Inga Ros Ingolfsdottir, managing director of the Festival of Sacred Arts 2015, addresses the congregation.*

*G.F. Handel: “Praise the Lord”, choir from the 3rd act of the oratorio Solomon.*

*The Bishop of Iceland, Agnes M. Sigurdardottir, addresses the congregation.*

*G.F. Handel: Hornpipe in D major from the Water Music. Members of the Hallgrimskirkja Motet Choir perform a baroque dance.*

*Opening of an arts exhibition by painter Helgi Thorgils Fridjonsson, Rev. Sigurdur Arni Thordarson opens the exhibition.*

***Musical performers:***

*The Hallgrimskirkja Motet Choir*

*The Den Haag International Baroque Orchestra led by Tuomo Suni*

Conductor: Hordur Askelsson



## Myndlistarmaður Kirkjulistahátíðar 2015
## Visual artist of the Festival of Sacred Arts 2015

Fimm krossfestingar, Ský og Marmari

Ég var að klára málverkið FIMM KROSSFESTINGAR, sem ég hafði verið að vinna að í tvö ár, þegar Ármann Reynisson vinjettuskáld kom í heimsókn til mín vegna bókarkápu sem ég var að gera fyrir bókina hans, 88 Stories Around Iceland. Málverkið, sem er 8 metrar að lengd, greip hann, og hann sagði eins og ósjálfrátt að það væri gaman að sjá þessa mynd í Hallgrímskirkju. Ég var ekki búinn að hugsa neinn stað fyrir myndina frekar en oft áður, en fannst hugmyndin góð og hafði samband við Hörð Áskelsson, sem leist strax vel á. Svo fór venjulegt ferli í gang.

Málverkið FIMM KROSSFESTINGAR er í myndröð sem byggir á verkum eldri meistara, með sjálfsmynd minni, sem er þó í raun mynd þeirrar persónu sem er að skoða myndina, og hugsuð þannig að hugmyndin um myndverkið fari frá áhorfandanum í gegnum málarann og þaðan í frásögnina. Bakgrunnurinn er jafntóna skýjafar og krossarnir mynda geometríska byggingu. Hvort það eigi að lesa verkið sem trúarlegt fer eiginlega eftir áhorfandanum, en öll hugræn átök eru í sjálfu sér trúarleg. Menn hugsa um þjáningu hins krossfesta, en fyrir trúaðan mann held ég að píslarvætti sé ekki bein þjáning, eins og við skiljum orðið, heldur einskonar upplifun og hreyfing á tíma. Málverkið hefur jafn miklar tilvísanir til módernismans og málverks tuttugustu aldarinnar eins og trúarsögunnar, en bræðingurinn er hugmynd um tilvist mannsins.

Orðið maður nota ég um karl og konu og menningu, eða kúltúr.

Ég málaði málverkið SKÝ fyrir 1000 ára kristnihátíðina á Þingvöllum árið 2000. Myndin var hengd upp á hamraveggin rétt við Öxarárfoss og varð úðinn frá fossinum hluti verksins sem tákn um hringrásarferli og í raun að síðan Jóhannes skírari vígði vatnið, er allt vatn vígt. Hugmyndina sótti ég í þá sömu hugmynd sem er grunnurinn að bláum himnamyndum í kirkjuhvolfi, sem tengja saman himinn og jörð. Ég vildi opna bergið með þeirri hugmynd, sem bæði tengir áhorfandann upp í himininn og við hugmyndina um heiminn, en líka inn í dulúðina, sem býr í tungumálinu um tilvistina, um dverga og álfa o. s. frv.

Verkið MARMARI er gert sérstaklega fyrir sýninguna, eins og flest verkanna. Myndirnar eru málverk á striga, sem sýna skúlptúr. Með innrömmunni í hurðirnar, er það sett í samhengi við víddir sem opnast og lokast. Marmarinn er fastur og þungur, en performans er eitthvað sem hefur framvindu. Hreyfiafl er í hugmyndinni um hurð, þó hún sé kyrrstæð, en sjálfur performansinn er í snúningi jarðar. Þannig tengist hann heiminum og hugmyndum okkar um heiminn.

Öll verkin á sýningunni eru á einhvern hátt tengd þessari hugleiðingu.

Helgi Þorgils Friðjónsson

## Five Crucifixions, Clouds and Marble

I was just about to finish the painting FIVE CRUCIFIXIONS, which I had been working on for two years, when the vignette writer Armann Reynisson came over to discuss a book cover that I was doing for his book 88 Stories Around Iceland. He was caught by the 8-metre-long painting and immediately said it would be great to see this painting in Hallgrimskirkja. I really hadn't thought much about where I would exhibit this piece -I rarely do- but I liked the idea and contacted Hordur Askelsson, the cantor of Hallgrimskirkja, who was right away pleased with the idea. Hence, my collaboration with Hallgrimskirkja Friends of the Arts Society took off.

The painting FIVE CRUCIFIXIONS is part of a series of pictures based on the work of the old masters, self-portraits that in reality reflect the person looking at the painting. The concept being that the work flows from the spectator through the painter and from there into the story itself. A monotonous, cloudy sky forms the background and the crosses form a geometric structure. Whether the work should be regarded as religious, is really up to the spectator, however all mental conflict is by nature religious. People ponder the suffering of the crucified but I do not believe that for a religious person passion stands for direct pain, but rather for a kind of experience and motion in time. The painting, like religion, is just as relevant to modern, 20th century painting as it is to history. Both are interwoven with the existence of man.

In this context I use the word man for both men, women and culture.

I painted CLOUDS for the 1000 Years of Christianity celebrations in Thingvellir in the year 2000. The painting was hung on the cliffs next to Oxararfoss waterfall and the idea was that the spray from the waterfall would become part of the work, symbolising the eternal circulation and that ever since St. John consecrated the water, all water is in fact holy. The inspiration for the work comes from the blue ceiling in the church which supposedly connects heaven and earth. I wanted to connect the spectators with the sky and to the hidden world of dwarves and elves etc.

The work MARBLE is made specifically for this exhibition, like most of the work. They are paintings on canvas, showing sculptures. The doors framing them symbolise dimensions that open and close. The marble is heavy and static, as opposed to the light movements of the doors. The idea of an opening and closing door, even if it is static, suggests the power of motion but the motion itself lies in the rotation of the Earth. That is how performance is connected our ideas of the world.

All works in the exhibition are in one way or another in connection with these contemplations.

Helgi Thorgils Fridjonsson



# Helgi Þorgils Friðjónsson

Helgi Þorgils Friðjónsson fæddist árið 1953 í Búðardal í Dalasýslu. Hann nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og var við framhaldsnám í De Vrije Academie í Den Haag í Hollandi og við Jan van Eyck Academie í Maastrict í Hollandi.
Helgi er afar virkur í sýningahaldi bæði innan lands og utan og hefur haldið sýningar víða í Evrópu og Bandaríkjunum frá árinu 1974, m.a. á XI Biennale de Paris í Frakklandi 1980, Thick Air, Fodor Museum í Amsterdam 1983, á XLIV Feneyjatvíæringnum 1990, Prospect ´93 í Frankfurt 1993 og Confronting Nature í Corcoan Gallery of Art í Washington D.C. árið 2002. Á þessu ári hefur Helgi þegar sýnt á Ítalíu og í Reykjavík og haldið einkasýningu í Þýskalandi.
Frá árinu 1980 hefur Helgi rekið lítið sýningarrými, Gallerí gang, í þeim tilgangi að fá nýja, erlenda listamenn til að sýna á Íslandi.

*Icelandic painter Helgi Thorgils Fridjonsson was born in Budardalur in 1953. He studied at the Icelandic Academy of Arts and Crafts and at De Vrije Academie, Den Haag and Jan van Eyck Academie, Maastrict in the Netherlands.*

*Since 1974 Helgi has been very active and regularly exhibits his work both in Iceland, Europe and the U.S.A. To name a few, he partook in the Biennale de Paris in France in 1980, Thick Air, Fodor Museum in Amsterdam 1983, exhibitied at the XLIV La Biennale di Venezia, Italy in 1990, Prospect ´93 in Frankfurt, Germany in 1993 and Confronting Nature at the Corcoan Gallery of Art in Washington D.C. in 2002. This year Helgi's work has so far been exhibitied in Italy, Germany and Iceland.*

*Since 1980 Helgi has run a small showroom, The corridor, in Reykjavík. His aim is to get new, foreign artists to exhibit their work in Iceland.*

## Örþing: Salómon konungur
## King Solomon: A microforum

Föstudaginn 14. ágúst kl. 12.15–13.45

Friday August 14th 12.15–1.45 pm

Hver var Salómon? Hvernig voru fjölskylda og uppeldisaðstæður þessa fræga konungs í Ísrael? Hvaða áhrif hafði hann á samfélag og helgihald þjóðar sinnar? Hver er áhrifasaga hans? Hvers eðlis var ljóðlist og spekihefð Hebrea? Óratoría Händels Salómon verður flutt á kirkjulistahátíð 2015 og er tilefni örþings um söguhetjuna.

Þrír örfyrirlestrar verða fluttir:

Dr. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor: Heilagur bústaður hins hæsta. Musteri Salómons í saltara.

Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur á Selfossi: Batseba, móðir Salómons í sögu og samtíð.

Sr. Hjörtur Pálsson, bókmenntafræðingur. „Eins og hindin þráir vatnslindir…“ Við lindir ljóðs og trúar í boði Salómons.

Stjórnendur eru prestar Hallgrímskirkju: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarson. Örþingið er haldið í samvinnu við Hið íslenska biblíufélag á 200 ára afmælisári þess og verður í Norðursal kirkjunnar.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

*The forum, consisting of three short lectures in Icelandic, takes place in connection to the performance of Handel's oratorio Solomon at the Festival of Sacred Arts 2015. Who was King Solomon? What was this famous king's childhood in Israel like? How did he influence his society and the worship of his people? What is the nature of Hebrew poetry and wisdom?*

*Leading the forum are the two parish priests of Hallgrimskirkja: Sr. Irma Sjofn Oskarsdottir and dr. Sigurdur Arni Thordarson.*

*Free admittance and everyone is welcome to attend.*

## Salómon eftir G.F. Händel
## Óratóría í þremur þáttum
## Solomon by G.F. Handel
## Oratorio in three acts

Laugardagur 15. ágúst kl. 19.00 og sunnudagur 16. ágúst kl. 16.00
Saturday August 15th 7pm and Sunday August 16th 4 pm

Eitt helsta hlutverk listamanna fyrr á öldum var að lofa valdhafa. Það voru gjarnan keisarar, konungar, furstar, prinsar, höfðingjar, biskupar og pótintátar aðrir sem héldu um sig hirð skálda, tónlistarmanna, myndhöggvara og málara á launum sem höfðu það hlutverk að skemmta hátigninni en líka hylla hana og mikla hlut hennar í samkeppninni við aðra valdamenn sem einnig höfðu á að skipa landsliðinu í listrænu konungslofi. Um þetta er þúsund og eitt dæmi úr sögunni. Og upp úr þessu spratt gjarnan mikil list sem við höfum enn mætur á og ánægju af, þrátt fyrir aðstæðurnar sem hún varð til við og þykja kannski ekki par góðar á vorn lýðræðislega mælikvarða.

Ekki sístur í listrænu konungslofi var Georg Friedrich Händel. Hann var fæddur í Saxlandi, en hélt rúmlega tvítugur í víking til Ítalíu þar sem hann drakk í sig allt sem hann heyrði og tileinkaði sér ítalskan tónsmíðastíl í stíl Corellis, Scarlattis eldri og Vivaldis; umfram allt léttan, fjörlegan og hátíðlegan. Og eftir nokkur mótunarár á Ítalíu villtist Händel til Lundúna tæplega þrítugur og átti þar heima til dauðadags. Á Englandi bar hann höfuð og herðar yfir önnur tónskáld og varð eftirlæti tónleikagesta fyrir dramatískar ítalskar óperur, ýmsa sviðsleiki á ensku, óratóríur um biblíuleg efni á ensku (allir þekkja Messías) og síðast en ekki síst alls konar stórkostlegt konungslof sem enn lifir góðu lífi. Vatnatónlistin, samin fyrir praktsiglingu Georgs I. á Thames 1717; Krýningarsöngvarnir, samdir fyrir krýningu Georgs II. 1727; Dettingen Te Deum, samið 1743 eftir breskan sigur á höfuðóvininum Frökkum; Konungleg flugeldamúsík, samin 1749 í fagnaðarskyni þegar Bretar töldu sig aftur hafa lækkað rostann í Frökkum í enn einu stríðinu — allt eru þetta verk sem unun er á að hlýða fyrir lífsgleðina, lofgjörðina og tignarlega viðhöfnina sem þar er að finna, burtséð frá tilefni. Því að eins og áður er að vikið, voru þessi verk hugsuð til að lofa breska heimsveldið, sem þarna var í fæðingu, sigra þess, mátt, megin og dýrð konungsins sem yfir öllu tróndi. Tónmál slíkrar lofgjörðar náði sannarlega nýjum hæðum í verkum Händels.

Óratórían Salómon, frumflutt árið 1749, er angi af þessum meiði bresks konungs- og heimsveldislofs 18. aldar, þótt svo eigi að heita að þar sé tekið á atburðum í Jerúsalem á járnöld. Í forgrunni er konungur sem Guð almáttugur hefur útvalið til að ríkja yfir Ísraelsmönnum, að vísu ekki án blóðugra mannvíga, eins og Salómon syngur um á einum stað í verkinu. Þessi konungur, Salómon, er allt að því fullkominn í visku sinni sem Guð hefur gefið honum. Salómon er gæskuríkur einvaldur sem mun vel fyrir sjá, í ríki hans drýpur smjör af hverju strái og þar ríkir hamingjan ein. Önnur ríki (Saba) beygja sig og bugta fyrir Salómoni, enginn óvinur nær tangarhaldi á Ísraelsmönnum því að armur Drottins gerir þá styrka. Það er ekki erfitt að sjá hvað Bretum 18. aldar fannst heillandi við þennan boðskap, um útvalda þjóð sem væri nánast ósigrandi í guðlegum mætti, þegar breski sjóherinn var að leggja undir sig heimshöfin og tekjur af nýlendum flóðu í stríðum straumum í hirslur ríkisins. Það er ekki tilviljun að Salómon varð til sama áratug og Thomas Augustine Arne tónsetti kvæðið „Rule, Britannia! Britannia rule the waves! Britons never will be slaves!“ Og þótt hugmyndir um guðlegt einveldi konungs hefðu beðið skipbrot í ensku borgarastyrjöldinni um miðja 17. öld, þá var konungur Englands og síðar Stóra-Bretlands enn dálítið hrifinn af þeirri hugmynd að hann ríkti „af Guðs náð“. Enn í dag, árið 2015, er konungur Bretlands sagður ríkja „af Guðs náð“ í opinberum plöggum og krýndur með þeim orðum. Það var því ekki óeðlilegt fyrir Breta um miðja 18. öld að vilja spegla sig í guðlegu einveldi Salómons.

Söguþráður óratóríunnar Salómons er tiltölulega einfaldur. Í verkinu er í þremur þáttum brugðið upp nokkrum leiftrandi svipmyndum úr frásögnum gamla testamentisins af Salómoni Davíðssyni, konungi Ísraels, með nokkrum molum úr verkum sagnaritarans Jósefusar. Í fyrsta þætti er nýbyggðu musteri Drottins í Jerúsalem lýst, sem Salómon lét reisa. Þar sjá levítaprestur, Sadók æðsti prestur og kór hofpresta um að hylla konung. Seinna atriði fyrsta þáttar snýr að ástum Salómons og drottningar hans, dóttur faraós Egyptalands. Annar þáttur tekur á einni



þekktustu sögu gamla testamentisins, er tvær konur báru barn fyrir Salómon og báðu hann að kveða upp úr um það hver væri sannarlega móðir þess. Salómonsdómurinn kvað á um að höggva skyldi það í tvennt, og þá hlaut móðirin sem fæddi barnið auðvitað að segja til sín. Þriðji þáttur greinir frá heimsókn drottningarinnar af Saba til Salómons. Konungdæmið Saba mun að líkindum hafa verið í Jemen til forna en Eþíópíumenn, rétt handan Rauðahafsins, gera einnig tilkall til þess. Drottning og Salómon rekja ríkidæmi sitt hvort fyrir öðru en drottningin af Saba viðurkennir fljótlega að enginn keppi við Salómon, hvorki um auðlegð né visku. Salómon sýnir henni mátt sinn og megin, gull og gimsteina, og heldur litla dramatíska leiksýningu þar sem hann málar út fyrir henni mátt tónlistarinnar, herstyrk sinn og loks sorg sem hlýst af ást í meinum. Drottning lofar þessa listrænu gáfu konungs og síðan á hún í ákaflega ástúðlegum orðaskiptum við Salómon þar sem þau keppast um að ausa hvort annað lofi.

Í óratóríunni úir og grúir af eftirminnilegri músík: Mikilúðlegur upphafskór prestanna, dreymandi næturgalakórinn í lok fyrsta þáttar, kraftmikill upphafskór annars þáttar, þokkafull innreið drottningarinnar af Saba í upphafi þriðja þáttar, dúettar Salómons og drottningar þar á eftir — allt eru þetta þekkt og vinsæl atriði, en ekki síðri eru hinar fjölmörgu aríur inni á milli sem sjaldan heyrast í útvarpi eða á tónleikum og sumir hlustendur gætu verið að uppgötva hér í fyrsta skipti. Áheyrendur taka eftir að kórinn er í tveimur hlutum á þessum tónleikum; það er vegna þess að Händel skrifaði óratóríuna fyrir tvo kóra sem syngja stundum í heilum átta röddum, allt til að auka á margbreytileikann og litadýrðina.

Og þá er kominn tími til að halda inn á lendur Ísraelsríkis Salómons konungs hins vísa, og heyra verk sem ber ekki lítinn svip af hugmyndum Breta 18. aldarinnar um sjálfa sig. Góða skemmtun.

Atli Freyr Steinþórsson

*In centuries past, one of the most important roles an artist could have was praising those in power. Emperors, kings, princes, bishops and other potentates were in the habit of employing poets, musicians, sculptors and painters at their courts who were paid to entertain their majesties, but also to sing their praises and aggrandize them in the face of fierce competition from rival dignitaries who also kept around them their best and brightest to do the same. Examples of this in the history of mankind are legion. These endeavours often produced great works of art which we still appreciate and enjoy, even though they were created under circumstances which we nowadays view as less than democratic or egalitarian.*

*Not least among artists praising kings and queens was one George Frideric Handel. Born in Saxony, he headed to Italy in his early twenties where he absorbed all the music he heard and developed an Italianate compositional style, much in the spirit of Corelli, Scarlatti the elder and Vivaldi; a style characterized by lightness, gusto and a festive touch. After his formative years in Italy, Handel ended up in London in his late twenties, the city which he called home for the rest of his life. In England he was considered as the preeminent composer of his day and held in the highest esteem by concert goers and music lovers, who delighted in his Italian operas, his odes and masques in English, his oratorios in*

*English on biblical subjects (everyone is familiar with Messiah) and last but not least in Handel's various works in praise of British kingship and successes in British national life, works very much enjoyed to this day. Handel's Water Music, composed in 1717 for King George I's pleasure trip up the Thames; his Coronation Anthems, written for the coronation of King George II in 1727; the Dettingen Te Deum, commissioned in 1743 to celebrate a British victory over France, Britain's archenemy; Handel's Music for the Royal Fireworks, completed in 1749 when the British once again thought they had brought low the French with yet another military victory—all of these works are a sheer joy to experience because of their vivacity, rapturous praise and majestic pomp. At the same time, though, we are well aware of how they came to be; they were conceived so that they might extol the virtues and glory of a nascent British Empire, its victories and military might, and the king who presided over it. The musical language of such praise certainly reached a new height with Handel.*

*The oratorio Solomon, first performed in 1749, forms part of Handel's praise of royalty and empire, even though we supposedly find ourselves in Iron Age Jerusalem, not in 18th-century Britain. A king stands in the foreground, whom God almighty has chosen to rule over Israel, although not without bloodshed, as Solomon recounts himself at one point in the oratorio. This king, Solomon, is all but perfect in wisdom which God has bestowed upon him. Solomon is a benevolent absolute monarch who supplies all the need of his flock in a land of plenty and unending bliss. Other kingdoms (Sheba) bow to Solomon, and no enemy will ever subdue the Israelites, for the arm of the Lord strengthens them. It is not difficult to see why such stuff appealed to 18th-century Britons—tales of a chosen people, made nigh invincible by divine powers—against the backdrop of the British navy conquering the seven seas and the national exchequer bursting at the seams with colonial revenue. It is no coincidence that Solomon saw the light of day in the same decade as Thomas Augustine Arne set to music the words "Rule, Britannia! Britannia rule the waves! Britons never will be slaves!" And even though the principle of absolute monarchy by divine right was all but crushed in the English Civil War in the mid-17th century, the King of England and later of Great Britain was rather fond of the notion that he ruled "by the Grace of God". Even today, in the year 2015, the British monarch is still said to rule "by the Grace of God" in constitutional documents and crowned in that right. It wasn't wholly unnatural for 18th-century Britons, therefore, to see something of their own reflection in King Solomon's divinely ordained kingship.*

*Events in Solomon unfold rather straightforwardly. In its three acts we are treated to scintillating snapshots from the life of Solomon, King of Israel, son of King David, as it is portrayed in the Old Testament, with a few snippets taken from ancient historian Josephus. In Act I, we witness the newly built Temple in Jerusalem, commissioned by Solomon himself. A Levite priest, Zadok the High Priest and a choir of priests sing Solomon's praises. An amorous exchange between Solomon and his Queen, the daughter of Egypt's Pharaoh, is the subject of Act I's second scene. Act II deals with the Judgment of Solomon, one of the Old Testament's most famous tales. Two women bring a newborn before King Solomon and demand that he decide who is the baby's true mother. He decrees that the child should be split in two, upon which its true mother reveals her identity by begging him to spare the child. Act III depicts the Queen of Sheba when she pays King Solomon a visit. In all likelihood, the kingdom of Sheba was found in present-day Yemen, although the Ethiopians, just across the Red Sea, claim it as well. The Queen of Sheba and Solomon recount their riches to one another, with the Queen soon admitting that nobody can equal Solomon's wealth or wisdom. Solomon shows her his might, his gold and his gems, and finally dazzles her with a little theatrical display where he illustrates the power of music, his military strength and, in conclusion, the sorrow of hopeless love. The Queen is taken with the king's artistic prowess and engages with him in a very romantic duet where they lavish each other with tender compliments.*

*Solomon has an abundance of memorable music: The grand opening chorus of the priests, the gentle and dreamlike Nightingale Chorus at the end of Act I, the powerful opening chorus of Act II, the graceful Arrival of the Queen of Sheba which opens Act III, the duets between King Solomon and the Queen of Sheba which follow—all of these are well-known and popular pieces, but equally beautiful are the many arias in between, which are rarely heard on radio or in concert and some audience members might be hearing for the first time. You will notice that the choir singing here today is divided in two; that is because Handel wrote the oratorio for two choirs, sometimes singing in an eight-voice setting, all to produce more variety and diversity of colour.*

*It is time to enter the Israel of King Solomon the Wise and hear a work which in turn also reveals a little something of the way 18th-century Britons saw themselves. Enjoy the concert!*

*Atli Freyr Steinthorsson*

Það er mikill fengur fyrir Kirkjulistahátíð að fá kontratenórinn Robin Blaze til samstarfs við sig en þetta er í þriðja sinn sem hátíðin á því láni að fagna. Robin Blaze hóf söngferil sinn sem kórdrengur í Magdalen College í Oxford, og á fyrstu upptökum sem gerðar voru með honum, söng hann drengjasópran. Hann útskrifaðist síðan með tónlistargráðu frá sama skóla og lærði á flautu, píanó og orgel auk söngsins. Hann hlaut styrk til framhaldsnáms við Royal College of Music og tók að því námi loknu strax við prófessorsstöðu í söng við sama skóla.

Hann hefur haslað sér völl meðal fremstu túlkenda verka Purcells, Bachs og Händels og hefur komið fram á tónleikum vítt og breitt um heimsbyggðina sem flytjandi þeirra; um alla Evrópu, Suður- og Norður-Ameríku, Japan og Ástralíu. Hann hefur sungið fjöldamörg hlutverk í óperum frá endurreisnar- og barokktímanum, sérstaklega eftir Monteverdi og Händel; en einnig í 20. og 21. aldar óperum eins og t.d. Midsummer' Night Dream eða Draumi á Jónsmessunótt eftir Benjamin Britten og A Shining Piece eftir Geriant Lewis. Hann hefur einnig sungið aðra tónlist eftir samtímatónskáld, til dæmis hefur hann sungið fjölda verka eftir enska tónskáldið Thomas Adés.

Blaze hefur sungið á ótal tónlistarhátíðum, í Ambronay, Barossa Valley, Beune, í Boston og Edinborg, Halle, Innsbruck, Leipzig, Luzerne, Saintes, Utrecht, í Jerúsalem og á Íslandi og er þá ekki allt upp talið.

Robin Blaze hefur starfað með mörgum þekktum og dáðum stjórnendum á sviði endurreisnar- og barokktónlistar. Má þar nefna Harry Christophers, Emmanuelle Haïm, Philippe Herreweghe, Christopher Hogwood, Ton Koopman, Paul Goodwin, Gustav Leonhardt, Robert King, Nicholas Kraemer, Sir Charles Mackerras, Trevor Pinnock og Sir John Eliot Gardiner. Vinna hans með Masaaki Suzuki og Bach Collegium Japan, sem bæði hefur verið í formi tónleika og útgáfu hljómdiska, hefur fengið mikið lof gagnrýnenda; t.d. hafa ganrýnendur Gramophone hrósað í hástert útgáfum Suzuki á H-moll messu Bachs og þeim þremur kantötum hans sem innihalda kontratenórhlutverk.

Blaze hefur einnig gefið út hjá öllum helstu útgáfufyrirtækjum heims sem sérhæfa sig í upprunaflutningi, eins og BIS, Hyperion, EMI, DG Archiv og Harmonia Mundi.




Hér á landi hefur hann þrívegis áður sungið með kórum Hallgrímskirkju á Kirkjulistahátíð: Árið 2005 söng hann burðarhlutverk í Mattheusarpassíu Johanns Sebastians Bachs ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju og Alþjóðlegu barokksveitinni í Haag, en það var í fyrsta sinn sem hún var flutt á upprunahljóðfæri hér á landi. Árið 2007 söng hann í H-moll messu Bachs, einnig ásamt Móttettukórnum og Alþjóðlegu barokksveitinni í Haag og tók þátt í frumflutningi hérlendis á óratóríunni Ísrael í Egyptalandi eftir Georg Friderich Händel, ásamt Schola cantorum og sömu hljómsveit, allt undir stórn Harðar Áskelssonar. Robin Blaze kom einnig fram á Sumartónleikum í Skálholti árið 1999, ásamt bresku barokksveitinni Concordia.

*Robin Blaze is now established in the front rank of interpreters of Purcell, Bach and Handel, and his career has taken him to concert halls and festivals in Europe, North and South America, Japan and Australia. His opera engagements have included Athamas in Semele at Covent Garden; Didymus in Theodora for Glyndebourne Festival Opera; Arsamenes in Xerxes, Oberon in A Midsummer Night's Dream and Hamor in Jephtha for English National Opera; and Bertarido in Rodelinda at the Göttingen Handel Festival.*

*He works with many distinguished conductors in the early music field: Harry Christophers, Emmanuelle Haïm, Philippe Herreweghe, Christopher Hogwood, Ton Koopman, Paul Goodwin, Gustav Leonhardt, Robert King, Nicholas Kraemer, Sir Charles Mackerras, Trevor Pinnock and Sir John Eliot Gardiner. His work with Masaaki Suzuki and the Bach Collegium Japan has been particularly praised by critics: the two latest CD releases, Bach's B Minor Mass and the three solo countertenor cantatas, have been described as "heart-stopping" in Gramophone.*

## Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag
## The Hague International Baroque Orchestra

**1.fiðla/1st violin**
Tuomo Suni Finnland/Finland
Joanna Huszcza Pólland/Poland
Sara DeCorso Bandaríkin/USA
Kathleen Kajioka Kanada/Canada

**2. fiðla/2nd violin**
Marika Holmqvist Finnland/Finland
Antina Hugosson Svíþjóð /Sweden
Dorothee Mühleisen Þýskaland /Germany
Halla Steinunn Stefánsdóttir Ísland/Iceland

**1. lágfiðla/1st viola**
Guðrún Hrund Harðardóttir Ísland/Iceland
Claire Fahy Írland/Ireland

**2. lágfiðla/2nd viola**
Frouke Mooij Holland/Netherlands
Svava Bernharðsdóttir Ísland/Iceland

**Selló/Cello**
Hanna Loftsdóttir Ísland/Iceland
Nina Hitz Sviss/Switzerland

**Kontrabassi/Double bass**
Christian Staude Þýskaland /Germany

**Óbó/Oboe**
Diego Nadra Argentína/Argentinien
Gilberto Caserio Brasilía/Brazil

**Fagott/Bassoon**
Benny Aghassi Ísrael-Holland/Israel -The Netherlands
Tomasz Wesołowski Pólland/Poland

**Flauta/Flute**
Martial Nardeau Ísland/Iceland (Frakkland/France)
Guðrún Sigríður Birgisdóttir Ísland/Iceland

**Trompet/Trumpet**
Geerten Rooze Holland/Netherlands
David Kjar Bandaríkin/USA

**Horn/Horn**
Olivier Picon Frakkland/France
Ella Vala Ármannsdóttir Ísland/Iceland

**Pákur/Timpani**
Frank Aarnink Ísland/Iceland (Holland /Netherlands)

**Þeorba/Theorbo**
Thomas Dunford Frakkland-Bandaríkin/France-USA

**Semball og orgel/Harpsichord and Organ**
Haru Kitamika Japan



# Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag
# The Hague International Baroque Orchestra

Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag er skipuð úrvals hljóðfæraleikurum víðs vegar að úr heiminum, en meðlimir sveitarinnar eiga það flestir sameiginlegt að hafa numið við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag sem er leiðandi í kennslu á barokkhljóðfæri. Þar hafa þeir unnið með færustu leiðbeinendum á sviði barokkflutnings, svo sem Ton Koopman, Jaques Ogg, Ryo Terakado, Enrico Gatti, Elizabeth Wallfisch, Jaap ter Linden og Kuijken bræðrum. Að námi loknu hafa meðlimir Alþjóðlegu barokksveitarinnar haslað sér völl sem eftirsóttir hljóðfæraleikarar og leika nú reglulega með mörgum af helstu upprunasveitum heims undir stjórn nafntogaðra stjórnenda. Má þar nefna hljómsveitir á borð við Ricercar Consort, Les Arts Florissants, Amsterdam Baroque Orchestra, Bach Collegium Japan, Concerto Copenhagen, Orchestra of the Age of Enlightenment, Gabrieli Consort & Players, Collegium Vocale Gent, Capriccio Stravagante og Orcherstre des Champs-Élysées og stjórnendur á borð við Philippe Pierlot, William Christie, Masaaki Suzuki, Skip Sempé og Philippe Herreweghe.

Meðlimir Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Den Haag hafa verið tíðir gestir á Íslandi frá því að þeir komu fyrst til að taka þátt í flutningi Jólaóratóríu Bachs í Hallgrímskirkju árið 2004, en síðast var sveitin fullskipuð hér 2011 þegar hún tók þátt í flutningi á Jóhannesarpassíu Bachs ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju á þrennum tónleikum í Hallgrímskirkju og í Hofi á Akureyri og 2012 þegar sveitin flutti Jólaóratóríu J. S. Bachs í Hörpu á 30 ára afmæli Mótettukórsins undir stjórn Harðar Áskelssonar.

Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag hefur jafnan hlotið ríkulegt lof gagnrýnenda og áheyrenda fyrir leik sinn.

*The Hague International Baroque Orchestra is comprised of some of the finest musicians around the world, most of whom have studied at the Royal Conservatory of The Hague, one of the leading academies in baroque performance, where they studied with some of the most capable professors in baroque performance, such as Ton Koopman, Jacques Ogg, Ryo Terakado, Enrico Gatti, Elizabeth Wallfisch, Jaap ter Linden and the Kuijken brothers. Since their graduation, members of The Hague International Baroque Orchestra have established themselves as highly sought after musicians in Europe, now performing regularly with some of the world's leading ensembles and orchestras that specialize in historically informed performances under the baton of acclaimed directors. These include the Ricercar Consort, Les Arts Florissants, Amsterdam Baroque Orchestra, Bach Collegium Japan, Concerto Copenhagen, Orchestra of the Age of Enlightenment, Gabrieli Consort & Players, Collegium Vocale Gent, Capriccio Stravagante and Orchestre des Champs-Elysées, and directors such as Philippe Pierlot, William Christie, Masaaki Suzuki, Skip Sempé and Philippe Herreweghe.*

*Members of The Hague International Baroque Orchestra have frequently visited Iceland since performing Bach's Christmas Oratorio in Hallgrimskirkja in 2004. The orchestra last visited in 2011 and 2012, performing Bach's St John Passion with The Hallgrimskirkja Motet Choir at three concerts in Hallgrimskirkja and at the Hof Cultural Center in Akureyri with conductor Hordur Askelsson  with the great support of the German Ambassador in Iceland and playing in Harpa Concert Hall together with the The Hallgrimskirkja Motet Choir on their 30th anniversary, with Hordur Askelsson  Music Director of Hallgrimskirkja, performing J.S. Bach the Christmas Oratorio in 4 concerts.*

*The Hague International Baroque Orchestra has consistently received wide critical acclaim for its performances.*

Mótettukór Hallgrímskirkju var stofnaður 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra Íslands. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur. Þar má finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir og sungið í helstu dómkirkjum Evrópu, auk þess sem hann hefur tekið þátt í tónlistarhátíðum á borð við Listahátíðina í Bergen, Norrænu kirkjutónlistarhátíðina í Gautaborg og Wiener Festwochen. Kórinn vann til verðlauna í Alþjóðlegu kórakeppninni í Cork á Írlandi og í September 2014 vann kórinn til þrennra gullverðlauna á Alþjóðlegri Kórakeppninni Cançó Mediterrània á Spáni þar sem kórinn vann einnig Grand Prix verðlaun sem besti kór keppninnar.

Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt á síðustu árum má nefna Matteusarpassíu, Jóhannesarpassíu, Jólaóratóríu og H-moll messu J.S. Bachs, sálumessur eftir Mozart, Duruflé og Fauré, óratóríurnar Elía og Paulus eftir Mendelssohn, Vesper eftir Rachmaninoff, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og Þýska sálumessu eftir Johannes Brahms. Kórinn kemur auk þess reglulega fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, en í mars 2012 flutti hann ásamt sveitinni Messu í c- moll eftir Mozart og í júní sama ár 9. sinfóníu Beethovens en fyrir þann flutning var kórinn tilnefndur sem flytjandi ársins í flokki klassískrar tónlistar á Íslensku tónlistarverðlaununum 2012. Þetta þrítugasta afmælisár kórsins var mikið hátíðarár því auk alls framangreinds söng kórinn Jólaóratóríu J.S. Bachs í Eldborg milli jóla og nýárs ásamt einsöngvurum og Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag.

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur sungið inn á marga geisladiska og hefur fengið mikið lof erlendra gagnrýnenda fyrir diska með Sálumessu Maurice Duruflé og Passíu eftir Hafliða Hallgrímsson. Þá hafa komið út geisladiskar hjá sænska útgáfufyrirtækinu BIS þar sem kórinn syngur verk Jóns Leifs með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Einnig hafa jólageisladiskar Mótettukórsins notið mikilla vinsælda enda eru árlegir jólatónleikar kórsins ómissandi þáttur í tónlistarlífi Reykjavíkur á aðventunni.

Meðal nýlegs frumflutnings kórsins á íslenskum verkum má nefna óratóríuna Cecilíu eftir Áskel Másson og Thor Vilhjálmsson árið 2009, sem var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2010 sem tónverk ársins, og Fléttu eftir Hauk Tómasson, sem var frumflutt á Listahátíð í Reykjavík 2011 og kom út í lok síðasta árs bæði á mynd- og geisladiski. Þá má nefna að kórinn flutti Passíu Hafliða Hallgrímssonar fyrr á þessu ári í Hallgrímskirkju ásamt hljómsveit og hlaut lof gagnrýnenda fyrir.

*The Hallgrimskirkja Motet Choir, founded in 1982, has long been one of the leading choirs in Iceland. Its large and diverse repertoire includes a number of oratorios, passions and requiems, as well as a cappella sacred music from various periods. The choir has also premiered many Icelandic compositions.*

*The choir has toured widely and performed in some of Europe's most prominent cathedrals and at various festivals. The choir sang at the Nordic Church Music Symposiums in Oslo 1986, Gothenburg 1996 and Reykjavik 2012. In 1996 it won a prize at the International Choral Competition in Cork, Ireland, and in 2014 it won three gold medals and the Grand Prix of the International Choir Competition and Festival Cançó Mediterrània.*

*The choir has toured widely and performed in some of Europe's most prominent cathedrals and at various festivals. The choir sang at the Nordic Church Music Symposiums in Oslo 1986, Gothenburg 1996 and Reykjavik 2012. In 1996 it won a prize at the International Choral Competition in Cork, Ireland, and in 2014 it won three gold medals and the Grand Prix of the International Choir Competition and Festival Cançó Mediterrània.*

*Among major works recently performed by the Hallgrimskirkja Motet Choir are J.S. Bach's passions, the Christmas Oratorio and Mass in B minor, the requiems by Mozart, Duruflé and Fauré, the oratorios Elijah and Paulus by Mendelssohn, Vesper by Rachmaninoff, Mass for Double Choir by Frank Martin, A German Requiem by Johannes Brahms and Messe Solennelle by Louis Vierne. The choir also regularly performs with the Iceland Symphony Orchestra and was recently nominated as Performer of the Year in the category of Classical and Contemporary Music at the 2012 Icelandic Music Awards. 2012 was also the 30th anniversary year for the Motet Choir, the festive celebrations including performances of Mozart's C Minor Mass and Requiem, Beethoven´s 9th Symphony and J.S. Bach's Christmas Oratorio accompanied by The Hague International Baroque Orchestra.*

*Having released a number of CDs, the choir has earned international acclaim for its recordings of Duruflé's Requiem and Icelandic composer Haflidi Hallgrimsson's Passion. The Motet Choir's Christmas CDs are very popular in Iceland and the choir's Christmas Concerts are an important part of advent music life in Reykjavik.*

*Recent premieres of Icelandic music include St. Cecilia, an oratorio by Askell Masson and writer Thor Vilhjalmsson, which was nominated for Composition of the Year at the 2010 Icelandic Music Awards, and Haukur Tomasson´s Fletta, premiered during the 2011 Reykjavik Arts Festival, released on CD and DVD in 2013.*

# Mótettukór Hallgrímskirkju/The Hallgrimskirkja Motet Choir





# Mótettukór Hallgrímskirkju
# The Hallgrimskirkja Motet Choir

**Sópran**
Alexandra Kjeld
Anna Samúelsdóttir
Auður Perla Svansdóttir
Ása Bryndís Guðmundsdóttir
Ása Valgerður Sigurðardóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Elva Dögg Melsteð
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halldóra Viðarsdóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Rut Guðmundsdóttir
Sara Elísabet Svansdóttir
Sarka Wohlmuthová
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir

**Alt**
Björg Sigurðardóttir
Carina Kramer
Guðrún Finnbjarnardóttir
Hildur Guðný Ásgeirsdóttir
Hrafnhildur Þórólfsdóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Sigríður Ásta Árnadóttir
Sigurlaug Vilbergsdóttir
Valgerður Ólafsdóttir

**Tenór**
Andrés Narfi Andrésson
Guðmundur Arnlaugsson
Hafsteinn Már Einarsson
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson
Halldór Hauksson
Hjalti Þór Þórsson
Hjálmar Benónýsson
Ingvar Jón Bates Gíslason
Stefán Ólafsson
Sigurjón Jóhannsson
Víkingur Viðarsson
Þórhallur Helgason
Þórhallur Vilhjálmsson

**Bassi**
Atli Freyr Steinþórsson
Benedikt Ingólfsson
Egill Pétursson
Einar Örn Einarsson
Gísli Gunnar Didriksen Guðmundsson
Gunnar Örn Gunnarsson
Gunnlaugur Bjarnason
Jón H. Geirfinnsson
Marcin Jan Cieslinski
Martin Kollmar
Ólafur Torfi Ásgeirsson
Snorri Sigurðsson
Steinþór Janosarson
Sverrir Jónsson



# Hörður Áskelsson

Hörður Áskelsson fæddist á Akureyri árið 1953. Hann stundaði tónlistarnám á Akureyri og í Reykjavík en fluttist síðan til Düsseldorf í Þýskalandi árið 1976 til þess að nema við Robert Schumann Hochschule. Þaðan útskrifaðist hann svo með láði 1981.

Eftir útskrift starfaði Hörður sem organisti við Neanderkirkjuna í Düsseldorf um árs tíma en fluttist síðan til Reykjavíkur og hefur upp frá því verið organisti og kórstjóri við Hallgrímskirkju. Strax árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og var einn af stofnendum Listvinafélags Hallgrímskirkju, en kórinn og Listvinafélagið eru hornsteinar listastarfsins í kirkjunni. Árið 1987 ýtti Hörður Kirkjulistahátíð úr vör, en sú hátíð hefur upp frá því verið haldin annað hvert ár að jafnaði. 1993 hóf Alþjóðlega orgelsumarið göngu sína í Hallgrímskirkju fyrir hans tilstilli og 1996 stofnaði hann kammerkórinn Schola Cantorum, sem er í dag einn virtasti kór landsins.

Hörður hefur notið velgengni í störfum sínum og hlotið margvíslegar viðurkenningar. Hann hefur ásamt kórum sínum tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum og keppnum á alþjóðlegum vettvangi, meðal annars unnið til verðlauna í Cork á Írlandi árið 1996, Noyon í Frakklandi 1998, á Ítalíu árið 2002 og nú nýlega, 2014, á Festival Cancó Mediterrànea. Hann hefur stjórnað fjölda óratóría, oft með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumflutt nýjar, íslenskar tónsmíðar. Hefur flutningur hans oftsinnis verið tekinn upp fyrir sjónvarp og útvarp og verið gefinn út á geislaplötum. Upptaka á Passíu Hafliða Hallgrímssonar, sem gefin var út af hinu virta útgáfufyrirtæki Ondine, hlaut framúrskarandi umfjöllun í BBC Music Magazine, Gramophone, International Record Review og fleiri miðlum.

Hörður hefur jafnframt kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og árin 1985–95 kenndi hann litúrgísk fræðu við guðfræðideild Háskóla Íslands. Árið 2000 var hann tónlistarstjóri hátíðarhalda í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi og árið 2002 fékk hann bæði Íslensku tónlistarverðlaunin og Menningarverðlaun DV fyrir störf sín á á árinu 2001. Hörður var útnefndur Borgarlistamaður Reykjavíkur 2002 og hlaut Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 2004. Milli 2005 og 2011 gegndi Hörður starfi söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar.

*Hordur Askelsson was born in Akureyri in the North of Iceland in 1953. He studied music in Akureyri and Reykjavik, before moving to Dusseldorf, Germany, in 1976 to study at the Robert Schumann Hochschule. He graduated as organist and cantor in 1981 summa cum laude.*

*After a year as organist in the Neanderkirche in Dusseldorf Askelsson moved to Reykjavik, where he has been organist and cantor of Hallgrimskirkja since 1982. In the same year he founded the Hallgrimskirkja Motet Choir and instigated the founding of the Friends of the Arts Society of Hallgrimskirkja; choir and Friends are twin cornerstones of the artistic activities in the church. In 1987 he established the Festival of Sacred Arts, since then a biannual event on the cultural scene in Iceland. In 1993 he founded the International Organ Summer concert series. In 1996 Askelsson founded the chamber choir Schola cantorum, which has already become one of Iceland's most respected choirs.*

*Hordur Askelsson has received much recognition, and with his choirs he has participated in various music festivals and international competitions, winning prizes in Cork, Ireland 1996, Noyon, France 1998, Gorizia, Italy 2002 and Festival Cancó Mediterrànea, Spain 2014. He has conducted many oratorios, often with the Iceland Symphony Orchestra, and premiered a number of Icelandic compositions. His performances have been recorded for radio and television and issued on numerous CDs. A recording of the oratorio Passia by Haflidi Hallgrimsson conducted by Askelsson and released by the internationally renowned record company Ondine has received outstanding reviews in BBC Music Magazine, Gramophone, International Record Review and other media.*

*Hordur Askelsson has also been a teacher of the organ and choir conducting at the Iceland National Church's Music School and in 1985–95 he was a lecturer on liturgy at the University of Iceland Faculty of Theology. In the year 2000 Askelsson was musical director of the events held to celebrate the Millennium of Christianity in Iceland. In 2002 he received both the Icelandic Music Award and the Culture Prize of the newspaper DV for his outstanding activities in the year 2001. He was appointed Municipal Artist of Reykjavík in 2002 and received the Knight's Cross of the Icelandic Order of the Falcon in 2004. Between 2005–2011 Hordur Askelsson was the musical director of the National Church of Iceland.*

*He was appointed Municipal Artist of Reykjavík in 2002 and received the Knight's Cross of the Icelandic Order of the Falcon in 2004. From 2005-2011 Hörður Askelsson has been Church Music Director of the National Church of Iceland.*

Tuomo Suni hóf fiðlunám fjögurra ára að aldri. Árið 1996 sneri hann sér að barokkfiðluleik undir leiðsögn Kreeta-Maria Kentala og milli 1999 og 2005 nam hann við Konunglega konservatóríið í Den Haag hjá Enrico Gatti. Tuomo lauk B.A. prófi 2003, M.A. prófi 2005 og er nú búsettur í London.

Árið 2002 vann Tuomo sem liðsmaður Opera Ouarta hljómsveitarinnar til tvennra verðlauna, Van Wassenaer Concours og Premio Bonporti. Geislaplata Opera Ouarta með Leclair tríó sónötum sem ORF gaf út árið 2007 fékk hin virtu verðlaun Diapason d´or. Tuomo leikur reglulega í upptökum og með hljómsveitum um heim allan, þar á meðal Capriccio Stravagante, Ricercar Consort, Ensemble Masques, The English Concert, The Early Opera Company, The Gabrieli Consort & Players, The European Union Baroque Orchestra, Bach Collegium Japan og Helsinki Baroque Orchestra.

*Tuomo Suni started playing the violin at the age of four. In 1996 he began specialising in the baroque violin, studying with Kreeta-Maria Kentala. Between 1999 and 2005 he furthered his studies with Enrico Gatti at the Royal Conservatoire in The Hague. Tuomo graduated with a Bachelor's degree in 2003, finished his Master's in 2005 and is now based in London.*

*With ensemble Opera Quarta, Tuomo was a winner of the Van Wassenaer Concours 2002 and Premio Bonporti 2002. Opera Quarta's CD of Leclair trio sonatas, released by ORF in 2007, was awarded the prestigious Diapason d'or.*

*Tuomo plays and records regularly with many ensembles around the world, including Capriccio Stravagante, Ricercar Consort, Ensemble Masques, The English Concert, The Early Opera Company, The Gabrieli Consort & Players, The European Union Baroque Orchestra, Bach Collegium Japan and Helsinki Baroque Orchestra.*





# Þóra Einarsdóttir

Sópransöngkonan Þóra Einarsdóttir stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama hjá Laura Sarti prófessor. Hún þreytti frumraun sína við Glyndebourne Festival Opera aðeins 23 ára gömul. Hún vakti snemma athygli fyrir vandaðan söng og heillandi framkomu. Þóra steig fyrst á svið Íslensku óperunnar 18 ára gömul í einsöngshlutverkum í Rigoletto og í Töfraflautunni og kom fyrst fram sem einsöngvari á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1995 á meðan hún var enn í námi.

Þóra hefur sungið óperuhlutverk, á sinfóníutónleikum, í kirkjulegum verkum og á ljóðatónleikum víða um heim. Hún var fastráðin við óperuhúsið í Wiesbaden í Þýskalandi í um 7 ára skeið og hefur m.a. sungið óperuhlutverk við ensku þjóðaróperuna, Opera North, í Mannheim, Nürnberg, Darmstadt, Berlín, Basel, Salzburg, Bologna, Malmö, Genf, Lausanne og Prag.

Þóra kemur reglulega fram á tónleikum á Íslandi og víða erlendis, m.a hefur hún sungið í Royal Albert Hall, Royal Festival Hall og Barbican Hall í London, Konzerthaus Berlin, Berliner Dome, Philharmonie am Gasteig, Kennedy Center Washington og Carnegie Hall New York og með hljómsveitum á borð við Orchestre de la Suisse Romande, Bach Collegium München, Rundfunk-Sinfonieorchester Berlin, Konzerthausorchester Berlin, The Philharmonia Orchestra, Beethoven Orchester í Bonn, Duisburger Philharmonikern og Tonkünstler-Orchester. Meðal fjölda hljómsveitarstjóra sem Þóra hefur unnið með eru Sir Neville Marriner, Osmo Vänska, Lothar Zagrosek, Christopher Warren-Green, Sir Elgar Howarth, Pinchas Steinberg, Hansjörg Albrecht, Petr Altrichter, Marc Piollet, Jonathan Darlington, Nicholas Kok, John Fiore, Paul Goodwin og David Parry.

Á ferli sínum hefur Þóra hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir söng og framlag sitt til tónlistar, m.a. Dannebrog-orðuna og Hina íslensku fálkaorðu. Meðal hlutverka Þóru við Íslensku óperuna hin síðustu ár má nefna Adinu í Ástardrykknum, Gildu í Rigoletto, Pamínu í Töfraflautunni, Mimi í La Bohéme og Michaelu í Carmen. Skemmst er að minnast frammistöðu hennar í titilhlutverki óperunnar Ragnheiður, eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson.

*Born in Reykjavik, Iceland, soprano Thora Einarsdottir studied at London's Guildhall School of Music and Drama and the Reykjavik Academy of Singing. She studied voice with Laura Sarti and Olof Kolbrun Hardardottir.*

*Thora has performed at the Icelandic Opera, Malmo Opera, Glyndebourne Festival Opera, English National Opera, Opera North, Opera Factory, in Mannheim, Nuremberg, Karlsruhe, Geneva, Lausanne, Basel, Berlin, Prague and Salzburg. Thora was a member of the ensemble at Hessische Staatstheater Wiesbaden from 2001-2008. Roles include Gilda (Rigoletto), Violetta (La Traviata), Mimi, (La Boheme), Michaela, (Carmen), Adina (L'elisir d'amore) and Marie (La fille du regiment), Pamina (Die Zauberflote), Ilia (Idomeneo), Susanna (Le nozze di Figaro), Cleopatra (Giulio Cesare), Nannetta (Falstaff), Annchen (Der Freischutz), Gretel (aänsel und Gretel),and Lucia (The Rape of Lucretria).*

*Thora has performed in concerts with the Icelandic Symphony, Orchestre de la Suisse Romande, Orchestra del Teatro Comunale di Bologna, Bach Collegium Munchen, Rundfunk-Sinfonieorchester Berlin, Konzerthausorchester Berlin, The Philharmonia Orchestra and in venues such as the Philharmonie am Gasteig in Munich, London's Royal Albert Hall, Royal Festival Hall and Barbican Center as well as the Kennedy Center in Washington and the Weil Recital Hall in New York. She has worked with conductors such as Sir Neville Marriner, Osmo Vanska, Lothar Zagrosek, Christipher Warren-Green, Sir Elgar Howarth, Pinchas Steinberg, Edward Gardner, Robin Stableton, Marc Piollet, Jonathan Darlington, Nicholas Kok, John Fiore and Paul Goodwin.*

*Her wide recording experience includes a recent world premier recording of*

*Offenbach's Vert-Vert for Opera Rara with the Philharmonia Orchestra conducted by David Parry. She has also recorded for Swedish record label "BIS" and for radio and CDs in her native country Iceland.*

*Recent highlights include Mozart Requiem, Handel´s Messiah and Bach's Christmas-Oratorio with Munchener Bach-Chor and Bach Collegium Munchen conducted by Hansjorg Albrecht, Beethoven´s Mass in C and Schubert´s Mass in E flat major with the Beethoven Orchestra in Bonn conducted by Stefan Blunier. Beethoven's 9th with Duisburger Philharmonikern and Ainars Rubikis and Bach's Johannespassion with Hordur Askelsson and the Motet Choir of Hallgrimskirkja, Kullervo by Sibelius with Petri Sakari and The Icelandic Symphony Orchestra, and Euridice in Gluck's Orfeo with Lothar Zagrosek and The Tonkunstler- Orchester in Austria. At the Icelandic Opera she recently sang the roles of Gilda in Rigoletto, Pamina in the Magic Flute, Mimi in La Boheme and most recently the title role of Gunnar Thordarsson's new opera Ragnheidur to a critical acclaim.*

*Thora has received many awards and honours for her artistic presentations, including The Order of the Falcon, Knight from the President of Iceland and The Order of Dannebrog, Knight from the Queen of Denmark.*

.

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósópran stundaði framhaldsnám í söng við óperudeild Royal College of Music í London þaðan sem hún útskrifaðist með Artist Diploma með fyrstu einkunn og meistaragráðu. Áður lauk hún 8. stigi í söng og píanókennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar Magnússon. Sigríður sækir nú tíma hjá Sigríði Ellu Magnúsdóttur.

Sigríður kemur reglulega fram í óperum, á ljóðatónleikum og í óratoríum hérlendis og erlendis, m.a. söng hún nýverið hlutverk Waltraute í Valkyrjunum eftir Wagner með LidalNorth sem var flutt í Norsku þjóðaróperunni í Oslo. Hún söng í uppfærslu Ensku þjóðaróperunnar á óperunni Jakob Lenz eftir Wolfang Rihm. Á Glyndebourne-óperuhátíðinni söng hún hlutverk 5. nunnu í frumflutningi á Love and Other Demons eftir Peter Eötvös undir stjórn Vladimir Yurovsky og var Sandman í Hans og Grétu. Í Berlín söng hún í Insanity með framsækna óperufélaginu Kiez Oper. Sigríður Ósk hefur komið reglulega fram í London með The Classical Opera Company, m.a. söng hún Arbate í Mitridate eftir Mozart við mikið lof gagnrýnenda í The Times. Hún flutti kantötuna Arianna a Naxos eftir Haydn með fortepíanóleikaranum Gary Cooper í Kings Place í London og söng fyrir þeirra hönd í beinni útsendingu í þættinum In Tune á BBC 3. Með English Touring Opera söng hún Arcane í óperunni Teseo eftir Händel.



Sigríður Ósk Kristjánsdóttir

Sigríður hefur komið fram í ýmsum virtum tónleikasölum eins og Royal Albert Hall og St. Martin-in-the-Fields. Hún söng í Cadogan Hall ásamt Dame Emma Kirkby en tónleikunum var útvarpað á Classic FM. Sigríður söng inn á hljómdiskinn Engel Lund's Book of Folk Songs ásamt Lieder Theatre London sem gefinn var út af Nimbus Records. Söngur Sigríðar Óskar hljómar um þessar mundir í dansverkinu Plateau Effect flutt af þekktasta nútímadansflokki Svíþjóðar, Cullberg Ballet.

Á Íslandi hefur Sigríður sungið m.a. Þriðju dömu með Íslensku óperunni í Töfraflautunni. Á Myrkum músíkdögum frumflutti hún á Íslandi Adriana Songs eftir Kaiu Saariaho. Hún flutti ásamt Elekra Ensemble Chansons Madécases eftir Ravel en flutningurinn var valinn af Víðsjá einn af fimm bestu tónlistarviðburðum ársins 2011. Sigríður söng með Mótettukór Hallgrímskirkju árið 2011 í Jóhannesarpassíunni. Í haust fer Sigríður Ósk með hlutverk Rosinu í Rakaranum frá Sevilla eftir Rossini í uppfærslu Íslensku óperunnar.

*Mezzo-soprano Sigridur Osk attended the Royal College of Music Opera School as a postgraduate student and graduated with an Artist Diploma and a Masters degree with merit. Her singing teacher was Russell Smythe. She had previously achieved a grade 8 in singing, studying with Rut Magnusson, and a piano teaching diploma from the Reykjavik College of Music. Her current teacher is Sigridur Ella Magnusdottir.*

*Sigridur frequently appears in operas, oratorios and as a recitalist in Iceland and abroad. She recently sang the role of Waltraute in Wagner's Ride of the Valkyries with Lidal North at the Norwegian Opera House. She sang in the English National Opera's staging of Jakob Lenz by Wolfgang Rihm and at Glyndebourne, she performed the role of Fifth Nun in the first performance of Love and Other Demons by Peter Ootvos, conducted by Vladimir Yorvosky, as well as the Sandman in Humperdinck's Hansel and Gretel. She appeared in Insanity with the progressive Kiez Oper company in Berlin and has frequently appeared in London with The Classical Opera Company, amongst other things in the role of Arbate in Mitridate which earned her high praise in a review in The Times newspaper. She performed Haydn's cantata Arianna a Naxos for them with the fortepianist Gary Cooper in Kings Place, London and sang on their behalf in In Tune in a live broadcast on BBC Radio 3.*

*With English Touring Opera she sang the role of Arkane in the opera Teseo by Handel. Sigridur has appeared in many of the best known concert venues in London, such as the Royal Albert Hall and St. Martin-in-the-Fields. She sang a concert with Dame Emma Kirkby in the Cadogan Hall which was broadcast on Classic FM. Sigridur sang in a recording of Engel Lund's Book of Folk Songs with the Lieder Theater London, published by Nimbus Records. Sigridur's singing can be heard in the dance work Plateau Effect, performed by The Cullberg Ballet, one of Sweden´s best known dance groups.*

*For the Icelandic Opera, Sigridur has sung the role of Third Lady in Mozart's Magic Flute. In Iceland's modern music festival Dark Music Days, she sang the first performance of the Adriana Songs by Kaiu Saariaho and with the Electra Ensemble performed Chansons Madécasses by Ravel, which was chosen as one of the five best performances in 2011 by the Icelandic National Radios arts programme Vidsja.*

*With the Hallgrimskirkja Motet Choir she has before sung in Bach's St. John Passion. This autumn she will sing the role of Rosina in the Barber of Seville for the Icelandic Opera.*



# Oddur Arnþór Jónsson

Oddur Arnþór Jónsson stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Alexander Ashworth og lauk burtfararprófi með ágætiseinkunn. Hann stundaði framhaldsnám í óperudeild og ljóða- og óratóríudeild Universität Mozarteum í Salzburg, Austurríki. Hann lauk meistaragráðu vorið 2014 og hlaut Lilli Lehmann-viðurkenninguna fyrir framúrskarandi meistarapróf í óperusöng. Kennarar hans við skólann voru Andreas Macco, Martha Sharp, Eike Gramss, Gernot Sahler, Breda Zakotnik og Julia Pujol. Oddur er fyrrum félagi í bæði Mótettukórnum og Schola Cantorum.

Síðastliðið haust söng hann í fyrsta sinn við Íslensku óperuna, hlutverk Rodrigo í Don Carlo, og var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum í vor. Hann mun syngja titilhlutverkið í Rakaranum frá Sevilla í Íslensku óperunni í haust. Oddur hefur sungið Greifann í Brúðkaupi Fígarós, Guglielmo í Così fan tutte, Belcore í Ástardrykknum, Orest í Iphigenie auf Tauris eftir C. W. Gluck, Kaiser í Kaiser von Atlantis eftir V. Ullmann, Ned Keene í Peter Grimes og Herald í The Burning Fiery Furnace eftir B. Britten.

Sem einsöngvari söng Oddur Das Lied von der Erde eftir G. Mahler í Garnier-óperunni í París í ballettuppsetningu John Neumeier. Hann hefur sungið Jesús og bassaaríur í Jóhannesarpassíunni, bassahlutverkin í H-moll messunni, Jólaóratóríunni og fjölda kantata eftir J. S. Bach, Lieder eines fahrenden Gesellen eftir G. Mahler, Schwanengesang eftir F. Schubert og Liederkreis op. 39 eftir R. Schumann. Oddur hefur hlotið fjölda viðurkenninga í alþjóðlegum keppnum. Hann sigraði Brahmskeppnina í Pörtschach í Austurríki; varð þriðji í Schubert-keppninni í Dortmund og þriðji í Musica Sacra-keppninni í Róm. Hann fékk Schubert-verðlaunin og verðlaun fyrir besta ljóða- og óratóríuflytjandann í Francesc Viñas-keppninni í Barcelona. Hann söng í úrslitum Belvedere-keppninnar og í alþjóðlegu Mozart-keppninni.

*Icelandic baritone Oddur Jonsson studied Master Opera and Master Lied and Oratorio with professor Andreas Macco and professor Martha Sharp at Mozarteum University Salzburg, where he graduated with distinction. He was also awarded the Lilli Lehmann Medal from the Mozarteum International Foundation. Oddur is a former member of both the Hallgrimskirkja Motet Choir and the chamber choir Schola Cantorum at Hallgrimskirkja.*

*He made his debut at the Icelandic Opera as Rodrigo in Verdi's Don Carlo, for which he was awarded the Brightest Hope in the category classical and contemporary music and nominated as the male singer of the year at the Icelandic Music Awards. This autumn Oddur will sing the title role in the Barber of Sevilla at the Icelandic Opera. He has sung the roles of Conte Almaviva in Le nozze di Figaro, Guglielmo in Così fan tutte, Belcore in L'elisir d'amore, Kaiser Overall in Ullmann's Kaiser von Atlantis, Oreste in Gluck's Iphigènie en Tauride, Ned Keene in Peter Grimes and The Herald in The Burning Fiery Furnace by B. Britten.*

*On the concert stage he made his Paris debut in February 2015, singing Mahler's Das Lied von der Erde with the Paris Opera Ballet, in a new John Neumeier production. He has sung works by J. S. Bach: The Christmas Oratorio, St. John's Passion, the B-minor Mass and cantatas including Ich habe genug; Masses and Cantatas by G. P. Telemann, W. A. Mozart, M. Haydn and C. Gounod. As a recitalist he has sung Lieder eines fahrenden Gesellen by G. Mahler, Liederkreis op. 39 by Schumann, Liebeslieder-Walzer by J. Brahms, Let us Garlands bring by G. Finzi and lieder by F. Schubert, H. Wolf, H. Pfitzner and R. Strauss.*

*In 2014 he received the prize for the best Lied and Oratorio Performer and the Schubert Prize in the Francesc Vinas Competition in Barcelona. The same year he was a finalist in the International Mozart Competition and the Belvedere Competition. In 2013 he won first prize in the International Brahms Competition in Portschach, Austria, third prize in the International Schubert Lied-Duo Competition in Dortmund, Germany and third prize in Concorso Musica Sacra in Rome, Italy.*

*In 2011 he received a scholarship and the Audience Prize from the Walter and Charlotte Hamel Foundation in Hannover, and a scholarship from the Gianna-Szell Foundation in Salzburg.*

*Oddur Jonsson was invited to take part in the Schubert Residency at the Aix-en-Provence Festival with Matthias Goerne and Markus Hinterhauser. He has also taken part in masterclasses with Roberta Alexander, Kristjan Johannsson, Tom Krause, Thomas Moser, Ruggiero Raimondi, Alexander Schmalcz, Peter Schreier, Kristinn Sigmundsson, Margaret Singer, Richard Stokes, Kiri Te Kanawa, Gerd Uecker and Breda Zakotnik.*



# Benedikt Kristjánsson

Benedikt er fæddur 1987 á Húsavík.  Hann hóf söngnám 16 ára gamall við Söngskólann í Reykjavík hjá Sibylle Köll og síðan Margréti Bóasdóttur. Samhliða námi söng hann í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð og Hamrahlíðakórnum undir stjórn Þorgerður Ingólfsdóttur. Benedikt lauk framhaldsprófi í söng frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2007 en kennarar hans þar voru Margrét Bóasdóttir og Krystyna Cortes. Haustið 2008 fékk hann inngöngu í Hanns Eisler tónlistarháskólann í Berlín, þar sem kennari hans er Scot Weir prófessor.

Benedikt hlaut 1. verðlaun í alþjóðlegri Bach-söngkeppni í Greifswald í júní 2011 og einnig verðlaun áheyrenda. Benedikt hlaut verðlaun áheyrenda í alþjóðlegu Bach keppninni í Leipzig sumarið 2012 og var valinn Bjartasta vonin í sígildri og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum það sama ár. Það ár hlaut hann einnig styrk úr Jean Pierre Jaquillat-sjóðnum í Reykjavík.

Hann hefur sótt masterklassa hjá Peter Schreier, Christu Ludwig, Elly Ameling, Robert Holl, Andreas Schmidt, Thomas Quasthoff og Helmuth Deutsch.

Benedikt hefur komið fram sem guðspjallamaður í passíum J.S Bach og í öðrum óratoríum í Berlín, Osló, Zürich, Den Haag, Szczechin, og Jerusalem, en hann söng guðspjallamanninn í Jóhannesarpassíu Bachs fyrst árið 2011 með Mótettukórnum og guðspjallamann og aríur í Jólaóratóríunni með Mótettukórnum undir stjórn Harðar Áskelssonar jólin 2012 í Hörpu. Einnig söng hann guðspjallamann í Jóhannesarpassíu J.S. Bach í beinni útsendingu þýska sjónvarpsins á föstudaginn langa 2012. Á næsta ári verður hann á ferðalagi um Holland sem guðspallamaður í Matteusarpassíunni undir stjórn Reinbert de Leeuw.

Benedikt söng hlutverk Morphée í uppfærslu af Atys eftir Lully í Óperuhúsinu í Kiel. Hann söng titilhlutverk í óperunni Skraddarinn hugprúði eftir Wolfgang Mitterer sem sýnd var í Staatsoper í Berlín 2012, og hefur síðan tekið þátt í mörgum verkefnum þar. Má þar nefna Diary of the one who Disappeared eftir Leos Janacek sem hlaut mikið lof gagnrýnanda og verður flutt aftur á næsta ári.

Benedikt hefur einnig lagt mikla rækt við ljóðasöng og m.a. flutt ljóðaflokkana Dichterliebe eftir Schumann og Die schöne Müllerin eftir Schubert á Íslandi og í Þýskalandi.

*Benedikt Kristjansson was born in 1987 in Iceland. He started his singing lessons at age of 16 with his mother, Margret Boasdottir and Sibylle Koll at the Reykjavik Academy of Singing and Vocal Arts and graduated from the Reykjavik Conservatory of Music in 2007. For six years he was a member of the renowned high school choir Hamrahlidarkorinn, also appearing as a soloist. Since 2008 he has studied with professor Scot Weir at the Academy of Music Hanns Eisler Berlin, and has taken masterclasses with Christa Ludwig, Peter Schreier, Elly Ameling, Robert Holl, Thomas Quasthoff, Andreas Schmidt and Helmut Deutsch.*

*Benedikt won the 1st prize of the International Bach Vocal Competition in Greifswald in 2011, and was also awarded the Audience Prize. He was the winner of the Audience Award in the International Bach Competition in Leipzig 2012. With guitarist Sergio CotoBlanco he won the 3rd Prize of the International Competition for Chamber Music with Guitar 2010 in Aschaffenburg. He was awarded the Prize of The Most Promising Young Artist in classical/modern music at the Icelandic Music Awards in 2012 and was granted a scholarship from the Jean Pierre Jaquillat Fund in Reykjavik in 2012.*

*Benedikt has performed in numerous concerts; he sung the evangelist and tenor arias in the Bach's Passions and Christmas Oratorio in Reykjavik, Berlin, Oslo, Zurich, Den Haag and Jerusalem. His debut as the evangelist in St. John's Passion was in 2011 with the Hallgrimskirkja Motet Choir and a year later he sang the evangelist and arias in The Christmas Oratorio with the same choir and its conductor Hordur Askelsson. In December 2012, Benedikt sang the title role in the children's opera Das tapfere Schneiderlein by Wolfgang Mitterer, in the Staatsoper Berlin. Also at the Staasoper he has sung the title role of Janacek's Diary of the one who Disappeared. At Theater Kiel he sung in the production of Atys by Jean-Baptitste Lully.*

*He has given lied recitals with Schumann's Dichterliebe in Iceland, and Schubert's Die schone Mullerin in Iceland and Germany.*

## Hátíðarmessa á Kirkjulistahátíð
## High Mass at the Festival of Sacred Arts

### Sunnudagurinn 16. ágúst kl. 11.00

### Sunday August 16 th 11 am

Vígslubiskupinn í Skálholti, sr. Kristján Valur Ingólfsson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur, dr. Sigurði Árna Þórðarsyni, sr. Leonard Ashford, sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur og messuþjónum. Tónlistarflutningur í höndum Schola cantorum og meðlima úr Alþjóðlegu barokksveitinni í Den Haag. Einsöngvari: Oddur A. Jónsson. Stjórnandi Hörður Áskelsson, organisti Eyþór Franzson Wechner.

Bein útsending á Rás 1. Allir velkomnir.

*A festive mass in Hallgrimskirkja with excellent musicians performing, including the Schola cantorum chamber choir and members of The Hague International Baroque Orchestra. Solist: Oddur A. Jonsson. Conductor: Hordur Askelsson. Organist: Eythor Franzson Wechner.*

*All are welcome.*

## Klais-orgelið í nýjum víddum
## New Dimensions of the Klais-organ

### Mánudagur 17. ágúst kl. 21.00

### Monday August 17th 9 pm

Ungir raftónlistarmenn nýta sér nýjan tæknibúnað Klais-orgelsins og bjóða upp á tónlistarupplifun í hljóðheimi hins magnaða orgels Hallgrímskirkju með sínum 5273 pípum.

Midi stýribúnaði var nýlega komið fyrir í orgelinu þegar rafkerfi þess var uppfært en hann gerir það mögulegt að stýra öllum spilaborðum og raddskiptingum, t.a.m. með tölvum. Fjöldi nótna og hraði þeirra eru þá ekki bundin líkamlegum takmörkunum og opnast þar af leiðandi á nýja hljóðheima og liti fyrir tónskáld að vinna með.

Raftónlistarmenn kvöldsins eru Sveinbjörn Thorarensen (Hermigervill), Bergrún Snæbjörnsdóttir, Kristín Björk Kristjánsdóttir (Kira Kira) og Páll Ivan frá Eiðum. Ábyrgðarmaður og skipuleggjandi: Guðmundur Vignir Karlsson (Kippi Kaninus).

*Young electronic musicians explore the magnificent Klais organ, using it's new technological equipment and it's 5273 pipes to create a musical experience.*

*When the electronic controls in the Klais organ were updated recently, a midi input was fitted in. This allows an external device, such as a computer, to control every aspect of the organ. The number of notes played and their speed is therefore not restricted to the physical limitations of human performers. This opens up a whole new world of possibilities for composers to work with.*

*The electronic musicians are Sveinbjorn Thorarensen (Hermigervill), Bergrun Snaebjornsdottir, Kristin Bjork Kristjansdottir (Kira Kira) and Pall Ivan fra Eidum. Program manager is Gudmundur Vignir Karlsson (Kippi Kaninus).*



#### Sveinbjörn Thorarensen (Hermigervill)

Sveinbjörn Thorarensen er reykvískur raftónlistarmaður og hefur gefið út fjórar plötur undir nafninu Hermigervill. Hann er meðlimur hljómsveitarinnar Retro Stefson og hefur auk þess tekið upp og pródúserað fyrir og með fjölda tónlistarmanna.

#### *Sveinbjorn Thorarensen (Hermigervill)*

*Sveinbjorn Thorarensen is an electronic musician hailing from Reykjavik who has released four albums under the name Hermigervill. He is a member of the Icelandic band Retro Stefson and has recorded and produced music for a number of bands and musicians.*





#### Bergrún Snæbjörnsdóttir

Bergrún Snæbjörnsdóttir er tónskáld búsett í Reykjavík. Oft sameinar hún hið sjónræna og hljóðræna í verkum sínum, sem hafa verið flutt af tónlistarhópum eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kúbus, Duo Harpverk og fleirum. Hún mun hefja meistaranám í tónsmíðum við Mills College næsta haust.

#### *Bergrun Snaebjornsdottir*

*Bergrun Snaebjornsdottir is a composer residing in Reykjavik, Iceland. In her work she often combines the visual and the aural through some form of combined media and her music has been performed by groups such as the Iceland Symphony Orchestra, Kubus, Duo Harpverk and more. She will begin her Master's studies in composition at Mills College this coming fall.*

#### Páll Ivan frá Eiðum

Tónverk Páls Ivans hafa verið flutt víðsvegar í Evrópu og Bandaríkjunum, þar á meðal á hátíðum svo sem Listahátíð í Reykjavík (2008 og 2014), Myrkum músíkdögum, Tectonics (2012, 2013, 2014: verk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands) Sláturtíð, RAFLOSTI, Nordic

Musicdays, Icelandic Musicdays í Hollandi, Ung Nordisk Musik (UNM) ofl. Páll Ivan er einn af stofnmeðlimum tónskáldahópsins SLÁTUR.

*Pall Ivan fra Eidum*

*The music of Pall Ivan has been performed in Europe and USA at festivals such as Reykjavik Arts Festival (2008 and 2014), Dark Music Days, Tectonics (2012, 2013, 2014: including work for the Iceland Symphony Orchestra) Slaturtid, RAFLOSTI, Nordic Musicdays, Icelandic Musicdays in the Netherlands and Ung Nordisk Musik (UNM). Pall Ivan is a founding member of the SLATUR composer collective.*

tónlistarmynd hennar „Grandma Lo-fi -The Basement Tapes of Sigríður Níelsdóttir" sem hún gerði í félagi við Orra Jónsson og Ingibjörgu Birgisdóttur kom út árið 2012.

*Kristin Bjork Kristjansdottir (Kira Kira)*

*Kira Kira is an electronic musician and a film maker with a background in experimental music and visual arts, constantly shifting shapes, breaking ground, disappearing and reappearing in unexpected places. She is known for never playing the same set twice, inviting and celebrating all the risks that come with opening the creative process up to a live audience. To her a concert is a moment in that process, shared with the audience as well as the different musicians she invites*







Kristín Björk Kristjánsdóttir (Kira Kira)

Drekaflugur geta hreyft vængi sína í fjórar mismunandi áttir samtímis. Það lýsir Kiru Kiru ágætlega, en hún hefur verið hreyfiafl í íslenskri raftónlist um árabil samtímis því að gera myndlist, kvikmyndir og framsækið útvarp.

Kira Kira (Kristín Björk Kristjánsdóttir) gaf nýverið út smáskífu í formi verndargrips með bandaríska tónlistarmanninum Eskmo, hljóðritun á verki fyrir söngvara, elektróník og kammersveit sem gerð var í Los Angeles á sumarsólstöðum 2014. Þau vinna nú að plötu saman sem áætlað er að komi út á næsta ári og verður þá hennar fjórða plata.

Kira Kira fagnar hinu óvænta í leikgleði og spuna, ýmist ein með kvikmyndavörpu eða með fjölbreyttum hópi tónlistarmanna.

Hún er einn af stofnendum Tilraunaeldhússins/Kitchen Motors sem var vettvangur fyrir tilraunir í tónlist, útgáfa og hugmyndasmiðja með áherslu á samstarf milli ólíkra listamanna og samruna listmiðla. Hreyfingin varð til árið 1999 en sólóverkefnið Kira Kira spratt upp úr henni í lok sama árs. Síðan hefur hún leikið á tónleikum víða um heim meðfram því að semja tónlist fyrir leikhús, kvikmyndir, dans- og myndlistarverk.

Kristín vinnur nú að sinni fyrstu leiknu kvikmynd í fullri lengd, en

*on board the space ship each time she plays live.*

*The Kira Kira world of sound is a dreamlike situation filled with warm waves of emotive melodies and unpredictable story lines, playful beats created through analog drum machines and live percussion with fine threads of Kira's quiet voice running through it all like a ray of light.*

*Together with Johann Johannsson and Hilmar Jensson she is a founder of music collective Kitchen Motors and has 3 albums to her name, the most recent one being Feathermagnetik on Berlin based label Morr Music.*

*Autumn 2014 saw the release of a special edition amulet EP with LA based musician ESKMO featuring a live recording of a new Kira Kira piece performed by The Echo Society's 15 piece orchestra in Los Angeles. Kira Kira and ESKMO are now working on a full length album together set to see the light of day in 2016.*

## Í heimsókn hjá Händel
## Handel at Home

Þriðjudagur 18. ágúst kl. 20.00

Tuesday August 18th 8 pm

Ian Wilson, blokkflauta/recorder
Tuomo Suni, fiðla/violin
Þóra Einarsdóttir sópran/soprano
Oddur Arnþór Jónsson barítón/baritone
Benedikt Kristjánsson tenór/tenor
Nordic Affect

**Efnisskrá/Programme:**

Tónlist fyrir hina konunglegu flugelda /The Musick for the Royal Fireworks HWV 351
- Ouverture
- Bouree
- La Paix
- La Rejouissance
- Minuet I
- Minuet II

Konsert í F-dúr /Concerto in F major HWV 294
- Larghetto
- Allegro
- Alla Siciliana
- Aría/Aria "Tune your Harps" úr/from Esther HWV 50
- Presto

Sónata í G-dúr, byggð á / Sonata in G after HWV 390, 387 & 389
- Larghetto – Adagio (Op.2 nr.5)
- Söngles/Recital "Ye verdant plains and woody mountains"
- Aría/Aria "Hush, ye pretty warbling quire" úr/from Akis og/and Galatea HWV 49
- Andante (Op.2 nr.2)
- Passacaille (Op.5 nr.4)

Hlé/Interval

Sónata í g-moll op.1 nr.2 / Sonata in G minor Op.1 no.2 HWV 360
- Larghetto
- Andante
- Adagio
- Presto

Chandos lofsöngur nr.1 "O, be joyful in the Lord"/ Chandos Anthem No.1 "O, be joyful in the Lord"
- Sonata
- Tenór, kór/Tenor, choir "Oh be joyful in the Lord, all ye lands"
- Dúett/Duet "Be sure that the Lord, he is God"
- Kór/Choir "O go your ways into His gates with thanksgiving"
- Tríó/Trio "For the Lord is gracious"
- Kór/Choir "Glory be to the Father, and to the Son, and to the Holy Ghost"
- Kór/Choir "As it was in the beginning"





Það er auðvelt að vanmeta hversu spennandi og jafnvel skringilega næstu nágrannaríki komu íbúum í London fyrir sjónir á 18. öld. Þannig litu flestir Bretar án efa á Ítalíu sem afar framandi land þrátt fyrir að það væri síður en svo staðsett á hjara veraldar. Í ljósi þess hve ítölsk menning er útbreidd í dag, hvort heldur er matur eða tíska, getur því verið erfitt að skilja æðið sem greip um sig þegar ítölsk tónlist og tónlistarmenn námu ný lönd á 18. öld. Í rúmlega hálfa öld átti hins vegar hinn nýi og óvenjulegi ítalski stíll eftir að ráða ríkjum meðal tónlistarunnenda sem þyrsti í nýja strauma: Lundúnabúar barokktímans voru komnir á ítalska bragðið!

Inn í þennan heim steig Händel þegar hann flutti frá Þýskalandi til London og fólk flykktist að til þess að njóta þess sem hann hafði fram að færa. Og Händel bauð upp á íburðarmiklar tónlistarveislur: Viðhafnarmiklar óperur og óratóríur og auðvitað hin stórbrotnu verk Tónlist fyrir hina konunglegu flugelda (Music for the Royal Fireworks) og Vatnatónlistina (Water Music). En einnig sendi hann frá sér tónlist sem bauð hlustendum upp á að njóta ekki síðri tónlistar innan fjögurra veggja heimilisins, s.s. kammertónlistar, einleiksverka og tónlistar ætlaða til tilbeiðslu. Sú þrá fólks að geta notið tónlistar Händels heima í stofu olli því að mörg stærri verk Händels voru umskrifuð fyrir einleikshljóðfæri. Þannig gat t.d. áhuga flautu- eða semballeikari spreytt sig í rólegheitum heima í stofu á tónlist úr stærri meistaraverkum Händels, á borð við Zadok the Priest eða einhvern af gullmolunum úr Messíasi. Ennþá fínna þótti þó að ráða Händel sjálfan sem „hústónskáld“ og hafa tækifæri til að frumflytja nýjar tónlistarperlur og njóta þeirra innan veggja heimilisins. Hertoginn af Chandos var einmitt einn þeirra sem gat leyft sér slíkan munað.

Í þann stutta tíma sem Händel starfaði á Cannons setrinu, hinu virðulega heimili James Brydges, hertogans af Chandos nálægt Edgeware (nú í London), samdi hann ýmis verk sem flutt voru af tónlistarhópi hertogans sem samanstóð af hljóðfæraleikurum og söngvurum. Einna helst má nefna svokallaða Chandos lofsöngva (Chandos Anthems) en á þessu tímabili samdi Händel einnig hálf-óperuna Akis og Galatea og sína fyrstu ensku óratoríu, Esther.

Megnið af tónlistinni sem flutt er á þessum tónleikum var samin þegar Händel bjó í Brookstræti 25 í London og á Cannons-setrinu í Edgeware þó það megi orða það svo að rætur hans hafi legið á Ítalíu. Hann hafði jú lært að beita hinum hlýja stíl Miðjarðarhafsins á mótunarárum sínum á Ítalíu og Lundúnabúar voru fljótir að falla fyrir honum.

Hugsanlega hefur það sem þó hafði mest áhrif ekki verið hinn yfirborðslegi ítalski glans heldur hinn djúpi skilningur Händels á laglínu og hvernig á að leyfa tónlistarmanninum að „syngja“ hvort sem hann er söngvari eða hljóðfæraleikari. Händel endurnýtti gjarnan söngverk sem sónötur eða konserta og öfugt því söngvar hans voru stundum endurunnir sem hljóðfæraverk. Frelsið sem felst í því að tjá sig í gegnum laglínu er bakgrunnur þessarar efnisskrár og á stundum er söng og hljóðfæraverkum stefnt saman; þar með lita þau hvort annað um leið og þau laða fram nýjar hliðar.

Óratorían Salómon var frumflutt árið 1749. Glæsileiki hennar hvað varðaði stærð hljómsveitar og kóra var hugsanlega undir áhrifum frá öðru stóru og tilkomumiklu verki frá sama tíma, eða Tónlist fyrir hina konunglega flugelda sem samin var fyrir útihátíðarhöld í tengslum við undirskrift Aix-la-Chapelle friðarsáttmálans. Flugeldasýningin í Green Park var sannarlega viðburðarík, meðal annars vegna þess að það kviknaði í garðskála meðan á sýningunni stóð. Óþarfi er að taka það fram að tónlistin varð mun langlífari en garðskálinn og var fljótlega gefin út í umritunum til heimilisnota, líkt og þeirri sem hér ómar.

Oftsinnis kom það fyrir að leikhúsgestum 18. aldar væri boðið upp á tvenns konar munað í hléum á óperum Händels: Hálfa appelsínu og heilan blokkflautukonsert. Blokkflautuvirtuósar höfðu flykkst til Englands frá meginlandinu sem varð til þess að mikið var skrifað af glaðlegum, aðlaðandi blokkflautukonsertum sem voru fullkomnir til að létta lund áheyrenda til viðbótar við C-vítamínskammtinn. Í hléum á óratoríum sínum tempraði Händel þetta örlítið og lék í stað þess gjarnan orgelkonserta. Orgelkonsertarnir op.4 voru samdir árið 1753 í tengslum við flutning á óratoríunum Esther, Deborah og Athalia. Konsertinn HWV 293 er umritun á blokkflautusónötu en með því að sameina þessi tvö verk höfum við búið til blokkflautukonsert. Konsertinn kinkar jafnframt kolli til óratoríunnar Esther með aríuinnskoti úr verkinu.

Að óratoríunni Esther frátalinni var eina stóra verkið sem Händel samdi á Cannons-setrinu hálf-óperan Akis og Galatea. Hún var samin fyrir fámennan hóp flytjenda en spannar samt mjög breitt róf tónblæbrigða og inniheldur nokkrar af fegurstu aríum tónskáldsins. Þess má geta að blokkflautan var oft nýtt á barokktímanum til að ýta undir allegórísk áhrif í aríunum. Þetta gat spannað allt frá tilvísunum í anda (hvort heldur heilagan eða ekki), þökk sé fremur englalegum hljómi auk tengingar flautunnar við liðinn tíma (gott dæmi um slíkt er notkun hennar í jarðarfararkantötu Bachs, Actus Tragicus BWV 106). Einnig gat ómur blokkflautunnar dregið upp mynd af hjarðstemningu (Bach beitti henni t.d. líkt og hjarðpípu í „Schafe können sicher weiden“ BWV 208). Þar að auki gat ómur blokkflautunnar minnt á fuglasöng. Og það er þeim eiginleika blokkflautunnar sem bregður fyrir í „Hush, ye pretty warbling quire“. Tónlistin sem rammar þá aríu inn kemur frá svipuðum tímabili í starfi Händels og telur m. a. kafla sem tengist kórnum „The flocks shall leave the mountain“ úr Akis og Galatea.

Í Konunglega leikhúsinu í Covent Garden

verður á tilteknum degi flutt ný Óratoría, nefnd

SOLOMON

með KONSERTI

Gryfja og stúkur verða sameinaðar og engum manni veittur aðgangur án miða

Þetta var birt í The General Advertiser þann 17. mars 1749. Við vitum ekki með vissu hvaða konsert Händel flutti þetta kvöld en heimildir benda til að það hafi verið annar konsertanna í g-moll. Blokkflautusónata hans í sömu tóntegund inniheldur lokakafla sem tengist Gavottunni í báðum konsertunum sem til eru í g-moll. Tilurð hinna sex blokkflautusónata Händels má vísast rekja til þess að hann vantaði kennsluefni í hljómborðsleik fyrir Önnu prinsessu. Í þessu safni verka þræðir hann í gegnum flestar tóntegundir, vísast til að leyfa nemanda sínum að takast á við allan skala hljóma. Átti hann eftir að endurnýta ýmislegt tónefni sónatanna í óperum, konsertum, aríum og

annarri kammermúsík.

Í Chandos-lofsöngvunum sem hann samdi líkt og fyrr segir meðan hann var í þjónustu Hertogans af Chandos, studdist Händel við fámennan hóp tónlistarmanna. Líkt og í Akis og Galaetu eru engir partar skrifaðir fyrir víóluna og í fyrstu þremur lofsöngvunum skrifar hann einungis fyrir þrjár söngraddir. Hvort þessi verk voru flutt af einum flytjanda á part er á huldu. Það að Händel nýtti tvo kafla úr tríósónötu op.5 sem forleik í „O be joyful in the Lord" býður upp á þá tilgátu að kammertúlkun á borð við þá sem við flytjum hafi verið stunduð. Í raun má orða það svo að nánd og innileiki einsöngsraddanna við undirleik kammerhóps falli vel að þessu verki sem hugsað var sem einkatilbeiðsla hertogans. Verkið byggir jafnframt á texta sálms nr.100 sem einnig er þekkt sem Jubilate í D-dúr.

Ian Wilson

*It is easy to underestimate just how different, wonderful and weird even the closest of European neighbours would have seemed to an 18th Century Londoner. Although not at the edge of the known world geographically speaking, Italy would have certainly ticked the 'exotic' box in the minds of most 18th century Britons. Today, the ubiquity of Italian culture, from food to fashion, makes it hard to comprehend the frenzied enthusiasm with which the music and musicians of Italy were met in the 1700s. This thoroughly novel and unusual style was, for half a century or more, to dominate the musical life of a people with a hunger for these flavours: Baroque London certainly tasted Italian.*

*And so this was the world Handel stepped into when he moved from Germany to London and people were eager to consume the goods he presented. On one hand, Handel offered London sumptuous and lavish feasts of music; large scale operas, oratorios with impressive forces and of course the truly spectacular music for the Royal Fireworks and the Water Music. On the other hand, the intimate chamber music, solos pieces and works for domestic worship allowed people to savour an equally impressive music in more private settings. This desire to enjoy Handel in the home even led to many publications of scaled down versions of larger works, created to allow the solo harpsichordist or amateur flautist to explore gems such as Zadok the Priest or highlights from the Messiah in the privacy of their drawing room. But surely better still, would be to have Mr. Handel himself as your very own composer in residence, on hand to provide new musical gems for your own delectation. And it is this very luxury to which the Duke of Chandos treated himself.*

*Handel's brief period at Cannons, the stately home near Edgeware (now in London) that belonged to James Brydges, Duke of Chandos saw the composition of several works intended for performance by the Duke's small ensemble of instrumentalists and singers. Most notable are the so called Chandos Anthems but here, Handel also produced Acis and Galatea and the first of his English Oratorios, Esther.*

*Much of the music performed in this concert was written whilst Handel was either living at 25 Brook Street in London's Mayfair or at Cannons in Edgeware but always with one foot firmly set upon Italian ground. Handel's formative years in Italy had furnished him with the capability to turn his hand to this warm Mediterranean style with ease and Londoners were quick to approve.*

*But perhaps of greater appeal than that arguably superficial Italian gloss has been Handel's deep understanding of melody and how to allow musicians to 'sing' regardless of whether they are vocalists or instrumentalists; the two disciplines are almost interchangeable in his music. Indeed, Handel himself recycled vocal works as sonatas or concertos and vice versa: his songs were sometimes reworked as instrumental pieces. This freedom to express simply through melody, be it sung or played, has been explored in this programme, sometimes melding vocal and instrumental works together, each colouring and enhancing the other.*

*1749 saw the premier of Handel's lavishly scored oratorio, Solomon. The grandeur of its large orchestra and double choruses were perhaps inspired by the other large scale and impressive work conceived at this time; The Music for the Royal Fireworks, written for an outdoor celebration of the signing of the Treaty of Aix-la-Chapelle. This pyrotechnical event in London's Green Park was truly eventful, with notable but somewhat alarming extra fire as a result of a pavilion going up in flames during the performance. Needless to say, the music endured far longer than the pavilion and was quickly published in versions of domestic music making such as that performed in this programme.*

*Oftentimes, during the interval of any of Handel's operas, eighteenth century theatre goers would have been treated to two particular luxuries; half an orange and a whole recorder concerto. The recent arrival of several recorder virtuosi from continental Europe saw a rise in bright, attractive concerti being written and they were perfect for lifting the audience's spirits in addition to an exotic dose of vitamin C. In the intervals of his oratorios however, Handel would modify this practice and instead opted to perform organ concertos. His Op.4 set of concertos were written to be performed during the oratorios Esther, Deborah and Athalia during the 1735 season. HWV 293 is effectively a transcription of a recorder sonata so we have combined the two works to make a recorder concerto that nods towards oratorio with the insertion of an aria from Esther.*

*Aside from Esther, Handel's other large scale work that he produced whilst at Cannons was the semi-opera, Acis and Galatea. Written for small forces, it nonetheless maximises colour-effects and arguably included some of his finest arias. During the baroque era, the recorder was often used to highlight or enhance an allegorical effect in arias. This could range from an association with spirits, holy or otherwise, due to its ethereal tone and allusion to a bygone era (a good example being its use in Bach's funeral cantata, Actus Tragicus BWV 106) or it could depict the pastoral (being indicative of a shepherd's pipe as in Bach's "Schafe können sicher weiden" from BWV 208) or the fluting of birdsong. It's in this last role we find the recorder in "Hush, ye pretty warbling quire". The music surrounding this aria comes from a contemporary period of Handel's output and includes a movement which has very close correlation to the chorus "The flocks shall leave*

*the mountain", also from Acis and Galatea.*

*'AT the Theatre-Royal in Covent Garden,*

*This Day will be perform'd a New Oratorio, call'd*

*SOLOMON*

*With a CONCERTO*

*Pit and Boxes to be put together, and no Person to be admitted without Tickets*

*Thus read The General Advertiser on March 17th 1749. We don't know exactly which concerto Handel performed that night but some records indicate that it was one of his two concertos in G minor. His recorder sonata in that same key includes a final movement which correlates with the "Gavotte" in both concertos. Handel's six recorder sonatas are thought to have been penned essentially as exercises for developing keyboard technique during a period when Handel was teaching the princess Anne. With this collection, he explores most tonal centres, presumably to allow the student-princess to get to grips with the full gamut of chordal possibilities. Much of the music in the collection was recycled elsewhere in operas, concertos, arias and other chamber music.*

*In his Chandos Anthems, written at Cannons whilst in the private employment of the Duke of Chandos, Handel employed quite small forces. As with Acis and Galatea, there are no viola parts and in the first six of the anthems, he employs only three vocal parts. Whether these would have been performed with one voice to a part is not clear but perhaps Handel's use of two movements of a Trio Sonata from Op.5 as the overture to "O be joyful in the Lord" allows a chamber performance such as today's to have been perfectly plausible. Certainly, the intimacy of solo voices, accompanied by a chamber ensemble seems suitable for the piece's intended use; private worship. Using the text of Psalm 100, this work is also known as the Jubilate in D major.*

*Ian Wilson*





# Nordic Affect

Nordic Affect hefur verið hælt fyrir “affectionate explorations” (BBC Music Magazine) og “commitment to their repertoire” (Classical Music). Starf þeirra hefur aflað þeim viðurkenningar innan lands og utan, þar á meðal tilnefningar til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs auk þess sem þau voru valin Flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í fyrra.

Starf Nordic Affect einkennist af nýstárlegri nálgun og frumleika í verkefnavali en hópurinn hefur frá upphafi flutt allt frá danstónlist 17. aldar til hinnar framsæknu raftónlistar okkar tíma. Allir meðlimir hópsins eiga að baki nám í sagnfræðilegum hljóðfæraleik en auk starfsins með Nordic Affect hafa meðlimir leikið og hljóðritað með aðilum á borð við The English Concert, Concerto Copenhagen, Anima Eterna Brugge, Orchestre des Champs-Élysées og Björk.

Nordic Affect hefur lagt mikla áherslu á að stuðla að sköpun nýrrar tónlistar og hefur frumflutt fjölda verka og hafa tvö þeirra; Händelusive eftir Huga Guðmundsson og Sofandi Pendúll eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur verið valin á heiðurslista Alþjóðlega tónskáldaþingsins. Nordic Affect hefur frá upphafi starfs síns árið 2005 komið fram á hátíðum á borð við TRANSIT festival (BE), Myrka Músíkdaga (IS), November Music (NL), BRQ Vantaa Festival (FI), Sumartónleikum í Skálholti (IS), Copenhagen Renaissance Festival (DK), Iceland Airwaves (IS) og Listahátíð í Reykjavík.

Leik Nordic Affect er að finna á geisladiskum frá Deutsche Grammophon, Smekkleysu, Musmap og Brilliant Classics og hafa þeir hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og Kraumsverðlaunin ásamt frábærum viðtökum í erlendum tónlistarblöðum. Í lok júlí kom út platan Clockworking á vegum bandaríska útgáfufyrirtækisins Sono Luminus. Þessi nýjasta plata Nordic Affect hefur þegar hlotið rokna viðtökur og verið valin sem plata vikunnar í hinum virta tónlistarmiðli Q2 Music auk þess titillag plötunnar rataði í seríuna ‘Songs We Love’ á NPR.

Listrænn stjórnandi Nordic Affect frá upphafi er Halla Steinunn Stefánsdóttir.

*Nordic Affect have been hailed for their “affectionate explorations” (BBC Music Magazine) and “commitment to their repertoire” (Classical Music). Founded in 2005 Nordic Affect have created a highly unique voice, which has earned them international recognition. In 2013 they were nominated forthe Nordic Council Music Prize and in the following year they were named Performer of the Year at the Iceland Music Awards.*

*Nordic Affect was formed by a group of period instrument musicians who were united in their passion for viewing familiar musical forms from a different perspective and for daring to venture into new musical terrain. It’s members have individually performed and recorded with artists and groups such as The English Concert, Concerto Copenhagen, Anima Eterna Brugge, Orchestre des Champs-Élysées and Bjork.*

*The commissioning and performance of new works is integral to Nordic Affect’s mission as they have, from the group’s inception, combined new compositions with the music of the 17th and 18th centuries. Since their debut, Nordic Affect have performed to critical acclaim at festivals such as TRANSIT festival (BE), Dark Music Days (IS), November Music (NL), BRQ Vantaa Festival (FI), Skálholt Summer Concerts (IS), Copenhagen Renaissance Festival (DK) and Iceland Airwaves (IS).*

*Their performances can be found on the Deutsche Grammophon, Bad Taste Records, Musmap and Brilliant Classics labels and have received glowing reviews in the international press alongside the Kraumur Award and Iceland Music Awards. A new album with Icelandic works was released at the end of July by the Sono Luminus label and has already received rave reviews and been featured by Q2 Music and NPR.*

*The artistic director of Nordic Affect since its foundation has been Halla Steinunn Stefánsdóttir.*

Ian Wilson stýrir tréblásaradeild Eton College, er aðal blokkflautuprófessor við Guildhall School of Music & Drama og gestablokkflautukennari við North East of Scotland Music School í heimabæ sínum Aberdeen.

Hann lærði blokkflautuleik og klarinettleik við Guildhall School of Music & Drama, þar sem hann vann tvisvar sinnum til verðlauna fyrir leik á tréblástursh ljóðfæri (einu sinni á hvort hljóðfæri) og hlaut Principal's Prize við útskriftina.  Af öðrum verðlaunum sem honum hafa hlotnast má nefna Skene Award, LASMO Staffa Music Award og Musica Antica verðlaun Van Wassenaer keppninnar sem besti einleikarinn.

Ian hefur tekið upp þrjár geislaplötur með blokkflautukvartettinum The Flautadors sem hlotið hafa mikið lof, en á þeim má finna breska tónlist er spannar 500 ára tímabil. Ian er einnig meðlimur í the Burney Players og kemur reglulega fram á tónleikum með the Adderbury Ensemble.

Hann hefur komið fram sem einleikari með mörgum, evrópskum hljómsveitum sem leika á upprunahljóðfæri, þar á meðal Helsinki Baroque Orchestra, The Irish Baroque Orchestra, Arcangelo og English Concert. Þá hefur hann leikið, tekið upp og spilað í útsendingum með The Sixteen, Ensku þjóðaróperunni, Early Opera Company, Fílharmóníusveit BBC, Sinfóníuhljómsveit Bournemouth, Retrospect Ensemble og samtímatónlistarhópnum Kokoro.

Sem kammertónlistarmaður hefur Ian komið fram á ýmsum hátíðum í Evrópu, þar á meðal forntónlistarhátíðunum í Auvergne og Innsbruck, Edinborgarhátíðinni og á BBC Proms. Einnig kemur fyrir að Ian leiki aðrar tegundir tónlistar, til dæmis á nýjustu plötu hljómsveitarinnar Paris Motel og þá kom hann fram í beinni útsendingu ásamt Vashti Bunyan í 15 ára afmælissjónvarpsþætti Jools Holland á BBC, sem síðar kom út á mynddiski. Árið 2008 var fjallað um feril hans í heimildamynd sem gerð var fyrir RÚV og 2010 fékk Ian, sér til mikillar ánægju, að kenna Janet Street-Porter á flautu í tengslum við listaþátt Sky sjónvarpsstöðvarinnar First Love.

Meðfram tónleikahaldi og kennslu hefur Ian starfað í dómnefndum og sem prófdómari í Bretlandi, Frakklandi, Írlandi og Hong Kong.

*Ian Wilson is the Head of Woodwind at Eton College, the principal recorder professor at the Guildhall School of Music & Drama and is the visiting recorder specialist at the North East of Scotland Music School in his hometown of Aberdeen.*

*He studied recorder and clarinet at the Guildhall School of Music & Drama where he won the woodwind prize twice (once on each instrument) and received the Principal's Prize upon graduation. Other prizes include the Skene Award, a LASMO Staffa Music Award and the Van Wassenaer Competition's Musica Antica Prize for best individual musician.*

*As well as the recorder quartet The Flautadors, with whom he has recorded three highly acclaimed albums of British repertoire spanning over 500 years, Ian is a member of the Burney Players and regularly performs concertos with the Adderbury Ensemble.*

*He has performed as a soloist with many of Europe's period instrument orchestras including the Helsinki Baroque Orchestra, The Irish Baroque Orchestra, Arcangelo and the English Concert and has performed, recorded and broadcast with the The Sixteen, English National Opera, Early Opera Company, BBC Philharmonic Orchestra, Bournemouth Symphony Orchestra, Retrospect Ensemble and contemporary music specialists Kokoro.*

*As a chamber musician, Ian has performed at many European festivals including the Auvergne and Innsbruck Early Music Festivals, the Edinburgh Festival and the BBC Proms. Outside classical music, Ian can be heard on the latest albums by the band Paris Motel and his live performance with Vashti Bunyan on the BBC's Jools Holland show featured on the show's 15 year anniversary DVD. In 2008 his career was the subject of a documentary for the Icelandic National Broadcasting Service and in 2010, Ian had the pleasure of teaching Janet Street-Porter for the Sky Arts programme First Love.*

*In addition to his performing and teaching work Ian has worked as an adjudicator and examiner in the UK, France, Ireland and Hong Kong.*

## Hádegistónleikar Schola cantorum „Heyr himna smiður“

## Schola Cantorum Lunchtime Concert “Hear Heaven’s Maker”

Miðvikudagur 19. ágúst

kl. 12–12.30

Wednesday August 19th

12–12.30 noon

Efnisskrá/*Programme*:

Þorkell Sigurbjörnsson:
Heyr himnasmiður

Anna Þorvaldsdóttir:
Heyr þú oss himnum á

Bára Grímsdóttir: Ég vil lofa eina þá

Jón Leifs: Requiem

Gefðu að móðurmálið mitt

Gregorio Allegri: Miserere

Á þessum hálftíma löngu tónleikum flytur kammerkórinn Schola cantorum kórtónlist tveggja gjörólíkra tíma. Fyrri hluti efnisskrárinnar eru nokkur íslensk kórverk, sem kórinn hefur mikið dálæti á, en seinni hlutinn er hið margrómaða Miserere eftir ítalska tónskáldið Gregorio Allegri. Öll eiga verkin sameiginlegt að hljóma vel í ómvist Hallgrímskirkju.

*At this final Wednesday lunchtime concert of the summer, Hallgrimskirkja’s excellent chamber choir sings Icelandic choir music from two different eras. The first half of the programme consists of a few favourite, modern Icelandic pieces, the latter half of the renowned Miserere by the Italian composer Gregorio Allegri. All the pieces have one thing in common: They suit the acoustics of Hallgrimskirkja perfectly.*

Kammerkórinn Schola cantorum var stofnaður 1996 af stjórnanda kórsins, Herði Áskelssyni. Kórinn hefur jafnan verið mikilvirkur í frumflutningi tónverka eftir íslensk tónskáld og annarri samtímatónlist auk flutnings á endurreisnar- og barokktónlist.

Schola cantorum gaf út hljómdiskana Principium (1999) með tónlist 16. og 17. aldar og Heyr himna smiður (2001) sem geymir íslenska samtímatónlist. Einnig tók kórinn þátt í heildarútgáfu á verkum Jóns Leifs ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á vegum sænska útgáfufyrirtækisins BIS. Árið 2010 kom svo út verkið Hallgrímspassía eftir Sigurð Sævarsson með Schola cantorum, Caput og einsöngvurum.

Sumarið 2012 sendi kórinn frá sér hljómdiskinn Foldarskart sem inniheldur íslenskar kórperlur, ungar sem gamlar. Sama ár kom út diskurinn Flétta með samnefndu verki eftir Hauk Tómasson en ásamt Schola cantorum frumfluttu Mótettukórinn og Kammersveit Reykjavíkur verkið á Listahátíð í Reykjavík 2011. Árið 2013 gaf enska útgáfufyrirtækið Resonus Classics út disk þar sem Schola cantorum syngur kórverk eftir Hafliða Hallgrímsson frá síðustu árum.

Schola cantorum var útnefndur tónlistarhópur Reykjavíkur árið 2006. Kórinn var tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2007 og til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013 sem flytjandi ársins í sígildri og samtímatónlist.

*Schola Cantorum Reykjavik was founded in 1996 by the conductor Hordur Askelsson, cantor at Hallgrimskirkja. The choir’s repertoire is wide, ranging from renaissance to contemporary music. The choir gives regular concerts in Iceland and has also given concerts in Norway, Finland, Germany, Italy, Spain, Japan and France.*

*Schola Cantorum has participated in recordings of works by the Icelandic composer Jon Leifs (1899-1968) with the Icelandic Symphony Orchestra, as well as having recorded and performed with artists such as Bjork, Sigur Ros and Swedish experimental band Wildbirds & Peacedrums.*

*Schola Cantorum was appointed Official Music Group of the City of Reykjavík for the year 2006 and nominated for the Nordic Music Prize in 2007. In August 2013 the choir gave an impressive concert with the works of the Estonian composer Arvo Part. This outstanding performance resulted in the nomination of Schola Cantorum for the Icelandic Music Awards 2013.*

*Every summer, Schola Cantorum gives popular lunchtime summer concerts on Wednesdays in Hallgrimskirkja and has been doing so since 2009.*

# Schola cantorum

**Sópran**
Fjóla Kristín Nikulásdóttir
Kirstín Erna Blöndal
Ragnheiður Sara Grímsdóttir
Rakel Edda Guðmundsdóttir
Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir

**Alt**
Guðrún Edda Gunnarsdóttir
Hildigunnur Einarsdóttir
Lilja Dögg Gunnarsdóttir
Jóhanna Ósk Valsdóttir

**Tenór**
Björn Thorarensen
Helgi Steinar Helgason
Örn Arnarson
Þorkell Helgi Sigfússon

**Bassi**
Benedikt Ingólfsson
Fjölnir Ólafsson
Hreiðar Ingi Þorsteinsson
Sigurður Sævarsson
Sigurður Árni Jónsson



## Orgeltvenna með Olivier Latry
## Double concert with Olivier Latry

### Fimmtudagur 20. ágúst kl. 20.00 og 22.00

### Thursday August 20th 8 & 10 pm

Efnisskrá/*Programme*:

*20.00*

*Nicolas de GRIGNY (1672-1703): Hymne « Ave maris stella » :*

*- Plein-jeu*

*- Fugue*

*- Duo*

*- Dialogue sur les grands jeux*

*Vincent PAULET (fæddur/born 1962): Hymne*

*James MOBBERLEY (fæddur/born 1954): Critical mass (fyrir orgel og segulband /for organ and tape recorder)*

*Maurice DURUFLÉ (1902 – 1986): Suite opus 5:*

*-Prélude*

*-Sicilienne*

*-Toccata*

*Olivier LATRY (fæddur/born 1962): Improvisation*

*22.00*

*Igor STRAVINSKY (1882 – 1971) : Vorblót/Rite of Spring (útsetning höfundarins fyrir tvö píanó / the composer's arrangement for two pianos). Ásamt/with Shin-Young LEE*



Olivier Latry er aðal organisti Notre-Dame dómkirkjunnar í París og orgelprófessor við Parísarkonservatoríið.

Olivier var aðeins 23 ára að aldri þegar hann var hann ráðinn við þessa æðstu kirkju Frakklands árið 1985 og skaust hratt upp á stjörnuhimininn í kjölfarið. Á ferli sínum hefur hann komið fram í meira en fimmtíu löndum í fimm heimsálfum, bæði á einleikstónleikum og með hljómsveitum.

Á löngum lista útgefinna verka eru m.a. heildarorgeltónsmíðar Olivier Messiaën, gefnar út hjá Deutsche Grammophon, orgelkonsert Poulenc og 3. sinfónía Saint-Saëns sem hann lék með Sinfóníuhljómsveit Fíladelfíu undir stjórn Christoph Eschenbach og Ondine gaf út. Hann gaf síðan nýverið út tvo diska hjá franska útgefandanum Naïve, annan leikinn á pedalpíanó (piano-pédalier) Erards (1853) úr Tónlistarsafninu í París (verk eftir Boëly, Schumann, Brahms, Alkan og Liszt), hinn helgaðan forverum sínum (Trois siècles d'orgue à Notre-Dame de Paris eða Þrjár aldir orgelsins í Notre-Dame kirkjunni í París).

Olivier er handhafi „Fondation Cino et Simone Del Duca" verðlaunanna árið 2000 en hlaut einnig „Fellowship Honoris Causa" úr North and Midlands School of Music á Bretlandseyjum árið 2006 og frá Royal College of Organists árið 2007. Hann var einnig útnefndur „Interntional performer of the year" af American Guild of Organists í New York árið 2009. Í júní 2010 var hann gerður að heiðursdoktor við McGill-háskólann í Montréal og 2012 var hann útnefndur organiste émérite við Sinfóníuhljómsveit Montréal.

*Olivier Latry is the grand organist of the Notre-Dame Cathedral in Paris and a professor of the organ at the Paris Conservatory.*

*At only 23, Latry got a position at this grand cathedral of France, his new position propelling him into the international scene. He has since performed in over fifty countries in five continents, both as a soloist and with orchestras.*

*His extensive list of recordings includes the complete organ works of Olivier*
*His extensive list of recordings includes the complete organ works of Olivier*
*Messiaen, published by Deutsche Grammophon, Poulenc's organ concert and Saint-Saen's 3rd Symphony, which he performed with the Philadelphia Orchestra and director Christoph Eschenbach (Ondine). Recent CDs published under the French label Naive are one where Latry plays Erard's pedal piano (1853) from the Paris Museum of Music and another dedicated to his forerunners (Trois siècles d'orgue à Notre-Dame de Paris or Three Centurys of the Organ in the Notre-Dame of Paris).*

*Latry has been granted numerous prizes for his playing, amongst them "Fondation Cino et Simone Del Duca" in 2000, "Fellowship Honoris Causa" from North and Midlands School of Music in the UK in 2006 and from the Royal College of Organists in 2007. He was also nominated "Interntional performer of the year" by the American Guild of Organists in New York in 2009. In June 2010 he was made "Doctor Honoris Causa" at the Montréal University and organiste émérite at the Montréal Symphony Orchestra in 2012.*

Shin-Young Lee fæddist í Seoul í Suður-Kóeru og hóf nám í píanóleik aðeins fjögurra ára gömul. Sautján ára sneri hún sér að orgelleik og lauk B. Mus. gráðu frá Yonseiháskóla í Seoul hjá Dr. Tong-Soon Kwak. Framhaldsnám stundaði hún í Frakklandi undir handleiðslu Jean-Paul Impert við Schola Cantorum í París. Árið 2002 hlaut hún „Prix de Virtuosité“ og ári síðar „Diplôme de concert à l'unanimité avec félicitations du jury“.

Haustið 2003 hóf Shin-Young Lee nám við Paris Conservatoire National Supérieur de Musique (CNSMDP) og hlaut „Diplôme de Formation Supérieure“ ásamt þeim Michel Bouvard og Olivier Latry árið 2007. Hún hélt framhaldsnámi áfram við skólann til ársins 2009. Samhliða námi sínu við Parísarkonservatóríið sótti hún tíma í fúgulist og fleiru hjá Thierry Maeder og Pierre Caez, sembaltíma hjá Françoise Marmin og spuna hjá Thierry Escaich, Jean-François Zygel og Philippe Lefebvre. Þá vann Shin-Young Lee fyrstu verðlaun í orgelkeppni St. François de Sales í Lyon árið 2007 og var heiðursorganisti annarrar alþjóðlegu orgelkeppninnar í Columbus í Georgíufylki Bandaríkjanna árið 2009.

Shin-Young Lee hefur haldið einleikstónleika um gjörvallt Frakkland, víða í Evrópu sem og í Bandaríkjunum. Hún gegndi stöðu prófessors við akademíuna í Talence í Frakklandi 2008 og 2009.

*Born in Seoul, Korea, Shin-Young Lee began her musical studies on the piano at the age of four, and on the organ at the age of seventeen. She received a Bachelor of Music degree from Yonsei University in Seoul, under the direction of Dr. Tong-Soon Kwak. In France, Lee continued her studies at the Schola Cantorum of Paris with Jean-Paul Imbert. She was awarded the first "Prix de Virtuosité" in 2002, and the first "Diplome de concert à l'unanimité avec félicitations du jury" in 2003.*

*In September of 2003, Lee entered the organ class at the Paris Conservatoire National Superieur de Musique (CNSMDP) and received the Diplome de Formation Superieure in 2007 with Michel Bouvard and Olivier Latry. She then attended the post-graduate class ("cycle de perfectionnement") until June 2009. While studying organ at the Conservatoire de Paris, she also attended classes in analysis, keyboard harmony, harmony and fugue, and basso continuo with Thierry Maeder and Pierre Caez; harpsichord with Françoise Marmin; and improvisation with Thierry Escaich, Jean-François Zygel, and Philippe Lefebvre.*

*Lee won first prize at the Organ Competition of St. François de Sales of Lyon (2007) and she was laureate of the 2nd International Jordan International Organ Competition in Columbus, Georgia (2009). Lee has presented solo recitals throughout France (including international organ festivals of the Cathedral in Laon, St. Eustache in Paris, Cathedral of Sens, Notre-Dame de Paris, La Madeleine, Versailles, Poitiers, and Bordeaux) as well as in Europe and in the U.S. She was professor of organ at the academy of Talence (France) in 2008 and 2009.*






## King's Men frá Cambridge
## The King's Men: The Choral Scholars of the King's College Choir, Cambridge

Föstudagur 21. ágúst kl. 17.00 og 20.00

Friday August 21st  5pm & 8 pm

Stjórnandi / Director: Stephen Cleobury

Orgelleikur / Organ Scholar: Richard Gowers

Efnisskrá/*Programme*:

*17.00*

*'Vespers' (Evensong)*

*Introit - Tallis If ye love me*

*Responses - Tallis*

*Psalm - 84 (plainsong)*

*Mag - Dunstable Magnificat secundi toni*

*Nunc - Anon. (15th C) Nunc dimittis*

*Anthem - Tallis Suscipe queso Domine*

Messuskrá afhent við innganginn/*Special programme at the entrance.*

20.00

*Orlando de Lassus c.1530–1594: In monte oliveti*

*Thomas Tallis c. 1505–1585:*
*Lamentations of Jeremiah (Part I)*

*Johann Sebastian Bach  1685–1750:*
*Piece d'orgue,  BWV 572*

*Pelham Humfrey  1647–1674:*
*Rejoice in the Lord, O ye Righteous*

*William Byrd  1540–1623:*
*Vigilate, edited by David Fraser*

*Henry Purcell  1659–1695: Thy word is a lantern*

*Wolfgang Amadeus Mozart 1756–1791:*
*Fantasia in F minor, K 608*

*Josquin des Prez 1450/1455-1521: Inviolata*

*Thomas Tallis: Suscipe queso Domine*





In monte oliveti

*In monte Oliveti oravi ad Patrem:*

*Pater, si fieri potest, transeat a me calix iste.*

*Spiritus quidem promptus est, caro autem infirma, fiat voluntas tua.*

*On the Mount of Olives he prayed to his Father:*

*"Father, if it be possible, let this cup pass from me."*

*„The spirit indeed is willing, but the flesh is weak.Let your will be done."*

Á Olíufjallinu baðst hann fyrir: „Faðir minn, ef verða má þá fari þessi kaleikur fram hjá mér."

„Andinn er reiðubúinn en holdið veikt. Þá verði þinn vilji."

*Sbr. Matt 26.39, 41-42 og Markús 14.26*

*Lamentations of Jeremiah (Part I)*

*Incipit lamentatio Ieremiae prophetae,*

*Aleph. Quomodo sedet sola civitas plena populo! Facta est quasi vidua domina gentium; princeps provinciarum facta est sub tributo.*

*Beth. Plorans ploravit in nocte, et lacrimæ ejus in maxillis ejus: non est qui consoletur eam, ex omnibus caris ejus; omnes amici ejus spreverunt eam, et facti sunt ei inimici.*

*Ierusalem, convertere ad Dominum Deum tuum*

*From the Lamentation of Jeremiah the Prophet*

*How lonely sits the city that was full of people! How like a widow has she become, she that was great among the nations! She that was a princess among the cities has become a vassal.*

*She weeps bitterly in the night, tears on her cheeks; among all her lovers she has none to comfort her; all her friends have dealt treacherously with her, they have become her enemies.*

*Jerusalem, return to the Lord thy God.*

Úr Harmljóðunum.

Ó, hversu einmana er nú borgin sem áður var svo mannmörg, orðin eins og ekkja, sú er voldug var meðal þjóðanna, drottningin meðal héraðanna orðin kvaðarkona.

Hún grætur sáran um nætur og tárin streyma ofan vanga hennar. Af öllum ástmönnum hennar er enginn til að hugga hana. Allir vinir hennar brugðust henni, þeir eru orðnir óvinir hennar.

Jerúsalem, snú aftur til Guðs þíns.

*Harm 1. 1–2*

Rejoice in the Lord, O ye righteous

*Rejoice in the Lord, O ye righteous: for it becometh well the just to be thankful.*

*Praise the Lord with harp: sing praises unto him with the lute, and instrument of ten strings.*

*Sing unto the Lord a new song: sing praises lustily unto him with a good courage.*

*For the word of the Lord is true: and all his works are faithful.*

*Psalm 33: 1–4*

Fagnið, þér réttlátir, yfir Drottni, hreinlyndum hæfir að syngja lof.

Lofið Drottin með gígjum, leikið fyrir hann á tístrengjaða hörpu.

Syngið honum nýjan söng, sláið strengina fagurlega og hrópið af fögnuði

því að orð Drottins er áreiðanlegt og öll hans verk eru í trúfesti gerð.

Ds 33. 1–4

## Vigilate

*Vigilate, nescitis enim quando dominus domus veniat,*

*sero, an media nocte, an gallicantu, an mane.*

*Vigilate ergo, ne cum venerit repente, inveniat vos dormientes.*

*Quod autem dico vobis, omnibus dico: vigilate.*

*Mark 13. 35–37*

*Watch ye therefore for you know not when the lord of the house cometh, at even, or at midnight, or at the cock crowing, or in the morning:*

*Watch therefore, lest coming on a sudden, he find you sleeping.*

*And what I say to you, I say to all: Watch.*

Vakið því, þér vitið ekki nær húsbóndinn kemur, að kveldi, á miðnætti, í óttu eða dögun.

Látið hann ekki finna yður sofandi þegar hann kemur allt í einu.

Það sem ég segi yður, það segi ég öllum: Vakið!

## Thy word is a lantern

*Thy word is a lantern unto my feet, and a light unto my path.*

*I have sworn, and am steadfastly purposed to keep thy righteous judgements.*

*I am troubled above measure: Quicken me, O Lord, according to thy word.*

*Let the freewill offerings of my mouth please thee O Lord, and teach me thy judgements.*

*The ungodly have laid a snare for me, but yet I swerved not from thy commandments.*

*Thy testimonies have I claim'd as mine heritage for ever:*

*And why? They are the very joy of my heart. Alleluia.*

Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum.

Ég hef svarið og haldið það að varðveita þín réttlátu ákvæði.

Ég er mjög beygður, Drottinn, lát mig lífi halda eftir orði þínu.

Drottinn, tak með velþóknun við gjöfum munns míns og kenn mér ákvæði þín.

Óguðlegir hafa lagt snöru fyrir mig en ég hef ekki villst frá fyrirmælum þínum.

Fyrirmæli þín eru hlutskipti mitt um aldur því að þau gleðja hjarta mitt.

Sl 119: 105-108, 110-111

## Suscipe queso Domine

*Suscipe quaeso Domine vocem confitentis, scelera mea non defendo, peccavi: Deus miserere mei, peccavi, dele culpas meas gratia tua.*

*Si enim iniquitates recordaberis quis sustineat, quis enim iustus qui se dicere audeat sine peccato esse, nullus est enim mundus in conspectu tuo.*

*Isidore of Seville ca. 560–636*

*Accept, I beseech thee O Lord, the voice of him who confesses. My crimes I do not defend; I have sinned. O God have mercy on me; I have sinned. Do away my sins by thy grace.*

*For if thou shalt remember iniquities, who could bear it? For who is so righteous that he dare say that he is without sin? For there is no-one pure in thy sight.*

Ég bið þig, Drottinn, ljáð eyra að rödd þess sem játar syndir sínar. Ég ver ekki afbrot mín. Ég hef syndgað. Guð, ver mér miskunnsamur, ég hef syndgað, veit mér syndaaflausn af náð þinni.

Hver gæti borið það ff þú vilt minnast misgjörða? Því hver er svo syndlaus að hann þori að segja að hann sé án syndar? Því enginn er án syndar í þínum augum.

## The King’s Men

**Alt/Alto**
Patrick Dunachie
Colm Talbot
Oliver Finn
Rupert Scarratt
Isaac Jarratt-Barnham

**Tenór/Tenor**
Toby Ward
Daniel Lewis
Julius Haswell
Sebastian Johns

**Bassi/Bass**
William Geeson
Hugo Herman-Wilson
Benedict Kearns
Robin Mackworth-Young
James Jenkins
Stewart Bates

**Organisti/Organ Scholar**
Richard Gowers

**Stjórnandi/Director of Music**
Stephen Cleobury

**Umboðsaðilar / Agents:**
**Intermusica Artists’s Management Limited**
**Stephen Lumsden – Managing director**





# The King's Men

The King's Men er 18 manna karlakór, og meðlimir hans eru allir einnig söngvarar í The King's College Choir í Cambridge, sem er með allra þekktustu kórum veraldarinnar. Þar taka þeir þátt í daglegu helgihaldi kapellu skólans og tónleikahaldi kórsins í skólafríum og árvissum útsendingum um hver jól á BBC, bæði útvarpi og sjónvarpi, sem hafa átt þátt í að gera kórinn jafn þekktan í Bretlandi og raun ber vitni.

Karlakórinn King's Men hefur starfað sem sjálfstæður hópur um nokkurt skeið og hefur á þeim tíma ferðast vítt og breitt um heimsbyggðina, til Norður-Ameríku, Ástralíu og Hong Kong og um allt Bretland. Kórinn er skólakór þótt ótrúlegt sé, því allir meðlimir hans eru háskólanemar við King's College í Cambridge og leggja stund á fjölbreyttar greinar eins og ensku, eðlisfræði og guðfræði, norræn fræði, gelísku og tónlist, en allir hafa vitanlega áralanga reynslu af kórsöng og búa að víðtækri tónlistarþekkingu.

Kórinn leggur stund á mjög fjölbreytta tónlist, og stefnir m.a. að útgáfu á jass- og popplögum á árinu. Hann hefur gefið út nokkra geisladiska, m.a. Lamentations & Requiem eftir endurreisnartónskáldið Orlando Lassus, jólaplötu með fjölbreyttri tónlist allt frá fornum kirkjusöng til glænýrra laga, Carry me Home - þjóðlög frá ýmsum löndum og Vox in Rama þar sem er að finna verk eftir hollenska tónskáldið de Wert sem var uppi á 16. öld.

*The King's Men is the close harmony group formed from the Choral Scholars of the Choir of King's College, Cambridge. As Choral Scholars they follow the daily routine of Chapel services throughout term, as well as undertaking a busy concert -and recording- schedule during vacations.*

*The Choir is, of course, most famous for the broadcast of the Festival of Nine Lessons and Carols on radio each Christmas, and its companion program, Carols from King's, on BBC television.*

*The King's Men, however, functions separately from the main choir, and is run entirely by the members of the group itself. It performs regularly around Britain, and has performed as far afield as North America, Australia and Hong Kong.*

*Plans for the coming year include making a CD of modern pop and jazz songs, which will be issued on the King's College label. In addition the group will perform a number of concerts in the USA, followed by a tour of Britain in July.*



# Stephen Cleobury

Stephen Cleobury hefur í rúman aldarfjórðung verið starfandi sem tónlistarstjóri og stjórnandi við kór King's College í Cambridge, sem lengi hefur verið meðal frægustu kóra veraldar. Í King's College hefur hann leitast við að viðhalda því orðspori sem kórinn hefur og auka frægð hans enn frekar og það ætlunarverk hans hefur tekist með ágætum.

Í gegnum það starf hefur hann komist í samband við marga af þekktustu tónlistarhópum, hljómsveitum, einsöngvurum og hljóðfæraleikurum heims, eins og t.d. the Academy of Ancient Music og Fílharmóníuhljómsveit Lundúna og þannig fært út kvíarnar fyrir tilstilli starfsins við King's College og kórinn og starfið þar hefur hlotið góðs af á móti.

Cleobury hefur leitast við að víkka út þá tegund tónlistar sem kórinn flytur og hefur í því augnamiði pantað verk frá leiðandi samtímatónskáldum, aðallega fyrir árlega jóladagskrá kórsins á BBC, A Festival of Nine Lessons and Carols. Undir hans stjórn hefur kórinn verið mjög ötull við upptökur, bæði til útgáfu og til flutnings í útvarpi og sjónvarpi og hann hefur farið í fjölda tónleikaferða. Cleobury var upphafsmaður árlegrar tónlistarhátíðar um páska, Easter at King's sem er reglulega send út á BBC, og í kjölfarið hafa fylgt glæsilegar tónleikaraðir á öðrum árstímum, Concerts at King's. Eitt af því áhugaverðasta í þessari röð var bein útsending á Messíasi eftir Händel í kvikmyndahúsum víðsvegar um Evrópu og Norður-Ameríku samtímis.

Á árunum 1995-2007 var hann aðalstjórnandi BBC Singers og hefur síðan verið heiðursstjórnandi þeirra. Á þeim tíma hlaut hann mikið lof fyrir einstæðan hljóm kórsins en félagar hans eru allir starfandi einsöngvarar. Með BBC Singers flutti hann mörg mjög krefjandi samtímaverk og frumflutti mörg þeirra, þar á meðal Havoc eftir Giles Swayne, Gaia eftir Ed Cowie og Passin eftir Francis Griers, öll ásamt hinum þekkta tónlistarhóp Endymion. Hann hljóðritaði mörg verk með kórnum og gaf út á geisladiskum, meðal annars verk eftir Tippett, Richard Strauss og J.S. Bach.

Árin 1983 til 2009 var hann stjórnandi tónlistarfélags Cambridge háskóla, sem er eitt af elstu tónlistarfélögum Bretlands, og í því hlutverki stjórnaði hann mörgum hljómsveitarverkum og stórvirkjum fyrir kór og hljómsveit. Þar ber hæst Sinfóníu nr. 8 eftir Mahler sem flutt var í Royal Albert Hall og War Requiem eftir Benjamin Britten sem var flutt í Dómkirkjurústunum í Coventry þegar 50 ár voru liðin frá því kirkjan var sprengd.

Helstu upptökur sem hann hefur gert eru Quattro Pezzi Sacri eftir Verdi og Dauði Móse eftir Goehr. Á 800 ára afmælishátíð Cambridge-háskóla stjórnaði Cleobury frumflutningi á The Sorcerer's Mirror eftir Peter Maxwell Davies.

*Stephen Cleobury has for over quarter of a century been associated with one of the most famous choirs in the world, that of King's College Cambridge. His work at King's has brought him into fruitful relationships with many leading orchestras and soloists, among them the Academy of Ancient Music and the London Philharmonic Orchestra. He complements and refreshes his work in Cambridge through the many other musical activities in which he engages.*

*At King's, he has sought to maintain and enhance the reputation of the world-famous Choir, considerably broadening the daily service repertoire, commissioning new music from leading composers, principally for A Festival of Nine Lessons and Carols, and developing its activities in broadcasting, recording and touring. He has conceived and introduced the highly successful annual festival, Easter at King's, from which the BBC regularly broadcasts, and, in its wake, a series of high-profile performances throughout the year, Concerts at King's. One of the most exciting innovations in this context was the first ever live simultaneous transmission of a concert (Handel Messiah) direct to cinemas across Europe and North America.*

*Between 1995 and 2007 he was Chief Conductor of the BBC Singers and since then has been Conductor Laureate. During his time with the Singers, he was much praised for creating an integrated choral sound from this group of first-class singers, all of whom are professional soloists in their own right. With the Singers he relished the opportunity to showcase challenging contemporary music and gave a number of important premieres, including Giles Swayne Havoc, Ed Cowie Gaia, and Francis Griers Passin, all these with the distinguished ensemble, Endymion. His many recordings with BBC Singers include albums of Tippett, Richard Strauss and Bach.*

*From 1983 to 2009 he was Conductor of the Cambridge University Musical Society, one of the UK's oldest music societies, a role in which he has not only conducted many orchestral works, but most of the major works for chorus and orchestra. Highlights have included Mahler Symphony No. 8 in the Royal Albert Hall and Britten War Requiem in Coventry Cathedral on the 50th anniversary of its bombing. His recordings with CUMS include Verdi Quattro Pezzi Sacri and Goehr The death of Moses. As part of the 800th anniversary celebrations of Cambridge University he gave the premiére of The Sorcerer's Mirror by Peter Maxwell Davies.*

## Sálmafoss á Menningarnótt
## Feast of Hymns

Laugardagur 22. ágúst kl. 15.00–21.00

Saturday August 22nd 3–9 pm

Allt frá árinu 2007 hefur Listvinafélag Hallgrímskirkju staðið fyrir dagskrá á Menningarnótt undir heitinu Sálmafoss en í þetta skiptið er Sálmafossinn hluti af dagskrá Kirkjulistahátíðar í Hallgrímskirkju og býður upp á einkar glæsilega tónlist og tónlistarflutning.

Að venju verður 6 klukkutíma samfelld dagskrá í Hallgrímskirkju þar sem ýmsir kórar og organistar flytja fjölbreytta kirkjutónlist og á hverjum heilum tíma fá kirkjugestir að taka undir sálmasöng. Annað hvert ár hafa við upphaf Sálmafossins verið frumfluttir nýir sálmar eftir ýmis íslensk skáld og tónskáld, sem Tónmenntasjóður kirkjunnar hefur pantað. Þannig hafa á síðustu árum verið frumfluttir um þrjátíu nýir sálmar og eru sumir þeirra nú þegar mikið sungnir í kirkjum landsins. Í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna voru 10 konur, skáld og tónskáld, valdar til að leggja fimm nýja sálma í púkkið í ár og verða sálmarnir frumfluttir við upphaf dagskrár kl. 15.

Á meðal flytjenda á Sálmafossi 2015 eru góðir gestir frá King’s College í Cambridge á Englandi, kórinn King´s Men með stjórnanda sínum Stephen Cleobury, sem í þrjá áratugi hefur leitt hinn heimsfræga kór King’s College Choir. Í þeirra röðum eru ungur organisti sem mun leika á stóra orgelið í Hallgrímskirkju. Þá kemur einnig hingað frá Englandi kórinn Orlando Singers. Að auki koma fram íslenskir kórar og organistar: Dómkórinn, Mótettukór Hallgrímskirkju, Kór Akraneskirkju, Söngsveitin Fílharmónía, Kári Þormar, Eyþór Franzson Wechner og Jónas Þórir.

Dagskrárstjórar Sálmafossins eru Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju og Arngerður María Árnadóttir, organisti Laugarneskirkju.

Kynnir er Margrét Bóasdóttir verkefnastjóri kirkjutónlistar.

*Ever since 2007, the Hallgrimskirkja Friends of the Arts Society has arranged a special program for Reykjavik Cultural Night under the name Feast of Hymns. This year the Feast of Hymns is part of the Festival of Sacred Arts 2015 and therefore the programme is especially grand.*

*As usual, the six hour programme in Hallgrimskirkja features different choirs and organists and various religious music. Attending guests have a chance to join in singing the hymns on the hour. Every other year new Icelandic hymns have been premiered at the Feast of Hymns, some of them already having become standards in the churches of Iceland. Celebrating this year’s 100 year anniversary of women’s voting rights in Iceland, 10 women, both composers and poets, were chosen to create five new hymns. These new hymns will be premiered at the beginning of the programme at 15.00.*

*Among the performers this year are most welcome guests from King’s College in Cambridge, England; the choir King’s Men along with their conductor Stephen Cleobury who for three decades has led the world famous King’s College Choir. One of the choir members is a young organist who will be playing Hallgrimskirkja’s enormous organ. Also performing will be other welcome guests from England, the Orlando Singers and numerous Icelandic choirs and organists, among them Hallgrimskirkja’s own choir.*

*Managers of the programme are Hordur Askelsson and Arngerdur Maria Arnadottir.*

*Hosting the event is Margret Boasdottir.*

## Dagskrá Sálmafoss 2015:

Kl. 15.00 - Fimm nýir sálmar eftir tíu konur, skáld og tónskáld, frumfluttir.
Tónskáldin eru: Þóra Marteinsdóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Bára Grímsdóttir, Elín Gunnlaugsdóttir og Sóley Stefánsdóttir. Skáldin eru: Þórdís Gísladóttir, Iðunn Steinsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Guðrún Hannesdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur, stjórnandi Hörður Áskelsson.
Kl. 15.30 - Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.
Kl. 16.00 - Sálmasöngur - allir syngja með – Mótettukór Hallgrímskirkju og Hörður Áskelsson leiða.
Kl. 16.10 - King´s Men frá Cambridge syngja. Stjórnandi er Stephen Cleobury.
Kl. 16.40 - Eyþór Franzson Wechner leikur á Klais-orgelið.
Kl. 17.00 - Sálmasöngur - allir syngja með - Söngsveitin Fílharmónía leiðir.
Kl. 17.10 - Söngsveitin Fílharmónía. Stjórnandi er Magnús Ragnarsson.
Kl. 17.30 - Orlando Singers frá Bretlandi syngur undir stjórn David Everett.
Kl. 18.00 - Sálmasöngur - allir syngja með - Kór Akraneskirkju leiðir sönginn.
Kl. 18.10 – Kór Akraneskirkju syngur undir stjórn Sveins Arnars Sæmundssonar.
Kl. 18.30 – Richard Gowers, organisti úr röðum King's Men frá Cambridge leikur á Klais-orgelið.
Kl. 19.00 - Sálmasöngur - allir syngja með - Dómkórinn leiðir almennan sálmasöng.
Kl. 19.10 – Dómkórinn syngur undir stjórn Kára Þormars.
Kl. 19.40 – Kári Þormar dómorganisti leikur á Klais-orgelið.
Kl. 20.00 - King's Men frá Cambridge syngja undir stjórn Stephen Cleobury.
Kl. 20.30 - Klais og kvikmyndatónlistin- Jónas Þórir leikur þekkt stef úr kvikmyndum.
Kl. 21.00 – Dagskrárlok

## Feast of Hymns programme:

*15.00 – Premiere of five new hymns by 10 Icelandic women, composers and poets.*
*The composers: Thora Marteinsdottir, Hildigunnur Runarsdottir, Bara Grimsdottir, Elin Gunnlaugsdottir and Soley Stefansdottir. The poets: Thordis Gisladottir, Idunn Steinsdottir, Kristin Omarsdottir, Gudrun Hannesdottir and Vilborg Dagbjartsdottir.*
*The Hallgrimskirkja Motet Choir sings, conductor is Hordur Askelsson.*
*15.30 – The Hallgrimskirkja Motet Choir sings, conductor is Hordur Askelsson.*
*16.00 – Join in the hymns – The Hallgrimskirkja Motet Choir and Hordur Askelsson lead the singing.*
*16.10 – King's Men of Cambridge sing. Conductor is Stephen Cleobury.*
*16.40 – Eythor Franzson Wechner plays the Klais-organ.*
*17.00 – Join in the Hymns – Lead by the Songsveitin Filharmonia choir.*
*17.10 – Songsveitin Filharmonia choir, conductor is Magnus Ragnarsson.*
*17.30 – Orlando Singers from the United Kingdom, conductor is David Everett.*
*18.00 – Join in the Hymns – Lead by the choir of Akranes parish church.*
*18.10 – The choir of Akranes parish church sings, conductor is Sveinn Arnar Saemundsson.*
*19.00 – Join in the Hymns – Lead by the Reykjavik Cathedral Choir.*
*19.10 – The Reykjavik Cathedral Choir sings, conductor is Kari Thormar.*
*19.40 – Reykjavik Cathedral organist, Kari Thormar plays the Klais-organ.*
*20.00 – King's Men of Cambridge sing, conductor is Stephen Cleobury.*
*20.30 –Famous film music on the Klais organ. Organist Jonas Thorir plays movie themes.*
*21.00 – End of programme.*

## Bára Grímsdóttir

Bára Grímsdóttir er tónskáld, söngkona, kórstjóri og tónlistarkennari. Hún útskrifaðist úr tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík 1983 og tónfræðideild frá sama skóla 1989, fór til Hollands í framhaldsnám í tónsmíðum og lærði m.a. hjá Louis Andriessen. Hún hefur samið fjölda verka og útsett fyrir ýmsar gerðir kóra en einnig samið tónverk fyrir einleikshljóðfæri, kammerhópa og hljómsveitir. Mörg verka hennar hafa verið gefin út á geisladiskum og flutt á Íslandi og víða um heim.



## Bara Grimsdottir

*Bara Grimsdottir is a composer, singer, choir conductor and music teacher. She graduated with a degree in music education from the Reykjavík Music Academy in 1983 and with a degree in musical theory in 1989 and then moved to the Netherlands where she studied composition with Louis Andriessen and others. She has written a number of choir pieces and arrangements for different types of choirs and also works for solo instruments, chamber groups and orchestras. Many of her works have been published on CDs and performed both in Iceland and around the world.*

## Sóley Stefánsdóttir

Sóley Stefánsdóttir er 28 ára tónlistarkona úr Hafnarfirði. Hún útskrifaðist af nýmiðla- og tónsmíðabraut Listaháskóla Íslands vorið 2010. Í mars sama ár gaf hún út sína fyrstu smáskífu, Theater Island, í samstarfi við þýska plötufyrirtækið Morr Music.

Rúmu ári síðar kom út fyrsta breiðskífa Sóleyjar We Sink. Báðum plötunum var mjög vel tekið bæði hérlendis og erlendis og hlutu frábæra dóma. Sóley var tilnefnd bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2011. We Sink var tilnefnd til sömu verðlauna sem besta plata ársins 2011 og Sóley var einnig tilnefnd sem lagahöfundur ársins. We Sink fékk Kraumsverðlaunin 2011 og var tilnefnd til Norrænu tónlistarverðlaunanna sama ár. Sóley fylgdi We Sink eftir með tveggja ára tónleikaferðalagi um heiminn.



Sóley hefur tvívegis samið tónlist við leikrit. Tónlist hennar við brúðuleikritið Nýjustu fréttir var tilnefnd til Grímunnar sem tónlist ársins árið 2013.

Í vor kom út önnur breiðskífa, Sóleyjar Ask the Deep. Plötunni hefur verið mjög vel tekið og hefur hún fengið prýðis dóma bæði hérlendis og erlendis. Sóley fylgir nú plötunni eftir með tónleikaferðalögum um heiminn.

## Soley Stefansdottir

*Soley Stefansdottir is a 28-year-old musician from Hafnarfjordur. She graduated from the Icelandic Academy of the Arts in 2010. That same year she published her first single,Theater Island, with German label Morr Music.*

*A year later her first full-length album We Sink came out. Both records have received excellent reviews both at home and abroad. Soley was nominated as Newcomer of the Year and Songwriter of the Year at the Icelandic Music Awards in 2011 while We Sink was nominated as Best Album of the Year. We Sink also received the Kraumur Music Award that year and was nominated for the Nordic Music Prize. Soley toured for two years following the publishing of her record.*

*Soley has composed music for two theatre works. Her music for the puppet play Nyjustu frettir was nominated for Griman, the Icelandic Theatre Awards in 2013.*

*In July 2014 Soley's second full-length album, Ask the Deep, was published. So far it has been positively received and she is currently touring the world.*

## Þóra Marteinsdóttir

Þóra Marteinsdóttir er fædd árið 1978 og uppalin í Kópavogi. Hún hóf ung nám í píanóleik við Tónlistarskólann í Kópavogi undir handleiðslu Hrefnu Eggertsdóttur. Í maí 1998 útskrifaðist hún af tónlistarbraut Menntaskólans við Hamrahlíð og hóf nám í tónsmíðum og píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík um haustið. Þóra lauk námi fráTónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2001. Meðal kennara hennar þar voru Atli Heimir Sveinsson, Mist Þorkelsdóttir og Peter Maté. Haustið 2001 hélt Þóra í framhaldsnám í tónsmíðum og settist á skólabekk við Tónlistarháskólann í Gautaborg. Hún útskrifaðist þaðan í maí 2005. Aðalkennarar hennar þar voru Staffan Mossenmark og Ole Lützow-Holm. Að því loknu lá leiðin heim til Íslands og stundaði Þóra nám í kennslufræðum við Listaháskóla Íslands veturinn 2005–2006. Nú kennir Þóra tónmennt og tónfræði á ýmsum stöðum, stjórnar Barnakór Vatnsendaskóla auk þess að semja tónlist við ýmis tilefni.



## Thora Marteinsdottir

*Thora Marteinsdottir was born in Kopavogur in 1978. At an early age she started taking piano lessons at the Kopavogur Music School with Hrefna Eggertsdottir. In 1998 she entered the Reykjavík Conservatory of Music, studying composition and piano, graduating in 2001. Among her teachers were Atli Heimir Sveinsson, Mist Thorkelsdottir and Peter*

*Mate. Thora furthered her studies in Gothenburg, Sweden with Staffan Mossenmark and Ole Lutzow-Holm as her main teachers and graduated in 2005. Returning to Iceland, she acquired a teacher's degree in 2006 and currently teaches music and music theory in various schools, conducts the Vatnsendaskoli Children´s Choir and composes music for various occations.*

## Hildigunnur Rúnarsdóttir

Hildigunnur Rúnarsdóttir stundaði nám við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík með tónsmíðar sem aðalgrein og lauk þaðan prófi vorið 1989. Síðan nam hún tónsmíðar, hjá Günter Friedrichs í Hamborg og Svend Hvidtfelt Nielsen í Kaupmannahöfn. Hildigunnur hefur starfað mikið með ýmsum kórum, þ. á m. sönghópnum Hljómeyki. Helstu verk hennar eru barnaóperan Hnetu-Jón og gullgæsin, Blandaðir dansar fyrir hljómsveit, Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit og Messa í minningu Guðbrands Þorlákssonar fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit (tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2003). Einnig liggur eftir hana fjöldi kórverka og sönglaga og hafa verk hennar verið flutt í Bandaríkjunum, Ástralíu og Kanada. Hún var nýlega valin tónskáld mánaðarins hjá hinu virta kórsamfélagi Choralnet.org og fékk einnig Silver Platter Award frá Composers' Society hjá Choralnet. Hildigunnur starfar nú við tónsmíðar, kennslu og söng í Reykjavík ásamt því að sitja í stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar.



## Hildigunnur Runarsdottir

*Hildigunnur Runarsdottir was born in Reykjavík in 1964. She studied at the Reykjavik Conservatory of Music and graduated in 1989. Her teachers there were Thorkell Sigurbjornsson and Atli Heimir Sveinsson. From 1989 to 1992 she studied composition in Hamburg, with Professor Gunter Friedrichs, and in Copenhagen, with Svend Hvidtfelt Nielsen. Among her compositions are John and the Golden Goose, a children's opera, A Dance Cocktail, for small orchestra, a Concerto for Violin and Orchestra, Mass for choir, four soloists and orchestra, The Evening, for soprano and chamber orchestra, quite a few songs, choral works and chamber music. Hildigunnur has had her works performed around Europe, the United States, Australia and Canada. Recently she was chosen Composer of the Month at the renown choir community Choralnet.org and received the Silver Platter Award from the Composers' Society at Choralnet. Hildigunnur works as a composer, singer and teacher in Reykjavik. She is currently chairman of the board at the Iceland Music Information Centre.*

## Elín Gunnlaugsdóttir

Elín Gunnlaugsdóttir (fædd 1965) er starfandi tónskáld og tónlistarkennari á Selfossi. Hún lauk tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1987 og útskrifaðist frá sama skóla úr tónfræðadeild árið 1993, þar sem kennarar hennar í tónsmíðum voru þeir Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson og Guðmundur Hafsteinsson. Árið 1998 lauk hún framhaldsnámi frá Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag og þar voru kennarar hennar í tónsmíðum þeir Theo Loevendie og Diderik Haakma Wagenaar.

Á námsárum sínum tók hún virkan þátt í UNM-hátíðum (Ung Nordisk Musikfest) og voru verk hennar á þeim tíma flutt á fimm hátíðum í fjórum löndum. Veturinn 1995–1996 var hún valin ein af fjórum norrænum þátttakendum á tónsmíðaverkstæði Sinfóníuhljómsveitarinnar í Stafangri og sumrin 1998, 2004 og 2011 var hún staðartónskáld Sumartónleikanna í Skálholti. Verk hennar hafa verið flutt hér heima, í Evrópu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Elín hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir tónsmíðar sínar en skráð verk eftir hana eru um 40 talsins.



## Elin Gunnlaugsdottir

*Elin Gunnlaugsdottir (born in 1965) is a composer and music teacher in Selfoss. She graduated as a music teacher from the Reykjavík Conservatory of Music in 1987 and as a composer from the same school in 1993, where her teachers were Hrodmar Ingi Sigurbjornsson and Gudmundur Hafsteinsson. In 1998 she gained a post graduate degree from the Royal Conservatory of The Hague with teachers Theo Loevendie and Diderik Haakma Wagenaar.*

*During her student years Elin was an active participant in UNM-festivals (Young Nordic Musicfestivals). Elin's works were performed at five festivals in four countries. In 1995¬ she was selected to be one of four Scandinavian participants in the Stavanger Symphony Orchestra Music Workshop and in 1998, 2004 and 2011 she was named composer-in-residence of the Skalholt Summer Concerts in Iceland. Her works have been performed in Iceland, Europe, the USA and in Australia. Elin, author of around 40 works, has received a number of awards for her compositions.*

## Þórdís Gísladóttir

Þórdís Gísladóttir fæddist árið 1965. Hún er með próf í íslensku frá Háskóla Íslands og licentiat-gráðu í norrænum fræðum frá Uppsalaháskóla í Svíþjóð. Hún er rithöfundur, þýðandi og ljóðskáld sem bæði hefur samið fyrir fullorðna og börn. Þá hefur hún einnig samið námsbækur.

Þórdís hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðabókina Leyndarmál annarra árið 2010. Þórdís sendi frá sér sína aðra ljóðabók, Velúr, árið 2014. Sú bók var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna sama ár.

Ásamt starfi sínu sem rithöfundur hefur Þórdís kennt við Háskóla Íslands og Uppsala-háskóla í Svíþjóð. Einnig hefur hún skrifað um bókmenntir í norska dagblaðið Klassekampen, starfað sem gagnrýnandi og gert útvarpsþætti.

Þórdís er afkastamikill þýðandi, aðallega úr sænsku, en hún þýddi meðal annars bókina Allt er ást árið 2012 eftir Kristian Lundberg og fyrir hana var hún tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna. Þórdís þýddi líka bókina Í leyfisleysi eftir Lenu Andersson sem verður gestur Bókmenntahátíðar í ár.

Árið 2012 sendi Þórdís frá sér barnabókina Randalín og Mundi. Fyrir hana hlaut hún bæði Fjöruverðlaunin og Bóksalaverðlaunin. Ári seinna kom framhaldið, Randalín og Mundi í Leynilundi. Í haust kemur út þriðja ljóðabók Þórdísar og einnig þriðja bókin um Randalín og Munda.

## Thordis Gisladottir

*Thordis Gisladottir was born in 1965 and holds a degree in Icelandic from the University of Iceland and a licentiat-degree in Nordic Studies from the University of Uppsala, Sweden. She is a writer, translator and poet and writes both for children and grown-ups. She also has written textbooks for elementary students.*

*Thordis received the Tomas Gudmundsson prize for her poetry collection Leyndarmal annarra in 2014 and was nominated for the Icelandic Literature Prize in 2014 for her second book of poetry Velur.*



*Along with her writing, Thordis has taught at the University of Iceland and the University of Uppsala. She has also contributed opinion pieces on literature to the Norwegian newspaper Klassekampen, worked as a critic and made radio programmes. Thordis is an efficient translator, mainly translating from Swedish. For her translation of Och allt skall vara karlek by Kristian Lundberg she was nominated for the Icelandic Translation Award.*

*In 2012 the children's book Randalin og Mundi brought Thordis the Women's Literature Prize "Fjoruverdlaunin" and the Booksellers' Prize as well. Her third verse collection and the third book in the Randalin og Mundi series are due in the autumn.*

## Kristín Ómarsdóttir

Kristín Ómarsdóttir er fædd 1962 í Reykjavík. Kristín hefur jöfnum höndum fengist við ljóða- og skáldsagnagerð, smásögur og leikritun en fyrsta leikrit hennar var frumsýnt 1987. Hún hefur hlotið viðurkenningar fyrir verk sín og var skáldsagan Elskan mín, ég dey tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 1999, og leikritið Ástarsaga 3 var tilnefnt til Norrænu leikskáldaverðlaunanna.



Árið 2005 fékk hún Grímuverðlaunin fyrir leikritið Segðu mér allt. Fyrir ljóðabókina Sjáðu fegurð þína hlaut hún Fjöruverðlaunin 2008. Nýlega kom út skáldsagan Flækingurinn. Kristín býr og starfar í Reykavík.

## Kristin Omarsdottir

*Kristin Omarsdottir was born in Reykjavik in 1962. She writes both poetry and novels, short stories and stage plays, her first play was premiered in 1987. She has received recognition for her work, in 1999 a novel was nominated for the Nordic Literature Prize and one of her plays was nominated for the Nordic Playwrights' Award as well. In 2005 she received Griman Icelandic Theatre Awards for her play Segdu mer allt. For her poetry collection Sjadu fegurd thina she received the Women's Literature prize "Fjoruverdlaunin" in 2008. Kristin recently published the novel Flaekingurinn. She lives and works in Reykjavik.*

## Iðunn Steinsdóttir

Iðunn Steinsdóttir fæddist árið 1940 á Seyðisfirði. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1960 og kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1981. Iðunn kenndi við ýmsa grunnskóla en þó lengst við Laugarnesskóla. Frá 1987 hefur hún að mestu fengist við ritstörf.

Fyrsta verk Iðunnar er barnabókin Knáir krakkar sem kom út árið 1982 og síðan hefur hún sent frá sér fjölda barnabóka, meðal annars bækurnar um prakkarana Snuðru og Tuðru sem notið hafa mikilla vinsælda. Margar smásögur Iðunnar hafa birst í barnablaðinu Æskunni og hefur hún einnig samið sögur fyrir barnatíma útvarps og sjónvarps.

Iðunn hefur samið handrit að sjónvarpsmyndum og þáttaröðum fyrir börn auk handrits að fræðslumyndinni Ég veðja á Ísland sem hún samdi fyrir Námsgagnastofnun. Hún hefur skrifað fjölda námsbóka fyrir grunnskóla og einnig samdi hún barnaefni fyrir Umferðarráð.



Þá á hún fjölda söngtexta á hljómplötum, en hún hefur samið söngtexta frá unga aldri. Hún hefur einnig skrifað leikrit í samvinnu við systur sína, Kristínu Steinsdóttur rithöfund. Iðunn hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir ritstörf sín.

## Idunn Steinsdottir

*Idunn Steinsdottir was born in 1940 in Seydisfjordur in Eastern Iceland. She has a degree in teaching and was a primary school teacher for a number of*

*years. Her first children's book was published in 1982 and in 1987 she gave up teaching in order to become a full-time writer.*

*Stories by Idunn have been published in children's magazines and she has written for both radio and television. Idunn has written textbooks for elementary schools and collaborated with Umferdarrad, an organization that publishes material with the aim of teaching young children about traffic safety.*

*Idunn has written song lyrics from a young age, many of whom have been recorded and published. With her sister Kristin, who is also a writer, Idunn has written plays and throughout her career received various awards for her work.*

## Vilborg Dagbjartsdóttir

Vilborg Dagbjartsdóttir fæddist á Hjalla á Vestdalseyri árið 1930. Hún fór í leiklistarnám til Lárusar Pálssonar árið 1951 og var síðan í námshring Gunnars R. Hansens í leiklist frá 1952–1953. Vilborg lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1952 og stundaði nám í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands 1982. Hún starfaði sem rithöfundur og barnakennari í Austurbæjarskóla um árabil en er nú hætt kennslu. Eftir hana liggur fjöldi rita fyrir börn, bæði sagnabækur og námsefni, auk ljóðabóka. Hún ritstýrði Óskastundinni, barnablaði Þjóðviljans, 1956–1962 og Kompunni, barnasíðu sunnudagsblaðs sama blaðs, frá 1975–1979.

Vilborg hefur verið mikilvirkur þýðandi og starfað ötullega að málefnum barna. Hún var einn frumkvöðla að stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar og átti sæti fyrir miðju hreyfingarinnar 1970. Hún sat lengi í stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna. Hún hefur átt sæti í stjórn Stéttarfélags íslenskra barnakennara, Rithöfundafélags Íslands og Rithöfundasambands Íslands. Vilborg var í stjórn Kvikmyndaklúbbsins og Litla bíós frá 1968–1970.



Fyrsta ljóðabók Vilborgar var Laufið á trjánum sem kom út árið 1960 og var hún þá ein fárra kvenna sem skrifuðu atómljóð. Hún birti einnig ljóð í tímaritinu Birtingi og á fjölda ljóða og greina í tímaritum og safnritum. Ljóð Vilborgar hafa birst í erlendum safnritum og tímaritum á fjölda tungumála.

## Vilborg Dagbjartsdottir

*Vilborg Dagbjartsdottir was born in Seydisfjordur in Eastern Iceland in 1930. She studied drama with Larus Palsson in 1951 and with Gunnar R. Hansen from 1952–53. She graduated as a teacher in 1952 and studied library science at the University of Iceland in 1982. For years Vilborg worked as both a writer and a primary school teacher at Austurbaejarskoli but is now retired. She was the editor of Icelandic children's magazines from 1956–62 and from 1975–79.*

*Vilborg has been a productive translator and has worked tirelessly at issues concerning children, women's rights and has been a board member in the Icelandic Writer's Association.*

*Her first poetry collection was published in 1960 at which time she was one of very few women writing modernist poetry. Vilborg's poetry has been published in books and magazines in a number of languages.*

## Guðrún Hannesdóttir

Guðrún Hannesdóttir fæddist árið 1944. Hún lauk stúdentsprófi frá MR árið 1964, nam listasögu við háskólann í Lundi frá 1968-70 og lauk BA-prófi í bókasafnsfræði frá Háskóla Íslands árið 1979. Guðrún hefur síðan starfað sem bókasafnsfræðingur og hafði lengi umsjón með bókasafni Myndlistarskólans í Reykjavík.

Guðrún sendi frá sér bókina Gamlar vísur handa nýjum börnum árið 1994, en þar safnaði hún saman vísum fyrir börn og myndskreytti. Upp frá því vann hún við ritstörf og myndskreytingar eigin bóka fyrir börn meðfram bókasafnsstarfinu. Hún hefur einnig safnað alþýðukveðskap úr skriflegri og munnlegri geymd og birt í þremur bókum, ritað ljóð og greinar í tímarit og sent frá sér ljóðabækur. Guðrún hefur auk þess sýnt myndir sínar á sam- og einkasýningum hér á landi og víða erlendis.



Hún hefur hlotið verðlaun fyrir bæði skrif sín og myndskreytingar, þá helst Íslensku barnabókaverðlaunin ásamt Sigrúnu Helgadóttur árið 1996 fyrir Risann þjófótta og skyrfjallið, sem Guðrún myndskreytti; og Ljóðstaf Jóns úr Vör árið 2007 fyrir ljóðið „Offors“.

Á seinni árum hafa komið frá henni ljóðabækurnar Fléttur (2007), Staðir (2010), Teikn (2012) og Slitur úr orðabók fugla (2014). Auk þess hefur fjöldi ljóða og ljóðaþýðinga Guðrúnar birst í blöðum og tímaritum. Guðrún hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín. Hún er búsett í Reykjavík.

## Gudrun Hannesdottir

*Gudrun Hannesdottir was born in 1944. She studied art history at Lund University in Sweden and library science at the University of Iceland, graduating in 1979. Since then Gudrun has worked as a librarian and for years ran the library of the Reykjavik School of Art.*

*Between 1993 and 2003 Gudrun published nine children's books with her own illustrations, based on folktales and verses. She has also collected folk poetry from written and oral sources and published them in three books. She has exhibited her artwork both in Iceland and abroad.*

*Gudrun has been awarded for her work. Her illustrations to Sigrun Helgadottir's children's book brought her the Icelandic Children's Literature Prize in 1996. She also received an award for illustrations in a verse collection in 2007.*

*In later years Gudrun has published her own poetry and poetry translations in books and magazines. She lives in Reykjavik.*



## Dómkórinn í Reykjavík

Dómkórinn í Reykjavík var stofnaður árið 1978 af Marteini H. Friðrikssyni dómorganista. Í kórnum syngja um fimmtíu manns og hefur hann gefið út nokkra hljómdiska og haldið fjölda tónleika, bæði hér heima og erlendis, nú síðast í vor í þéttskipaðri São Domingos-kirkjunni í Lissabon.

Fjöldamörg verk hafa í gegnum tíðina verið samin fyrir kórinn, þá sérstaklega í tilefni af Tónlistardögum Dómkirkjunnar sem haldnir eru í októberlok hvers árs. Má þar nefna Magnificat eftir Hildigunni Rúnarsdóttur (2013), Davíðssálm 141 eftir Pál Ragnar Pálsson (2012) og Requiem eftir Egil Gunnarsson (2011). Að undanförnu hefur Dómkórinn einnig flutt stór sígild verk, svo sem Carmina Burana eftir Carl Orff (2014) og Requiem Mozarts (2012). Á næstu Tónlistardögum Dómkirkjunnar, þann 28. október, mun Dómkórinn flytja Mesíias eftir Händel í Hörpu.

Stjórnandi Dómkórsins frá árinu 2010 er Kári Þormar.

## The Reykjavik Cathedral Choir

*The Reykjavik Cathedral Choir was founded in 1978 by cantor Marteinn H. Fridriksson. The choir has since published several CDs and given numerous concerts, both in Iceland and abroad, most recently in Lisbon, Portugal last spring.*

*Over the years various works have been composed for the Reykjavik Cathedral Choir, mainly in connection with the Cathedral Music Days, held every autumn. Masterpieces from the choral repertoire are also regularly performed by the choir, with Handel's Messiah scheduled for October 28th this year.*

*The conductor is Kari Thormar.*

## Kór Akraneskirkju

Kór Akraneskirkju er skipaður rúmlega 50 félögum á öllum aldri. Hann hefur haldið fjölmarga tónleika á undanförnum árum auk þess að sinna söng við helgihald í Akraneskirkju. M.a. tók kórinn þátt í frumflutningi á lögum Jóns Ásgeirssonar við Passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa í Hallgrímskirkju árið 2008. Meðal annarra verkefna má nefna flutning á Missa Brevis eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, Jólaóratoríu eftir Camille Saint-Saëns, Eternal light eftir Howard Goodall, Messe bréve eftir Charles Gounod og Songs and sonnets eftir George Shearing. Ávallt hefur verið lögð áhersla á að vera með íslensk ættjarðarlög og tónlist íslenskra tónskálda á efnisskránni.

Tónlistarlegur bakgrunnur kórfélaga er mismunandi en allir hafa það að markmiði að koma saman og gleðja aðra með söng. Með það að leiðarljósi eru margir vegir færir.

## The Akranes Parish Church Choir

*The Akranes Parish Church Choir has about fifty members of all ages. As well as singing at mass in Akranes Parish Church, the choir has over the past few years given numerous concerts. For example the choir partook in the premiere of composer Jon Asgeirsson's new songs to the poet Hallgrimur Petursson's much loved 350-year-old hymns on Good Friday 2008. The choir's repertoire includes for example Hildigunnur Runarsdottir's Missa Brevis, Saint-Saens's Christmas Oratorio, Howard Goodall´s Eternal Light, Gounod´s Messe bréve and Shearings' Songs and Sonnets. There has always been an emphasis on Icelandic music in the programme.*

*Even if the members have a varied musical background and experience, it is the goal of the choir to enjoy each other's company and bring other people joy with their singing. This manifesto has often made what might have seemed impossible viable.*

## Söngsveitin Fílharmónía

Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð árið 1960 af dr. Róbert Abraham Ottóssyni og öðru áhugafólki um flutning sígildra kórverka. Á starfstíma sínum hefur kórinn átt gott samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands og komið að flutningi margra fegurstu kórverka tónbókmenntanna.

Söngsveitin Fílharmónía hefur ætíð lagt ríka áherslu á að fá í lið með sér framúrskarandi tónlistarfólk og heldur veglega haust- og vortónleika auk tónleika á aðventu. Þá hafa tónleikar kórsins milli jóla og nýárs, nú síðast í Kristskirkju, mælst vel fyrir hjá velunnurum kórsins. Söngsveitin Fílharmónía fer reglulega í tónleikaferðir og tók þátt í stóru alþjóðlegu kóramóti s.l. sumar í Llangollen í  Wales. Þar hlaut kórinn þriðju verðlaun í flokki blandaðra kóra.



Í október s.l. flutti Söngsveitin Fílharmónía hina stórfenglegu Sálumessu Brahms á tvennum tónleikum í Langholtskirkju. Óhætt er að segja að kórinn hafi uppskorið vel þar sem hann, ásamt stjórnanda sínum, var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum „Tónlistarviðburður ársins“. Einsöngvarar með kórnum á þessum tónleikum voru Kristinn Sigmundsson og Hallveig Rúnarsdóttir sem einnig var tilnefnd til verðlaunanna fyrir sinn fagra söng í Sálumessunni. Þetta er ekki amalegt veganesti fyrir alla hlutaðeigandi og hvatning til að gera áfram vel.

### The Philharmonic Choir of Iceland

*The Philharmonic Choir of Iceland was founded in 1960 by dr. Robert Abraham Ottosson along with a group of people interested in the performances of classical choir works in Iceland. Ever since then the choir has had the pleasure to work with the Icleandic Symphony Orchestra and has partaken in the performance of many of the world's most beautiful choir pieces.*

*Last October, the Philharmonic Choir sang Brahms' magnificent Requiem in two concerts at Langholtskirkja Parish Church, resulting in a nomination for The Icelandic Music Awards as "Musical Event of the Year". Soloists were bass Kristinn Sigmundsson and soprano Hallveig Runarsdottir, that also got nominated for her beautiful singing in the Requiem. The choir is proud and honored to have been nominated and determined to keep up the good work.*

### The Orlando Singers

Kammerkórinn The Orlando Singers er metnaðarfullur kór sem starfar í suður-Englandi, nánar tiltekið í Dorset-héraði. Verkefnaskráin spannar allt frá Hildegard von Bingen til frumflutnings á glænýjum verkum og hefur kórinn sungið í mörgum af helstu dómkirkjum Englands, auk kapellunnar í sjálfum Windsorkastala.

Í kórnum eru reyndir söngvarar sem hafa ástríðu fyrir vönduðum flutningi á kirkjutónlist. Auk þess að halda reglulega tónleika og syngja við helgihald hefur kórinn komið fram á útvarpsstöðinni Radio 2 og einnig í Bournemouth International Centre þar sem kórinn söng nokkur af lögum hljómsveitarinnar Queen með Konunglegu fílharmóníusveitinni og slóst síðan í lið með hljómsveitinni ELO á síðari hluta tónleikanna.

Kórinn ferðast reglulega út fyrir landsteinana og hefur farið til Möltu, Marokkó, Frakklands, Belgíu, Hollands, Grikklands, Tékklands og Litháens.

### The Orlando Singers

*Based in the middle of Dorset, with singers from as far away as Bristol and Winchester, The Orlando Singers are one of southern England's most exciting and ambitious chamber choirs. They have an extensive repertoire ranging from Hildegard von Bingen to world premieres and have performed in major churches including the cathedrals of Norwich, Canterbury, Winchester, Lincoln, York, Truro, Bristol, Gloucester, Southwark and Ely, plus Windsor Castle (St. George's Chapel), Westminster Abbey, Christchurch Priory and Sherborne Abbey.*

*The choir comprises experienced singers with a passion to perform sacred music to the highest standard. It doesn't just give concerts and sing for services: it has broadcast on Radio 2 and even appeared at the Bournemouth International Centre with the ELO where it performed a number of songs by Queen with the Royal Philharmonic Orchestra and then joined forces with ELO.*

*In addition to its regular concerts the choir goes on tour every couple of years. It has been to Malta, Morocco, France, Belgium, Holland, Greece, The Czech Republic and Lithuania.*

### Eyþór Franzson Wechner

Eyþór Franzson Wechner fæddist árið 1990 á Akranesi. Hann byrjaði að læra á píanó 7 ára gamall en skipti 14 ára yfir á orgel, í fyrstu undir leiðsögn Úlriks Ólasonar en síðar hjá Birni Steinari Sólbergssyni við Tónskóla þjóðkirkjunnar og Listaháskóla Íslands. Eftir tvö ár í Listaháskólanum hélt hann til Þýskalands. Við „Hochschule für Musik und Theater Leipzig“ lauk Eyþór Bachelor of Arts-gráðu í orgelleik árið 2012 og Master of Arts-gráðu árið 2014 við sama skóla. Helsti kennari hans í Leipzig var Stefan Engels prófessor. Meðfram náminu sótti Eyþór meistaranámskeið hjá ýmsum nafnkunnum organistum. Eyþór hefur starfað sem organisti við Kristskirkju í Landakoti, Hallgrímskirkju, Fella- og Hólakirkju og er nýráðinn organisti Blönduóskirkju. Eyþór hefur komið fram á einleikstónleikum á Íslandi og í Þýskalandi.

## Eythor Franzson Wechner

*Eythor Franzson Wechner was born in 1990 in Akranes, Iceland. He started piano lessons at the age of seven and switched to organ at fourteen, at first with Ulrik Olason but later with Bjorn Steinar Solbergsson at the National Church Music Academy and the Icelandic Academy of the Arts. After two years at the Academy of Arts, Eythor moved to Germany and finished both a B. A. and an M. A. at the "Hochschule fur Musik und Theater Leipzig". His principal teacher there was Prof. Stefan Engels, however Eythor also attended master classes with various renowned organists. He currently holds the position of organist at Blonduos Parish Church in northern Iceland and has held solo concerts both in Iceland and in Germany.*

## Jónas Þórir

Jónas Þórir (1956) byrjaði ungur að læra á fiðlu hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara en orgelið og píanóið átti hug hans og hjarta. Hann lauk tónmenntakennaranámi og nam píanóleik hjá Halldóri Haraldssyni og tón¬smíðar hjá Atla Heimi Sveinssyni.

Jónas Þórir byrjaði að læra á orgel hjá Marteini H. Friðrikssyni og síðar hjá Herði Áskelssyni og Birni Steinari Sólbergssyni. Hann lauk kantorsprófi úr Tónskóla þjóðkirkjunnar og var við nám hjá Karsten Askeland í Bergen í Noregi. Jónas Þórir er mikilvirtur undirleikari hjá söngvurum og hefur einnig samið og útsett mikið. Hann er organisti í Bústaðakirkju.

## Jonas Thorir

*At a young age Jonas Thorir (1956) started practising the violin but the organ and piano captured him. He completed music teacher training and studied the piano. His teacher was Halldor Haraldsson. He also studied composing with Atli Heimir Sveinsson.*

*Jonas Thorir first got acquainted with the organ when he studied with Marteinn H. Fridriksson and later with Hordur Askelsson and Bjorn Steinar Solbergsson. He graduated as a cantor from the National Church's Music School and furthered his studies with Karsten Askeland in Bergen, Norway. Jonas Thorir is a well sought after accompanist for soloists and he is a much used arranger of music. He is organist in Bustadakirkja Parish Church in Reykjavik.*

## Kári Þormar

Eftir píanónám hjá Jónasi Ingimundarsyni og orgelnám hjá Herði Áskelssyni hélt Kári Þormar í framhaldsnám til Þýskalands þar sem hann lauk kirkjutónlistar-námi frá Robert Schumann háskólanum í Düsseldorf með 1. einkunn.

Kári hefur haldið fjölda orgeltónleika, bæði hér heima og erlendis, þar á meðal á alþjóðlegri orgelhátíð á Álandseyjum og á alþjóðlegri tónlistarhátíð í Mühlhausen í Þýskalandi. Hann hlaut styrk úr minningarsjóði Karls Sighvatssonar árið 1997. Kári hefur verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi sem organisti, píanókennari og kórstjóri, en á þeim vettvangi var hann tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna með Kór Áskirkju fyrir geisladiskinn Það er óskaland íslenskt. Kári tók við stöðu dómorganista árið 2010.

## *Kari Thormar*

*After piano studies with Jonas Ingimundarson and organ studies with Hordur Askelsson, Kari Thormar moved to Germany graduating with a church musician's diploma from the Robert Schumann Hochschule in Dusseldorf with distinction. Hans-Dieter Moller was his organ teacher and he studied choral and orchestra conducting with Volker Hempfling.*

*Kari has given numerous organ concerts, both at home and abroad. He has performed at the Aland International Organ Festival and the International Organ Festival in Muhlhausen, Germany. He has paid particular attention to the works of the French masters, his performance of which has received critical acclaim. Kari has been very active in the Icelandic music scene as an organist, pianist and choir conductor. As a conductor he was nominated for the Icelandic Music Awards, along with the choir of Askirkja, Reykjavik, for the CD recording Thad er oskaland islenskt. In 2010 Kari was appointed organist of Reykjavik Cathedral.*



## Hátíðarmessa á Kirkjulistahátíð
## High Mass at the Festival of Sacred Arts

Sunndagur 23. ágúst kl. 11.00

Sunday August 23rd 11 am

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir þjónar fyrir altari ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur, sr. Leonard Ashford og messuþjónum. Dr. Sigurður Árni Þórðarson predikar. Tónlistarflutningur í höndum King's Men frá Cambridge, stjórnandi Stephen Cleobury.

Mótettukór Hallgrímskirkju leiðir safnaðarsöng. Stjórnandi Hörður Áskelsson. Organistinn Richard Gowers úr King's Men leikur eftirspil.

Bein útsending á Rás 1. Allir velkomnir.

*A festive mass in Hallgrimskirkja with the excellent King's Men of Cambridge performing, conducted by Stephen Cleobury. Also the Hallgrimskirkja Motet Choir, conductor Hordur Askelsson. Organist: Richard Gowers*

*All are welcome to attend.*

## Lokatónleikar með Schola Cantorum „Deo dicamus gratias“
## Final concert of the festival with Schola Cantorum “Deo Dicamus Gratias”

Sunnudagur 23. ágúst kl. 17.00

Sunday August 23rd 5 pm

Flytjendur/performers:

*Schola cantorum*

*Elísabet Waage leikur á hörpu/plays the harp*

Efnisskrá/ *Programme*:

Sigurður Sævarsson (1963): Nunc dimittis - frumflutningur/ *premiere*

Ēriks Ešenvalds (*1977): O salutaris hostia

Morten Lauridsen (*1943): O nata lux

Clemens non Papa: O Maria vernans rosa

Gregorio Allegri: Miserere

John A. Speight (1945): Missa semplice fyrir sópran, kór og hörpu frumflutningur/*Missa semplice for soprano, choir and harp – premiere*

1. Kyrie
2. Gloria
3. Credo
4. Sanctus
5. Agnus Dei

Jón Hlöðver Áskelsson (1945): Deo dicamus gratias frumflutningur/ premiere



Á þessu ári fylltu tónskáldin John A. Speight og Jón Hlöðver Áskelsson sjöunda áratuginn. Báðir hafa verið afkastamiklir á sviði kórtónlistar. Tónmenntasjóður kirkjunnar veitti þeim fyrr á þessu ári heiðursverðlaun af þessu tilefni. Með þessum lokatónleikum Kirkjulistahátíðar 2015 heiðrar Schola cantorum þessa höfunda undir yfirskriftinni „Deo dicamus gratias“, „Þökk sé Guði“, og þakkar um leið skapara lífsins fyrir tónlistina sem tónskáldin hafa borið fram.

Aðalverk tónleikanna er ný messa eftir John A. Speight, sem hann kallar Missa semplice, kannski mætti þýða það „einföld messa“. Tónskáldið vill með titlinum vísa til þess að tónmálið sé aðgengilegt, einfalt. Textinn er hinn hefðbundni messutexti á latínu. Verkið er skrifað fyrir sópran einsöng, kór og hörpu. Í flutningi Schola cantorum er einsöngshlutverkinu skipt á milli sópransöngkvenna kórsins.

Lokaverkið Deo dicamus gratias skrifaði Jón Hlöðver í gleði og þakklæti fyrir heiðursverðlaun Tónmenntasjóðsins. Í upphafi tónleikanna frumflytur Schola cantorum verkið Nunc dimittis eftir tónskáldið og kórfélagann Sigurð Sævarsson.

Að auki flytur kórinn fjögur úrvalsverk á latínu, tvö samtímaverk og tvö verk frá endurreisnartímanum. Telja má víst að kórverkið Miserere eftir Georgio Allegri sé á meðal þeirra kórverka sem mestrar hylli njóta. Dulúðin í kringum þetta verk, einkaréttur Sixtínsku kapellunnar á verkinu og afreksverk Mozarts þegar hann ritaði það upp eftir að hafa heyrt það flutt einu sinni, eru unnendum kórtónlistar vel þekkt.

*This year the Icelandic composers John A. Speight and Jon Hlodver Askelsson both turned seventy. Both have been productive choir music composers. Earlier this year, The National Church Music Fund granted them honorary awards. In this final concert of the Festival of Sacred Arts, Schola Cantorum honours these composers under the title “Deo dicamus gratias”, “The Lord be Thanked” and at the same time offers gratitude to the Creator of Life for the music the composers have made.*

*The main piece of the concert is a new mass by John A. Speight, Missa Semplice, which can be translated as “simple mass”. By choosing this title, the composer wants to express the simplicity and accessability of the musical style. The words are those of the traditional Latin mass. The piece is written for a soprano solist, choir and harp. Schola Cantorum divides the solo between the sopranos in the choir.*

*Jon Hlodver wrote his Deo dicamus gratias, the final piece of the concert, in joy and gratitude over his award. The first piece of the concert is yet another premiere: Nunc Dimittis by the composer Sigurdur Saevarsson, who also is a member of the choir.*

*Additionally, the choir sings four outstanding works in Latin, two contemporary ones and two from the Renaissance era. Miserere by Georgio Allegri is certainly among the most popular choir pieces. The mystique surrounding it, the Sistine Chapel's private ownership of the work and Mozart's feat writing it down after only hearing it once, all this is well known to the world's lovers of choir music.*



 

Nunc dimittis

*Nunc dimittis servum tuum Domine, secundum verbum tuum in pace:*
*quia viderunt oculi mei salutare tuum,*
*quod parasti ante faciem omnium populorum:*
*lumen ad revelationem gentium, et gloriam plebis tuæ Israël.*
*Gloria Patri, et Filio, et Spiritui Sancto,*
*Sicut erat in principio, et nunc, et semper, et in saecula saeculorum.*
*Amen.*

Nú lætur þú, Drottinn, þjón þinn í friði fara, eins og þú hefur heitið mér,
því að augu mín hafa séð hjálpræði þitt,
sem þú hefur fyrirbúið í augsýn allra lýða,
ljós til opinberunar heiðingjum og til vegsemdar lýð þínum Ísrael.
Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda.
Svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.
Lúkas 2. 29-32

O salutaris hostia

*O salutaris Hostia,*
*quae coeli pandis ostium:*
*bella premunt hostilia,*
*da robur, fer auxilium.*
*Uni trinoque Domino*
*sit sempiterna gloria,*
*qui vitam sine termino*
*nobis donet in patria.*
*Amen.*

Ó, (Kristur) fórn hjálpræðisins
sem opnar hlið himnanna upp á gátt
(þegar) hið illa sækir að,
þá gef kraft og veit hjálp.
Einn Guð og þrennur
þér sé lof að eilífu.
Gef oss í ríki þínu
líf án enda.
Amen.

O nata lux

*O nata lux de lumine,*
*Jesu redemptor saeculi,*
*dignare clemens supplicum*
*laudes precesque sumere.*
*Qui carne quondam contegi*
*dignatus es pro perditis,*
*nos membra confer effici*
*tui beati corporis.*

*Ó, ljós sem fætt er af ljósi,*
*Jesú, endurlausnari heimsins,*
*virstu í mildi þinni að taka við*
*lofi og bænamálum þeirra sem leita á náðir þínar.*
*Þú sem eitt sinn klæddist holdi*
*fyrir sakir þeirra sem glataðir eru,*
*gjör að vér megum verða limir*
*á þínum sæla líkama.*

O Maria vernans rosa

*O Maria, vernans rosa,*
*Porta coeli speciosa,*
*Clarior sideribus,*
*Me bugerna, me supporta,*
*Me defende, me conforta*
*Ne vincar ab hostibus.*
*Amen.*

Ó, María, blómstrandi rós,
fagurt himinshlið
skærri en stjörnurnar,
stjórna mér, hjálpa mér,
vernda mig, hugga mig,
að ég verði ekki fyrir óvinunum.
Amen.

Miserere

*Miserere mei, Deus, secundum magnam misericordiam tuam.*
*Et secundum multitudinem miserationum tuarum, dele iniquitatem meam.*
*Amplius lava me ab iniquitate mea, et a peccato meo munda me.*
*Quoniam iniquitatem meam ego cognosco; et peccatum meum contra me est semper.*

*Tibi soli peccavi, et malum coram te feci, ut justificeris in sermonibus tuis et vincas cum judicaris.*
*Ecce enim in iniquitatibus conceptus sum; et in peccatis concepit me mater mea.*
*Ecce enim veritatem dilexisti, i ncerta et occulta sapientiæ tuæ manifestasti mihi.*

*Asperges me hyssopo et mundabor; lavabis me et super nivem dealbabor.*

*Auditui meo dabis gaudium et lætitiam et exultabunt ossa humiliata.*
*Averte faciem tuam a peccatis meis; et omnes iniquitatis meas dele.*
*Cor mundum crea in me, Deus, et spiritum rectum innova in visceribus meis.*
*Nu projicias me a facie tua: et spiritum sanctum tuum ne auferas a me.*
*Redde mihi lætitiam salutaris tui, et spiritu principali confirma me.*
*Docebo iniquos vias tuas; et impii ad te convertentur.*

*Libera me de sanquinibus, Deus salutis meæ, et exultabit lingua mea justitiam tuam.*
*Domine labia mea aperies; et os meum annuntiabit laudem tuam.*
*Quoniam si voluisses sacrificium, dedissem utique, holocaustis non delectaberis.*
*Sacrificium Deo spiritus contribulatus; cor contritum et humiliatum Deus non despicies.*

*Benigne fac, Domine, in bona voluntate tua Sion, ut ædificentur muri Jerusalem.*
*Tunc acceptabis sacrificium justitiæ, oblationes et holocausta. Tunc imponent super altare tuum vitulos.*

Guð, vertu mér náðugur sakir elsku þinnar, afmá brot mín sakir þinnar miklu miskunnsemi.
Þvo mig hreinan af misgjörð minni, hreinsa mig af synd minni.
Ég þekki sjálfur afbrot mín og synd mín stendur mér stöðugt fyrir hugskotssjónum.

Gegn þér einum hef ég syndgað og gert það sem illt er í augum þínum. Því ert þú réttlátur er þú talar, hreinn er þú dæmir.
Sjá, sekur er ég fæddur, syndugur er móðir mín ól mig.
Þú hefur þóknun á hreinskilni hið innra og í fylgsnum hjartans kennir þú mér visku.

Hreinsa mig með ísóp af synd minni, þvo mig svo að ég verði hvítari en mjöll.

Lát mig heyra fögnuð og gleði, lát kætast beinin sem þú hefur sundur marið.
Snú augliti þínu frá syndum mínum og afmá allar misgjörðir mínar.
Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð, og veit mér nýjan, stöðugan anda.
Varpa mér ekki burt frá augliti þínu og tak ekki þinn heilaga anda frá mér.
Veit mér aftur fögnuð þíns hjálpræðis og styð mig með fúsleiks anda.
Þá mun ég vísa brotlegum vegu þína svo að syndarar hverfi aftur til þín.

Frelsa mig frá blóðskuld, Drottinn, Guð hjálpræðis míns, að tunga mín fagni yfir réttlæti þínu.
Drottinn, opna varir mínar að munnur minn kunngjöri lof þitt.
Þú hefur ekki þóknun á sláturfórnum og færi ég þér brennifórn tekur þú ekki við henni.
Guði þekkar fórnir eru sundurmarinn andi. Sundurmarið og sundurkramið hjarta munt þú, ó Guð, eigi fyrirlíta.

Ger vel við Síon sakir náðar þinnar, reis múra Jerúsalem.
Þá munt þú þóknun hafa á réttum fórnum, á brennifórn og alfórn, þá verða naut lögð á altari þitt.
Ds. 51

**Messe simplice**
Kyrie

*Kyrie eleison.*
*Christe eleison.*
*Kyrie eleison.*

Drottinn, miskunna oss.
Kristur, miskunna oss.
Drottinn, miskunna oss.

## Gloria

*Gloria in excelsis Deo. Et in terra pax hominibus bonae voluntatis. Laudamus te. Benedicimus te. Adoramus te. Glorificamus te. Gratias agimus tibi propter magnam gloriam tuam. Domine Deus, Rex coelestis, Deus Pater omnipotens. Domine Fili unigenite, Jesu Christe. Domine Deus, Agnus Dei, Filius Patris. Qui tollis peccata mundi, miserere nobis. Qui tollis peccata mundi, suscipe deprecationem nostram. Qui sedes ad dexteram Patris, miserere nobis. Quoniam tu solus Sanctus. Tu solus Dominus. Tu solus Altissimus, Jesu Christe. Cum Sancto Spiritu in gloria Dei Patris. Amen.*

Dýrð sé Guði í upphæðum. Og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnunum.
Vér lofum þig, vér göfgum þig, vér dýrkum þig, vér tignum þig. Þakkir færum vér þér sakir mikillar dýrðar þinnar, Drottinn Guð, himneski konungur, Guð faðir, almáttugur. Drottinn, Guðs einkasonur, Jesús Kristur, og heilagur andi. Drottinn Guð, lamb Guðs, sonur föðurins.
Þú sem burt ber syndir heimsins, miskunna þú oss, þú sem burt ber syndir heimsins, heyr vora auðmjúku bæn, þú sem situr við hægri hönd föðurins, miskunna þú oss. Því að þú einn ert hinn heilagi, þú einn ert Drottinn, þú einn ert hinn hæsti, Jesús Kristur með heilögum anda í dýrð guðs föður. Amen.

## Credo

*Credo in unum Deum, Patrem omnipotentem, factorem coeli et terrae, visibilium omnium et invisibilium.*
*Et in unum Dominum Jesum Christum, Filium Dei unigenitum. Et ex Patre natum ante omnia saecula. Deum de Deo, lumen de lumine, Deum verum de Deo vero. Genitum, non factum, consubstantialem Patri: per quem omnia facta sunt. Qui propter nos homines, et propter nostram salutem descendit de coelis. Et incarnatus est de Spiritu Sancto ex Maria Virgine. Et homo factus est. Crucifixus etiam pro nobis: sub Pontio Pilato passus, et sepultus est.*
*Et resurrexit tertia die, secundum Scripturas. Et ascendit in coelum: Sedet ad dexteram Patris et iterum venturus est cum gloria, judicare vivos et mortuos: cujus regni non erit finis.*
*Et in Spiritum Sanctum, Dominum, et vivifi-cantem: Qui ex Patre Filioque procedit. Qui cum Patre et Filio simul adoratur et conglori-ficatur: qui locutus est per Prophetas.*
*Et unam sanctam catholicam et apostolicam Ecclesiam. Confiteor unum baptisma in remissionem peccatorum. Et expecto resurrectionem* mortuorum. Et vitam venturi saeculi. Amen.

Ég trúi á einn Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar, alls hins sýnilega og ósýnilega.
Og á einn Drottin, Jesú Krist, Guðs einkason, sem er af föðurnum fæddur frá eilífð, Guð af Guði, ljós af ljósi, sannur Guð af Guði sönnum, fæddur eigi gjörður samur föðurnum. Fyrir hann er allt skapað. Vegna vor mannanna og vorrar sáluhjálpar steig hann niður af himni, klæddist holdi fyrir heilagan anda af Maríu meyju og gjörðist maður. Hann var og krossfestur fyrir oss á dögum Pontíusar Pílatusar, píndur og grafinn.
Hann reis upp á þriðja degi samkvæmt ritningunum og steig upp til himna, situr við hægri hönd föðurins og mun aftur koma í dýrð að dæma lifendur og dauða. Á ríki hans mun enginn endir verða.
Og á heilagan anda, Drottin og lífgjafann, sem út gengur af föður og syni og með föður og syni er tilbeðinn og ávallt dýrkaður og mælti af munni spámannanna.
Og á eina, heilaga, almenna og postullega kirkju. Ég játa, að ein sé skírn til fyrirgefningar syndanna og vænti upprisu dauðra og lífs hinnar komandi aldar.
Amen.

## Sanctus

*Sanctus, Sanctus, Sanctus, Dominus, Deus Sabaoth. Pleni sunt coeli et terra gloria tua. Hosanna in excelsis. Benedictus, qui venit in nomine Domini. Hosanna in excelsis.*

Heilagur, heilagur, heilagur ert þú Drottinn. Guð allsherjar. Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósíanna í upphæðum. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins. Hósíanna í upphæðum.

## Agnus Dei

*Agnus Dei, qui tollis peccata mundi: miserere nobis.*
*Agnus Dei, qui tollis peccata mundi: miserere nobis.*
*Agnus Dei, qui tollis peccata mundi: dona nobis pacem.*

Guðs lamb, sem burt ber heimsins syndir, miskunna oss.
Guðs lamb, sem burt ber heimsins syndir, miskunna oss.
Guðs lamb, sem burt ber heimsins syndir, gef oss þinn frið.

## **Deo dicamus gratias**

*Deo Dicamus Gratias.*
Þökk sé Guði



Inga Rós Ingólfsdóttir hefur verið fastráðinn sellóleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1982. Hún lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1976 og stundaði síðan nám hjá Johannes Goritzki við Robert Schumann Institut í Düsseldorf 1976-81, þar sem hún lauk einleikaraprófi.

Inga Rós hefur komið fram á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um heim, m.a. í Þýskalandi, Englandi, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Eistlandi, Litháen, Frakklandi, Austurríki, Belgíu, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Bandaríkjunum, Japan og Kína. Hún hefur leikið í sjónvarpi og á fjölda geisladiska og tekið þátt í frumflutningi íslenskra tónverka, bæði sem einleikari og kammerflytjandi, einkum með Kammersveit Reykjavíkur, þ.s. hún var leiðandi sellóleikari um margra ára skeið. Inga Rós hefur einnig haldið fjölda tónleika með eiginmanni sínum Herði Áskelssyni orgelleikara, bæði hérlendis sem erlendis.

Inga Rós hefur verið mjög virk í félagsmálum, m.a. sem formaður Félags íslenskra tónlistarmanna, í stjórn Bandalags íslenskra listamanna og Nordisk Solistråd auk þess að vera í fulltrúaráði Listahátíðar í Reykjavík. Hún sat í stjórn Kammersveitar Reykjavíkur um árabil og var í listanefnd fyrir Kristnitökuhátíðina árið 2000. Einnig hefur hún gegnt ýmsum trúnaðar- og nefndarstörfum fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Inga Rós hefur verið framkvæmdastjóri Kirkjulistahátíðar frá árinu 2000 og einnig verið mjög virk sem framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju frá 2003.

Hún hefur komið mörgum nýjungum í kring í blómlegu starfi félagsins, en á vegum Listvinafélagsins og Kirkjulistahátíðar hefur hún stýrt yfir sex hundruð listviðburðum. Auk starfa sinna við hið fjölþætta og gróskumikla listalíf Hallgrímskirkju gegnir hún nú hálfu starfi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Inga Rós stýrir nú Kirkjulistahátíð sem verkefna- og framkvæmdastjóri í sjöunda sinn.

*Inga Ros Ingolfsdottir is born into a very musical family in Reykjavik. She began studying the violin at the age of 8 but switched to the cello at the age of 14. She studied at the Reykjavik College of Music, completing her soloist's diploma in 1976. Her further studies were at the Robert Schumann Institut Dusseldorf, where she studied with Prof. Johannes Goritzki 1976-1981, completing her soloist degree 1981.*

*Ingolfsdóttir has held permanent seat as cellist in the Iceland Symphony Orchestra since 1982. Inga Ros has been very active as chamber music player with the Reykjavik Chamber Orchestra and the Reykjavik String Quartet. As chamber musician Inga Rós has performed in many countries i.e. Japan, China, England, Scotland, Norway, Lithuania, Germany, Portugal, Spain, Sweden, Finland, Belgium and Italy and has toured the United States twice with ISO. Inga Ros has also been an active performer of modern music and has premiered a number of works by Icelandic composers.*

*Inga Ros Ingolfsdóttir has directed the Festival of Sacred Arts since in the year 2000 and is now at the helm of her seventh Festival. Over the last 12 years she has also been very active as director of the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society and has brought many innovations to the Society's thriving work.*

*With her husband Hordur Askelsson, organist of Hallgrimskirkja, Inga Ros has given numerous concerts both in Iceland and abroad.*

Sigríður Ásta Árnadóttir er textílhönnuður, ritstjóri og menningarmiðlari að mennt en naut auk þess langrar skólagöngu í sígildri tónlist. Hún hefur starfað sjálfstætt sem textíllistamaður og einnig sem blaðamaður, rithöfundur, ritstjóri og skipuleggjandi menningarviðburða. Sigríður hefur gefið út tvær frumsamdar bækur, Húsráðakver frú Kitschfríðar (2011) og Litfríður –heklað, prjónað og endurskapað (2012) og meðal annars ritstýrt matreislubókum. Þá rak hún um árabil verslunina Kirsuberjatréð við Vesturgötu ásamt hópi listakvenna.

Sigríður hefur um langt skeið sungið með Mótettukór Hallgrímskirkju og auk þess stofnað, leikið á harmóniku og sungið í tveimur heimstónlistarhljómsveitum,



Varsjárbandalaginu og Mandólín, en þær hafa báðar verið virkar í tónleikahaldi og haldið reglulega tónleika á Kaffi Rósenberg og víðar og komið fram á Þjóðlagahátíð á Siglufirði. Varsjárbandalagið gaf árið 2011 úr plötuna Russian Bride þar sem meðal annars var frumsamin tónlist eftir Sigríði.

*Sigridur Asta Arnadottir has a B. A. in Textile design, a Master's degree in Editing and in Applied Cultural Studies. She also enjoyed many years of classical music education. She has worked independently as a textile artist, journalist, writer, editor and an organizer of cultural events. Sigridur has written two books, one of them about recycled textiles featuring her own designs, the other a humorous household handbook. Her editing work includes cookbooks. For years she ran a renowned gallery in central Reykjavik along with a group of women artists.*

*Sigridur has been a member of the Hallgrimskirkja Motet Choir for quite some time and is also the accordionist and singer of two world music bands that she founded. Both bands have been rather active, giving regular live concerts and have been selected to perform at the Siglufjordur Folk Music Festival in northern Iceland. In 2011, her band Varsjarbandalagid (The Warsaw Pact) published a CD including a few of Sigridur´s compositions.*








## Undirbúningshópur Kirkjulistahátíðar 2015
## Advisory Board of the Festival of Sacred Arts 2015

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi
Inga Rós Ingólfsdóttir sellóleikari, verkefna- og framkvæmdastjóri
Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju
Sigurður Sævarsson tónskáld formaður
Tuomo Suni fiðluleikari
Guðrún Hrund Harðardóttir víóluleikari
Ian Wilson blokkflautuleikari
Halla Steinunn Stefánsdóttir fiðluleikari

Dr. Sigurður Árni Þórðarson sóknarprestur
Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Þórhallur Vilhjálmsson
Halldór Hauksson
Margrét Bóasdóttir
Arngerður María Árnadóttir
Guðmundur Vignir Karlsson
Atli Freyr Steinþórsson
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson

Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Sara Elísabet Svansdóttir
Snorri Sigurðsson
Fjölnir Ólafsson
Thelma Hrönn Steinþórsdóttir
Helgi Þorgils Friðjónsson
Jónanna Björnsdóttir
Benedikt Ingólfsson

## Sérstakar þakkir fá/Special thanks to

Hallgrímskirkja
Mótettukór Hallgrímskirkju
Listvinafélag Hallgrímskirkju
Schola cantorum
Menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar
Biskup Íslands
Kirkjumálasjóður
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra
Tónmenntasjóður kirkjunnar
Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins
Hollenska sendiráðið
Þýska sendiráðið
Franska sendiráðið-Alliance francaise
Skálholtskirkja
Laugarneskirkja

SEEDS sjálfboðaliðar
Blómaval
Búningadeild Íslensku óperunnar
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson
Sigríður Ásta Árnadóttir
Erla Elín Hansdóttir
Nanna Gunnarsdóttir
Atli Freyr Steinþórsson
Halldór Hauksson
Erlingur Þórsson
Kristján E. Gunnarsson
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Sara Elísabet Svansdóttir
Snorri Sigurðsson
Ingvar Jón Bates

Guðrún Hrund Harðardóttir
Tuomo Suni
Ian Wilson
Halla Steinunn Stefánsdóttir
Þórhallur Vilhjálmsson
Lilja Hjaltadóttir og Kristinn Örn Kristinsson
Auður Perla Sveinsdóttir
Kristín Bergsdóttir og Einar Baldvin Pálsson
Guðmundur Vignir Karlsson
Ingibjörg Björnsdóttir
Þórhallur Vilhjálmsson
Alexandra Kjeld
Ólöf Benediktsdóttir
Nanna Guinnarsdóttir
Oktavía Ágústsdóttir

**Kirkjulistahátíð Hallgrímskirkju / Festival of Sacred Arts**
Skólavörðuholti - 101 Reykjavík - sími: 510 1000
*www.kirkjulistahatid.is, hallgrimskirkja.is*
**Miðasala:** Hallgrímskirkja, opið 9-21 alla daga, sími: 510 1000, **MIDI.IS**
**Tickets:** Hallgrimskirkja, open daily 9 am–21 pm, Tlf. 510-1000, midi.is

**Kaffihús kirkjulistahátíðar** er í suðursal kirkjunnar á meðan á hátíðinni stendur. Ilmandi veitingar og antikbollastell skapa hlýja stemmningu, en kaffihúsið er rekið til fjáröflunar fyrir hátíðina.
**Festival fundraising café in the Church during the Festival.**
Freshly brewed coffee and fragrant pastries on antique china for the right festival atmosphere.

**Listrænn stjórnandi / Artistic director:** Hörður Áskelsson, hask@hallgrimskirkja,.is, s. 693 6690
**Framkvæmdastjóri / Manager:** Inga Rós Ingólfsdóttir, ingaros@hallgrimskirkja.is, s. 696 2849
**Umsjón með textavinnu / Copy editor:** Sigríður Ásta Árnadóttir, siggasta@internet.is, s. 698 6774
**Hönnun / Design:** Hafsteinn Sv. Hafsteinsson

**Styrktaraðilar / Sponsors:** Reykjavíkurborg, Hallgrímskirkja, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, Kirkjumálasjóður, Hollenska sendiráðið í Osló, Þýska sendiráðið á Íslandi, Tónlistarsjóður, Laugarneskirkja, SEEDS sjálfboðaliðasamtök, ENNEMM, Litróf, Gunnar Eggertsson, „Room with a view", Menningarnæturpottur Landsbankans, Sýningakerfi, Antikbúðin Hamraborg o.fl.

**KIRKJULISTAHATID.IS**

Gunnar Eggertsson

Reykjavíkurborg

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Liberté • Égalité • Fraternité
RÉPUBLIQUE FRANÇAISE
AMBASSADE DE FRANCE EN ISLANDE

Kingdom of the Netherlands

Embassy of the Federal Republic of Germany Reykjavík

Seeds
Volunteering for Iceland